VEGAGERÐIN

# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013









**Mars 2015**

## Myndir á forsíðu

1.1 Starfsmenn þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Hafnarfirði að störfum við vegamót Hringvegar (1) og Hvalfjarðarvegar (47), 9. júlí 2013.

1.2 Landvegur (26), Galtalækjarskógur - Þjófafossvegur, endurbygging og klæðing, 23. júlí 2013.

2.1 Krossnesviti við Grundarfjörð, starfsmenn vitadeildar í viðhaldsvinnu, 23. júní 2013.

2.2 Snjóalög í Fljótum, 17. apríl 2013.

## 1. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2013

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.
Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 680269-2899

Mars 2015

Ritstjóri: Rögnvaldur Gunnarsson

Ábyrgðarmaður: Hreinn Haraldsson

Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Ljósmyndir: Starfsfólk Vegagerðarinnar

Prentun: Oddi

# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Reykjavík, mars 2015

# Efnisyfirlit

Kaflanúmer vísa í samsvarandi liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar
um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 5 á bls. 10


| Efnisyfirlit | bls. |
|---|---|
| Nýja Vegagerðin tekur til starfa 1. júlí 2013, athöfn í Þjóðmenningarhúsi | 4 |
| Formáli vegamálastjóra | 5 |
| 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar | 7 |
| 4.1 Fjármál | 7 |
| I Áætlun um fjáröflum | 7 |
| 4.1.1 Tekjur og framlög | 7 |
| Bifreiðaeign | 7 |
| Bensíngjald | 8 |
| Kílómetragjald | 8 |
| Olíugjald | 9 |
| Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða | 8 |
| Vitagjald | 8 |
| Ríkisframlag | 8 |
| Framlög til jarðganga | 9 |
| Sértekjur | 9 |
| Fjáraukalög | 9 |
| Sameining samgöngustofnana | 9 |
| 4.1.2 Viðskiptahreyfingar | 11 |
| II Skipting útgjalda | 11 |
| Framlag borið saman við fyrri ár | 11 |
| Verðlagsforsendur og afkoma 2013 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála | 12 |
| 4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar | 12 |
| Starfsmannahald | 12 |
| Yfirstjórn | 13 |
| Vaktstöð siglinga | 13 |
| Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi | 13 |
| Hafnir, líkantilraunir og grunnkort | 14 |
| Upplýsingaþjónusta | 14 |
| Umferðareftirlit | 15 |
| Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna | 15 |
| 4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald | 16 |
| 4.1.4.1 Þjónusta | 16 |
| Viðhald vegmerkinga | 16 |
| Samningar við sveitarfélög | 17 |
| Viðhaldssvæði | 17 |
| Vetrarviðhald | 17 |
| 4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa | 19 |
| Ferjur | 19 |
| Sérleyfi á landi | 19 |
| 4.1.4.3 Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu | 19 |
| 4.1.4.4 Styrkir til innanlandsflugs | 19 |
| 4.1.4.5 Rannsóknir | 20 |
| 4.1.4.6 Viðhald | 21 |
| Viðhald bundinna slitlaga | 24 |
| Viðhald malarvega | 24 |
| Styrkingar og endurbætur | 24 |
| Brýr og varnargarðar | 25 |
| Umferðaröryggi | 25 |
| Veggöng | 25 |

| Efniryfirlit | bls. |
|---|---|
| Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 25 |
| Viðhald girðinga | 25 |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 25 |
| Minjar og saga | 25 |
| 4.1.5 Stofnkostnaður | 26 |
| Fjárveitingar til stofnkostnaðar | 26 |
| Stofnkostnaður / framkvæmdir | 26 |
| Girðingar | 26 |
| Landsvegir utan stofnvegakerfis | 26 |
| Héraðsvegir | 27 |
| Styrkvegir | 27 |
| Reiðvegir | 27 |
| Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður | 28 |
| Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2013 | 29 |
| Suðursvæði | 29 |
| Vestursvæði | 38 |
| Norðursvæði | 43 |
| Austursvæði | 47 |
| Sameiginleg verkefni | 50 |
| Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2013 | 51 |
| Hafnarframkvæmdir | 51 |
| Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir | 51 |
| Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir | 55 |
| Ferjubryggjur | 56 |
| Sjóvarnargarðar | 56 |
| Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða | 57 |
| Fylgiskjal 4 Umhverfismál | 58 |
| Fylgiskjal 5 Ársreikningur 2013 | 59 |
| Staðfesting ársreiknings | 59 |
| Áritun endurskoðenda | 60 |
| Skýringar | 61 |

| Töflur | bls. |
|---|---|
| Tafla 1 Tekjur og framlög (4.1.1.) | 6 |
| Tafla 2 Bifreiðaeign | 7 |
| Tafla 3 Bensín | 8 |
| Tafla 4 Flutningur fjárheimilda vegna sameiningar stofnana | 9 |
| Tafla 5 Skipting útgjalda | 10 |
| Tafla 6 Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar | 12 |
| Tafla 7 Skipting kostnaðar við almenna þjónustu | 16 |
| Tafla 8 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald | 17 |
| Tafla 9 Kostnaður við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum árið 2013 | 18 |
| Tafla 10 Kostnaður við ferjur 2013 | 19 |
| Tafla 11 Rannsóknarverkefni 2013 | 20 |
| Tafla 12 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi | 21 |
| Tafla 13 Lengd vega með bundnu slitlagi | 21 |
| Tafla 14 Hlutfall vega með bundnu slitlagi | 21 |
| Tafla 15 Skipting viðhaldskostnaðar | 22 |

| Töflur | bls. |
|---|---|
| Tafla 16 Viðhald bundinna slitlaga | 24 |
| Tafla 17 Viðhald malarvega | 24 |
| Tafla 18 Vinnsla efnis | 24 |
| Tafla 19 Styrkingar | 24 |
| Tafla 20 Landsvegir utan stofnvegakerfis | 26 |
| Tafla 21 Héraðsvegir | 26 |
| Tafla 22 Styrkvegir | 26 |
| Tafla 23 Girðingar | 26 |
| Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði | 37 |
| Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði | 42 |
| Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði | 46 |
| Tafla Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði | 49 |
| Tafla a. Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. | 51 |
| Tafla I. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2013 | 53 |
| Tafla II. Verk við hafnaframkvæmdir sem lauk árið 2013 á meðalverðlagi 2013 | 54 |
| Tafla b. Faxaflóahafnir, fjárfestingakostnaður skipt á málaflokka | 55 |
| Tafla c. Faxaflóahafnir, fjárfestingakostnaður skipt á hafnarsvæði | 55 |
| Tafla d. Hafnasamlag Norðurlands | 56 |

| Töflur | bls. |
|---|---|
| Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir 2013 | 56 |
| Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 2013 | 57 |
| Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2013 | 57 |
| Tafla VI. Úthlutanir B-deildar Hafnabótasjóðs 2013 | 57 |
| Tafla VII. Fjárveitingar til sjóvarna 2013 (fjárlagaliður 06-661 (6.80) með fjárveitingum ársins og ónotuðum fjárheimildum í upphafi árs) | 57 |
| Tafla, Rekstrarreikningur árið 2013 | 59 |
| Tafla, Efnahagsreikningur 31. desember 2013 | 60 |
| Tafla, Sjóðstreymi árið 2013 | 61 |
| **Súlurit** | **bls.** |
| Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar | 11 |
| Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu | 11 |
| Súlurit 3 Fjárheimildir til almennrar þjónustu | 16 |
| Súlurit 4 Kostnaður við almennra þjónustu | 17 |
| Súlurit 5 Fjárheimildir til vetrarviðhalds | 18 |
| Súlurit 6 Kostnaður við vetrarviðhald | 18 |
| Súlurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári | 22 |
| Súlurit 8 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega | 23 |
| Súlurit 9 Kostnaður við viðhald þjóðvega | 23 |
| Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar | 27 |
| **Línurit** | **bls.** |
| Línurit 1 Þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1996 | 22 |





*Norðausturvegur (85), vegamót við Hringveg (1) hjá Háreks-staðaleið, vígsludagur 23. október 2013.*



*Fundur vegamálastjóra með starfsfólki gömlu Vegagerðar-innar í Kaldalóni, Hörpu, 4. maí 2013.*



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

## Nýja Vegagerðin tekur til starfa 1. júlí 2013, athöfn í Þjóðmenningarhúsi



*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.*



*Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins.*



*Gunnar Gunnarsson staðgengill forstjóra nýju Vegagerðarinnar (vegamálastjóra).*



*Hermann Guðjónsson forstjóri Samgöngustofu sem einnig tók til starfa þennan dag.*



*Nokkrir starfsmenn Vegagerðarinnar í Hafnarfirði voru viðstaddir athöfnina í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.*



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

## Formáli vegamálastjóra



*Hreinn Haraldsson vegamálastjóri á svæðisfundi Vestursvæðis 3. október 2013.*

Þann 30. nóvember 2012 samþykkti Alþingi lög um sameiningu stofnana á samgöngusviði. Öll megin verkefni Vegagerðarinnar og framkvæmdahluta Siglingastofnunar voru sameinuð undir merkjum nýrrar stofnunar; Vegagerðin - framkvæmdastofnun samgöngumála. Nýja stofnunin tók til starfa 1. júlí 2013.

Í lögum um Vegagerðina kemur fram að árlega skuli stofnunin birta skýrslu um starfsemi sína. Skýrsla um starfsemina 2013 kemur út fyrst nú snemma árs 2015 þar eð nýja stofnunin starfaði aðeins síðari hluta ársins en fyrri hlutann voru verkefnin í tveimur aðskildum stofnunum. Einkum var vandasamt að fara í gegnum og gera grein fyrir fjármálum og bókhaldi og hnýta alla lausa enda hvað það varðar.

Markmið samruna stofnananna var einkum að efla faglegan ávinning og auka rekstrarlega hagræðingu. Það er mitt mat að sameiningin sem slík hafi gengið ákaflega vel fyrir sig, enda hafa starfsmenn unnið að henni með opnum og jákvæðum huga og gert allt sem unnt er til að sníða af alla hnökra og vinna í sátt við nýtt samstarfsfólk og oft breytt umhverfi. Það mun hins vegar taka lengri tíma þar til séð verður hvort upphafleg markmið með samrunanum ná fram að ganga.

Heildar fjárveitingar til vegamála árið 2013 voru um 20 milljarðar og um 740 m.kr. til hafnarframkvæmda. Fjárheimildirnar hafa heldur aukist frá því sem þær voru lægstar á árunum eftir efnahagshrun. Ekki hefur þó verið unnt að ráðast í allar framkvæmdir sem settar höfðu verið á samgönguáætlun auk þess sem fjármagn til viðhalds og þjónustu hefur dregist töluvert saman.

Lokið var við eitt stórverkefni árið 2013, Norðausturveg, tenging Vopnafjarðar, og fór formleg vígsla fram 23. október það ár. Þá hófst vinna við tvenn jarðgöng 2013. Þann 12. júlí var fyrsta sprenging í Vaðlaheiðargöngum og þann 14. nóvember í Norðfjarðargöngum. Þetta eru stærstu og fjárfrekustu verkefni í vegagerð sem standa yfir þessi árin.

Efnislega svipar þessi skýrsla að flestu leyti til skýrslu sem gamla Vegagerðin gaf út um framkvæmd samgönguáætlunar hvers árs og samsvarandi efni siglingasviðs Siglingastofnunar. Útliti og framsetningu hefur hins vegar verið breytt. Væntanlega mun þessi útgáfa þróast á næstu árum og ný efnistök verða að veruleika.

Skýrsla ársins 2013 er 1. ársskýrsla nýju Vegagerðarinnar og vonandi mun hún koma að góðu gagni.

*Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri*



*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sprengir fyrstu sprengingu í Vaðlaheiðargöngum 12. júlí 2013.*



*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra opnar formlega nýjan Norðausturveg (85) frá Hringvegi til Vopnafjarðar 23. október 2013. Vegamálastjóri er til aðstoðar og á myndinni eru einnig Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður.*



*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sprengir fyrstu sprengingu í Norðfjarðargöngum 14. nóvember 2013.*

Tafla 1 *Tekjur og framlög (4.1.1.)*

| | | Fjár lög m.kr. | Fjár auka lög m.kr. | Milli færslur m.kr. | Samtals fjár veitinar m.kr. | Raun tekjur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-651 Vegagerðin | | | | | | |
| 1.1 | Markaðar tekjur | | | | | |
| | 1. Bensíngjald | 7.567 | -267 | | 7.300 | 7.195 |
| | 2. Þungaskattur, km-gjald | 760 | 10 | | 770 | 722 |
| | 3. Olíugjald | 7.016 | -16 | | 7.000 | 7.136 |
| | 4. Leyfisgjöld flutninga | 4 | -4 | 2 | 2 | 4 |
| | 5. Leyfisgjöld leigubifreiða | 6 | -6 | 3 | 3 | 4 |
| | 6. Vitagjald | 0 | 256 | -132 | 124 | 139 |
| | Markaðar tekjur alls | 15.353 | -27 | -127 | 15.199 | 15.200 |
| 1.2 | Ríkisframlag | | | | | |
| | Framlag til innanlandsflugs | 338 | | | 338 | 338 |
| | Framlag til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu | 996 | | | 996 | 996 |
| | Framlag til nýsmíði Vestmannaeyjaferju | 463 | -363 | | 100 | 100 |
| | Fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar | 2.500 | -600 | | 1.900 | 1.900 |
| | Framlag til göngubrúar yfir Markarfljót | 45 | | | 45 | 45 |
| 1.3 | Framlög til jarðganga | 0 | 0 | | 0 | 0 |
| 1.4 | Önnur framlög | 0 | 144 | -67 | 77 | 77 |
| | Framlag úr ríkissjóði alls | 4.342 | -819 | -67 | 3.456 | 3.456 |
| 1.5 | Sértekjur | | | | | |
| | Sértekjur rekstrardeilda (1.07) | 180 | | | 180 | 180 |
| | Sértekjur rekstrar Landeyjahafnar (1.41) | | 10 | -5 | | |
| | Sértekjur siglingasviðs (1.01) | | 205 | -102 | 103 | 108 |
| | Sértekjur alls | 180 | 215 | -107 | 283 | 288 |
| | Tekjur og framlög alls | 19.875 | -631 | -301 | 18.938 | 18.944 |
| 4.1.2 Viðskiptahreyfingar | | | | | | |
| | 1. Afskriftir markaðra tekna | 75 | | | 75 | 75 |
| | 2. Fyrirframráðstöfun markaðra tekna | 13 | 959 | | 972 | 883 |
| | Viðskiptahreyfingar alls | 88 | 959 | | 1.047 | 958 |
| | Fjárlög og fjáraukalög samtals | 19.963 | 328 | -301 | 19.985 | 19.902 |
| 06-662 Hafnarframkvæmdir | | | | | | |
| 1.2 | Ríkisframlag | | | | | |
| | Framlag til almenns rekstrar | 13 | | | 13 | |
| | Framlag til Hafnabótasjóðs | 212 | | | 212 | |
| | Framlag til Landeyjahafnar | 510 | | | 510 | |
| | Framlag til ferjubryggja | 3 | | | 3 | |
| | | 738 | 0 | 0 | 738 | |





# 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Þann 1. júlí 2013 gengu í gildi ný lög um Vegagerðina, nr. 120/2012, lög um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála. Við lagabreytingu sameinust Vegagerðin og siglingasvið Siglingstofnunar, en verkefni umferðareftirlits og leyfisveitinga, sem voru innan Vegagerðarinnar, voru flutt til nýrrar stofnunar, Samgöngustofu. Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2013 byggist á fjárlögum fyrir árið 2013 ásamt þeim breytingum sem gerðar voru með fjáraukalögum og millifærslum fjárveitinga vegna lagabreytinganna.

## 4.1 Fjármál

### I Áætlun um fjáröflum

Samkvæmt fjárlögum 2013 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 15.343 m.kr. auk 10 m.kr. tekna af leyfisgjöldum. Í fjáraukalögum var þessi tekjuspá lækkuð um 273 m.kr. Þannig að tekjuspáin hljóðaði upp á 15.070 m.kr. Rauntekjur voru hins vegar 15.288 m.kr. Fjármálaráðuneytið hafði gert ráð fyrir 13 m.kr. fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna, en reyndin varð 972 m.kr. Svokölluð skuld við ríkissjóð vegna fyrirframráðstöfunar markaðra tekna hækkaði því enn og stóð í árslok í 17,7 milljörðum króna. Ástæðan fyrir þessari skuld er að gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa í mörg ár ekki verið hækkaðar í takt við verðlag. Ef gjaldskrár hefðu verið hækkaðar í takt við byggingarvísitölu m.v. grunnpunkt í ársbyrjun 2005 hefðu markaðar tekjur á árinu 2013 skilað 22,6 milljörðum króna en ekki 15,3 milljörðum. Fjármálaráðuneytið sér um tillögur til breytinga á gjaldskrá markaðra tekjustofna Vegagerðarinnar.

Við sameiningu samgöngustofnana 1. júlí 2013 komu fjárveitingafærslur bæði á fjáraukalögum og einnig með millifærslum við uppgjör. Vitagjald er nýr markaður tekjustofn sem við sameininguna bætist við hjá Vegagerðinni en á móti fara tekjur af leyfisgjöldum yfir til Samgöngustofu.

Bein framlög úr ríkissjóði á árinu 2013 voru eftirfarandi: Framlag til innanlandsflugs 338 m.kr., framlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 996 m.kr., framlag til nýsmíði á Vestmannaeyjaferju 100 m.kr. (upphaflega 463 m.kr. en lækkað um 363 m.kr.), framlag til göngubrúar yfir Markarfljót 45 m.kr., framlag vegna fjárfestingaráætlunar ríkisstjórnarinnar 1.900 m.kr. (upphaflega 2.500 m.kr. en lækkað um 600 m.kr.) og loks framlag vegna rekstrar þess hluta Siglingastofnunar, sem sameinaðist Vegagerðinni 77 m.kr. (fyrir hálft ár). Sameinuð Vegagerð mun einnig sjá um fjárlaganúmerið 06-662 Hafnarframkvæmdir, en rekstur þess hefur verið sjálfstæður. Hafnarframkvæmdir fengu beint framlag úr ríkissjóði á árinu 2013, alls 738 m.kr. Þar af fóru 212 m.kr. til verkefna Hafnabótasjóðs og 510 m.kr. til Landeyjahafnar.

## 4.1.1 Tekjur og framlög

### Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 7.267 á árinu 2013. Á árinu 2012 voru nýskráðar fólksbifreiðir 7.896 þannig að nýskráningum fækkaði um 8% milli ára. Nýskráðar hópferðabifreiðir voru 79 á árinu 2013 á móti 68 árið áður og nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 680 á móti 540 árið áður. Nýskráð voru 61 mótorhjól, en þau voru 127 árið áður.

Bifreiðaeign landsmanna er farin að aukast á ný. Í lok árs 2013 voru 245.949 bifreiðir á skrá, sem var um 1,4% fjölgun frá árinu áður. Enn vantar töluvert upp á að endurnýjun bifreiðaflotans sé orðin eðlileg.



*Hafnarfjarðarvegur (40).*

Tafla 2 *Bifreiðaeign.*

| | Bifreiða-eign 31.12.2011 | Nettó aukning í % | Bifreiða eign 31.12.2012 | Nettó aukning í % | Bifreiða eign 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðir | 206.112 | 1,92% | 210.070 | 1,45% | 213.113 |
| Hópferðabifreiðir | 1.972 | 5,68% | 2.084 | 4,56% | 2.179 |
| Vöru- og sendibifreiðir | 30.209 | 0,43% | 30.338 | 1,05% | 30.657 |
| Samtals: | 238.293 | 1,76% | 242.492 | 1,43% | 245.949 |

Tafla 3 *Bensín.*

| Bensínsala Ár | m.l. | Bensín-bifreiðir fjöldi | Meðal-eyðsla lítrar á bifreið | Verð á lítra 31.12. 95 oct. | 98 oct. | Bensíngjald Blýlaust |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2003 | 194,0 | 156.019 | 1.259 | 99,9 | 104,6 | 28,60 |
| 2004 | 196,8 | 163.294 | 1.233 | 104,6 | 105,4 | 30,89 |
| 2005 | 200,3 | 171.740 | 1.196 | 113,3 | 118,9 | 30,89/32,95 |
| 2006 | 210,5 | 177.156 | 1.207 | 117,7 | 119,3 | 32,95 |
| 2007 | 219,1 | 181.938 | 1.220 | 137,9 | 140,5 | 32,95 |
| 2008 | 207,4 | 180.977 | 1.143 | 146,4 | 168,0 | 32,95 |
| 2009 | 208,5 | 176.040 | 1.168 | 194,8 | 194,8 | 37,07 |
| 2010 | 196,2 | 174.692 | 1.119 | 215,7 | 219,7 | 37,07 |
| 2011 | 185,0 | 173.604 | 1.062 | 238,4 | 242,4 | 38,55 |
| 2012 | 189,3 | 173.137 | 1.092 | 252,8 | 256,8 | 39,51 |
| 2013 | 182,1 | 172.186 | 1.055 | 247,7 | 299,4 | 39,51 |



## Bensíngjald

Bensínsala árið 2013 nam 182,1 milljónum lítra og er það minnkun um 7,2 milljónir lítra frá árinu á undan. Samkvæmt tölum frá Fjársýslunni voru innheimtar markaðar tekjur af bensíngjaldi 7.195 m.kr. eða 282 m.kr. minni en árið áður. Þrátt fyrir aukningu í bifreiðaflotanum fækkar bensínbifreiðum. Díselbifreiðum fjölgar hins vegar svo og bifreiðum, sem nota aðra orkugjafa, en þess má geta að bifreiðir, sem nota aðra orkugjafa en bensín eða díselolíu eru langflestar undanþegnar því að greiða fyrir afnot af vegakerfinu, með tímabundnum undanþágum í lögum. Bensíngjald var óbreytt frá árinu á undan þ.e. 39,55 kr./l. Töluvert vantar upp á að bensíngjald hafi haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Ef bensíngjald hefði fylgt byggingarvísitölu frá árinu 2005 hefði það átt að vera 54,88 kr./l á árinu 2013.

Í ársbyrjun kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 252,80 krónur. Verðið fór hæst í 277,30 krónur í febrúar, en fór síðan hægt lækkandi, með sveiflum þó, og endaði í árslok í 245,70 krónum

## Kílómetragjald

Á árinu voru innheimtar tekjur af kílómetragjaldi 722 m.kr. en tekjuspá fjárlaga hafði gert ráð fyrir 760 m.kr. Kílómetragjald er lagt á akstur bifreiða, sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga og einnig á festi- og tengivagna. Á árinu 2013 var gjald fyrir bíl í léttasta flokki, þ.e. 10-11 tonn 0,28 kr./km. Gjaldið fer stig hækkandi og var hæsta gjald 12,68 kr./km í flokki bifreiða, sem eru 31 tonn og yfir að leyfðum heildarþunga. Gjaldskrá þungaskatts var síðast hækkuð 1. janúar 2012.

## Olíugjald

Innheimta tekna af olíugjaldi var 7.136 m.kr. á árinu 2013 sem er 120 m.kr. meira en gert var ráð fyrir í tekjuspá fjárlaga. Út frá innheimtutölum má reikna með að salan hafi numið 130,8 milljónum lítra. Olíugjaldið er 54,88 kr./l og hefur verið það frá 1. janúar 2011. Töluvert vantar á að olíugjald hafi haldið verðgildi sínu frá því það var innleitt í stað þungaskatts 1. júlí 2005. Ef það hefði fylgt byggingarvísitölu hefði það átt að vera 77,51 kr./l á árinu 2013.

## Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða

Vegagerðin innheimti leyfisgjöld fram til 1. júlí 2013, en frá þeim tíma sér Samgöngustofa um leyfisveitingarnar og fær tekjur af þeim. Innheimta leyfisgjalda vegna flutninga hjá Vegagerðinni þetta hálfa árið var 4,4 m.kr. og vegna leigubifreiða 4,2 m.kr.

## Vitagjald

Vitagjald varð frá 1. júlí 2013 einn af mörkuðum tekjustofnum sameinaðrar Vegagerðar. Vitagjald skal greiða af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu og skal það standa undir rekstri og framkvæmdum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum um vitamál. Gjaldið er miðað við brúttótonnatölu skipa og er 136,62 kr. af hverju brúttótonni. Gjaldið var síðast hækkað 1. janúar 2012. Tekjufærsla vitagjalds fyrir tímabilið júlí-september 2013 var 139 m.kr. en fyrir allt árið var hún 291,8 m.kr., sem var heldur meira en tekjuspá fjárlaga gerði ráð fyrir.

## Ríkisframlag

Ríkisframlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu var 996 m.kr. og vegna styrkja til innanlandsflugs 338 m.kr. Framlag til nýsmíði Vestmannaeyjaferju var samkvæmt fjárlögum 463 m.kr. en var lækkað í 100 m.kr. á fjáraukalögum. Framlag vegna fjárfestingaráætlunar ríkisstjórnarinnar var samkvæmt fjárlögum 2.500 m.kr. en var lækkað í 1.900 m.kr. á fjáraukalögum. Framlag til göngubrúar yfir Markarfljót var 45 m.kr. Önnur bein ríkisframlög voru 77 m.kr. og voru einkum vegna rekstrar þess hluta Siglingastofnunar, sem sameinaðist Vegagerðinni. Ríkisframlag alls til Vegagerðarinnar var því 3.456 m.kr. Hafnarframkvæmdir eru alfarið fjármagnaðar með ríkisframlagi. Framlagið á árinu 2013 var 738 m.kr.



*Svörtuloftaviti á Snæfellsnesi. 1. júní 2013.*



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

## Framlög til jarðganga

Engin sérstök framlög voru til jarðganga á árinu 2013, en hafist var handa við Norðfjarðargöng fyrir hluta þess fjármagns, sem var á fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar.

## Sértekjur

Þegar fjárlagaliður 1.05 „Umdæmi og rekstrardeildir“ var sameinaður lið 1.07 „Þjónustu“ voru áætlaðar sértekjur 180 m.kr. settar inn í fjárlög á þjónustuliðinn. Sá hluti Siglingastofnunar, sem sameinaðist Vegagerðinni er að töluverðum hluta fjármagnaður af sértekjum og voru þær áætlaðar 102 m.kr. fyrir hálft árið 2013. Rekstur Landeyjahafnar er sömuleiðis fjármagnaður af sértekjum sem voru áætlaðar 5 m.kr. fyrir hálft árið 2013.



*Aðalstöðvar Vegagerðarinnar Borgartúni 7 í Reykjavík.*



*Aðalstöðvar Siglingastofnunar voru við Vesturvör í Kópavogi.*

## Fjáraukalög

Á fjáraukalögum var 1.200 m.kr. bætt við þjónustuna til að mæta halla frá fyrra ári. Á móti var viðhaldið lækkað um 500 m.kr. Fjárveiting til fjárfestingaráætlunar ríkisstjórnarinnar var lækkuð um 600 m.kr. og nýframkvæmdir voru lækkaðar um 120 m.kr. til viðbótar vegna hlutafjáraukningar ríkissjóðs í Vaðlaheiðargöngum hf. Á móti kom síðan 100 m.kr. framlag til undirbúnings jarðgangagerðar undir Húsavíkurhöfða. Nýframkvæmdaliðurinn lækkaði því nettó um 620 m.kr. á fjáraukalögum. Framlag til nýsmíði Vestmannaeyjaferju var auk þessa lækkað um 363,2 m.kr. á fjáraukalögum.

Ýmsar tilfærslur voru gerðar á fjáraukalögum og með millifærslum í uppgjöri vegna sameiningar samgöngustofnana. Þeirra verður getið hér á eftir.

## Sameining samgöngustofnana

Þann 1. júlí 2013 voru Vegagerðin, Siglingastofnun, Flugmálastjórn og Umferðarstofa sameinaðar í tvær nýjar stofnanir; Vegagerðina og Samgöngustofu. Flugmálastjórn og Umferðarstofna runnu í heilu lagi inn í Samgöngustofnu. Siglingastofnun var skipt upp, verkefni, sem sneru að hafna- og vitamálum fóru til Vegagerðarinnar, en stjórnsýsluverkefni til Samgöngustofu. Verkefni Vegagerðarinnar fóru að mestu yfir í nýju Vegagerðina ef undan eru skilin umferðareftirlit og leyfisveitingar. Tafla 4 sýnir flutning fjárheimilda sem var gerður hjá Vegagerðinni vegna sameiningarinnar, bæði á fjáraukalögum, með millifærslum og flutningi höfuðstóls.

VEGAGERÐIN

SIGLINGASTOFNUN

Tafla 4 *Flutningur fjárheimilda vegna sameiningar stofnana.*

| 06-651 Vegagerðin | Fjáraukalög og millifærslur | Flutningur höfuðstóls | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1.01 Almennur rekstur | -25,7 | 28,1 | 2,4 |
| Vaktstöð siglinga | 143,0 | 0,0 | 143,0 |
| 1.41 Rekstur Landeyjahafnar | 0,0 | -0,9 | -0,9 |
| 6.51 Orkuskipti í skipum | 5,0 | 23,7 | 28,7 |
| 6.60 Vitabyggingar | 14,3 | 25,3 | 39,6 |
| 6.80 Sjóvarnargarðar | 53,1 | 49,6 | 102,7 |
| Samtals | 189,7 | 125,8 | 315,5 |
| Sértekjur hafa verið nettaðar út | | | |

Tafla 5 *Skipting útgjalda.*

| | Fjárhæðir eru í m.kr | Veg-áætlun 2013 | Fjár-lög 2013 | Fjár-aukalög 2013 | Milli-færslur 2013 | Fjár-veitngar 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4.1.3 | Rekstur Vegagerðarinnar | | | | | |
| | 1.01 Almennur rekstur | | 478,0 | -54,5 | 28,8 | 452,3 |
| | Vaktstöð siglinga | | | 286,1 | -143,1 | 143,0 |
| | 1.02 Umsýslugjald | | 81,0 | | | 81,0 |
| 4.1.4 | Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald. | | | | | |
| | 1.07 Þjónusta | | 3.300,0 | 1.200,0 | 0,0 | 4.500,0 |
| | Viðhald vegmerkinga | 920,0 | | | | |
| | Samningar við sveitarfélög | 220,0 | | | | |
| | Viðhaldssvæði | 460,0 | | | | |
| | Vetrarviðhald | 1.700,0 | | | | |
| | 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa | | 1.495,0 | 0,0 | 0,0 | 1.495,0 |
| | 1.12 Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu | | 996,0 | 0,0 | 0,0 | 996,0 |
| | 1.13 Styrkir til innanlandsflugs | | 338,0 | 0,0 | 0,0 | 338,0 |
| | 1.21 Rannsóknir | | 148,0 | 0,0 | 0,0 | 148,0 |
| | 1.41 Rekstur Landeyjahafnar | | | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| | 5.10 Viðhald | | 5.000,0 | -500,0 | 12,0 | 4.512,0 |
| | Viðhald bundinna slitlaga | 2.250,0 | | | | |
| | Viðhald malarvega | 780,0 | | | | |
| | Styrkingar og endurbætur | 870,0 | | | | |
| | Veggöng | 140,0 | | | | |
| | Brýr og varnargarðar | 355,0 | | | | |
| | Umferðaröryggi | 375,0 | | | | |
| | Vatnaskemmdir | 125,0 | | | | |
| | Viðhald girðinga | 70,0 | | | | |
| | Frágangur gamalla efnisnáma | 30,0 | | | | |
| | Minjar og saga | 5,0 | | | | |
| 4.1.5 | Stofnkostnaður | | | | | |
| | 6.10 Framkvæmdir | | | | | |
| | Stofn- og tengivegakerfi | | 6.956,0 | -620,0 | 0,0 | 6.336,0 |
| | Almenn verkefni | 4.446,0 | | | | |
| | Tengivegir - bundið slitlag | 900,0 | | | | |
| | Breikkun brúa | 200,0 | | | | |
| | Jarðgöng | 1.210,0 | | | | |
| | Öryggisaðgerðir í jarðgöngum | 200,0 | | | | |
| | Annað en stofn- og tengivegir | | 453,0 | 0,0 | 0,0 | 453,0 |
| | Héraðsvegir | 80,0 | | | | |
| | Landsvegir utan stofnvegakerfis | 100,0 | | | | |
| | Styrkvegir | 50,0 | | | | |
| | Reiðvegir | 60,0 | | | | |
| | Smábrýr | 38,0 | | | | |
| | Girðingar | 60,0 | | | | |
| | Samgöngurannsóknir | 20,0 | | | | |
| | Göngubrú yfir Markarfljót | 45,0 | | | | |
| | 6.51 Orkuskipti í skipum | | 0,0 | 30,0 | -25,0 | 5,0 |
| | 6.60 Vitabyggingar | | 0,0 | 28,5 | -14,2 | 14,3 |
| | 6.80 Sjóvarnargarðar | | 0,0 | 106,2 | -53,1 | 53,1 |
| | 6.81 Vestmannaeyjaferja | | 463,2 | -363,2 | 0,0 | 100,0 |
| | Afskriftir markaðra tekna | | 75,0 | 0,0 | 0,0 | 75,0 |
| | Samtals: | | 19.783,2 | 113,1 | -194,6 | 19.701,7 |





## 4.1.2 Viðskiptahreyfingar

Á árinu var gert ráð fyrir 75 m.kr. gjaldaheimild vegna afskrifta af álögðum mörkuðum tekjum. Samkvæmt fjárlögum áttu markaðar tekjur og framlög því sem næst að stemma við útgjöld. Reyndin varð hins vegar sú eftir hinar ýmsu hrókeringar að fyrirframráðstöfun markaðra tekna (eins og það er túlkað af fjármálaráðuneytinu) varð tæpar 990 m.kr. og skuldar því vegasjóður nú ríkissjóði 17.707 m.kr. Ástæða þessarar skuldar er að gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa ekki verið hækkaðar í takt við verðlag.

### II Skipting útgjalda

Í töflu 5 er sýnd skipting fjárveitinga til stofnunar 06-651 Vegagerðarinnar á árinu 2013. Vegáætlun fyrir 2013 var ekki samþykkt, en útgjaldatala fjárlaga var 19.783,2 m.kr. Á fjáraukalögum var 1.200 m.kr. bætt við vetrarþjónustuna en þar af komu 500 m.kr. frá viðhaldi. Á móti voru nýframkvæmdir skertar um 620 m.kr. og ný Vestmannaeyjaferja um 363,2 m.kr. Vegna sameiningar stofnana komu færslur bæði á fjáraukalögum og með millifærslum.

Heildarfjárveiting ársins endaði í 19.701,7 m.kr.

### Framlag borið saman við fyrri ár

Í súluriti 1 kemur fram framlag til Vegagerðarinnar í m.kr. árin 2003 til 2013 á verðlagi ársins 2013 og í súluriti 2 má sjá framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 2003-2013.

Við sameiningu Vegagerðarinnar og siglingasviðs Siglingastofnunar, þann 1. júlí 2013, og flutning verkefna umferðareftirlits og leyfisveitinga, sem áður voru innan Vegagerðarinnar og flutt til nýrrar stofnunar, Samgöngustofu voru gerðar breytingar með fjáraukalögum og millifærslum. Við það hækkaði framlag til hinnar nýju stofnunnar, Vegagerðin, framkvæmdastofnun samgöngumála, fyrir árið 2013 og varð þá alls 19.702 m.kr.




Súlurit 1
*Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2013.*




Súlurit 2
*Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.*

### Verðlagsforsendur og afkoma 2013 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Hækkun byggingarvísitölu milli áranna 2012 og 2013 var 3,5%. Sala á bensíni hefur heldur dregist saman en sala á díselolíu aukist. Gjaldskrár markaðra tekjustofna hafa ekki haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Afleiðingin er skert innkoma og minnkandi kaupmáttur tekna af mörkuðum tekjustofnum. Bein ríkisframlög hafa heldur aukist, en þær viðbætur renna annars vegar til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar til Norðfjarðarganga. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar á árinu 2013 voru 19.702 m.kr. en voru 17.192 m.kr. á árinu 2012. Tölurnar eru ekki sambærilegar þar sem búið er að sameina stofnanir og breyta verkefnum. Fjárveitingar til vegagerðar eru enn í mikilli lægð.

## 4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Fjárveiting til almenns rekstrar í fjárlögum 2013 var 478 m.kr. Með tilfærslum við sameiningu stofnana var sú tala komin í 595,3 m.kr. Þess ber þó að gæta að innifalið í þeim rekstri sem kom frá Siglingastofnun er samningur um vaktstöð siglinga 143 m.kr. fyrir hálft árið 2013 og viðhald vita sem kostaði 66,5 m.kr. á tímabilinu júlí-desember 2013. Stór hluti almenns rekstrar eftir sameiningu er síðan fjármagnaður með sértekjum, en sértekjur fyrir hálft árið 2013 voru áætlaðar 102 m.kr.

Starfsemi, sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið vaktstöð siglinga og viðhald vita. Umferðareftirlit og leyfisveitingar heyrðu undir þennan lið fyrstu 6 mánuði ársins.

Þessi liður hefur verið skorinn mikið niður undanfarin ár, meir en góðu hófi gegnir. Í árslok 2013 stóð þessi liður með 68,8 m.kr. halla.

Til rekstrar hjá Vegagerðinni telst einnig innheimtukostnaður vegna markaðra tekna, sem greiddur er til ríkissjóðs og er hann tekinn af mörkuðum tekjum. Samkvæmt fjárlögum 2013 er þessi kostnaður 81 m.kr.

### Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 293 í lok árs 2013 í 277,2 stöðugildum en voru 278,6 árið 2012. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2013 var 313 og 301 árið 2012. Heildarvinnuframlag á árinu 2013 reiknað í dagvinnustundum nam 360 mannárum og hafði aukist úr 350 frá árinu 2012. Launagreiðslur voru 2.109 m.kr. á árinu 2013 og launatengd gjöld 498 m.kr. Breytingar á mannahaldi stofnunarinnar skýrast að mestu af breytingu á lögum um Vegagerðina sem tóku gildi 1. júlí 2013, en þá sameinuðust rekstrarsvið og hafnarsvið Siglingastofnunar og Vegagerðin en verkefni umferðareftirlits og leyfisveitinga voru flutt frá Vegagerðinni til nýrrar stofnunar, Samgöngustofu.

Tafla 6 sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu. Skipulagi Vegagerðarinnar og svæðamörkum var breytt 1. janúar 2013 og við það urðu nokkrar nokkrar tilfærslur á starfsmönnum.

Tafla 6 *Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.*

| | Reykjavík | Suðursvæði | Vestursvæði | Norðursvæði | Austursvæði | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag íslenskra náttúrufræðinga | 5 | 0 | 0 | 4 | 0 | 9 |
| Kjarafélag tæknifræðinga | 18 | 3 | 6 | 4 | 3 | 34 |
| Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga | 8 | 0 | 1 | 1 | 0 | 10 |
| Kjararáð | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Samiðn | 1 | 3 | 2 | 2 | 1 | 9 |
| SFR stéttarfélag almannaþjónustu | 30 | 8 | 20 | 13 | 5 | 76 |
| Starfsgreinasamband Íslands | 0 | 11 | 18 | 21 | 8 | 58 |
| Stéttarfélag bókasafnsfræðinga | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Stéttarfélag lögfræðinga | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Stéttarfélag verkfræðinga | 24 | 2 | 3 | 3 | 1 | 33 |
| Fræðagarður | 8 | 0 | 1 | 3 | 0 | 12 |
| Verkstjórasamband Íslands | 1 | 10 | 16 | 9 | 8 | 44 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2014 | 103 | 37 | 67 | 60 | 26 | 293 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2013 | | | | | | 281 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2012 | | | | | | 288 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2011 | | | | | | 292 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2010 | | | | | | 302 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2009 | | | | | | 311 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2008 | | | | | | 311 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2007 | | | | | | 320 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2006 | | | | | | 328 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2005 | | | | | | 327 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2004 | | | | | | 328 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2003 | | | | | | 357 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2002 | | | | | | 352 |





Skipurit

Gildir þar til niðurstöður formlegrar stefnumótunarvinnu liggur fyrir




### Yfirstjórn

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið; yfirstjórn Vegagerðarinnar og fimm svið stofnunarinnar þ.e. fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórar sviða. Fjármálasvið skiptist í þrjár deildir; greiningardeild, fjárhagsdeild og rekstrardeild. Mannvirkjasvið skiptist í fimm deildir; framkvæmdadeild, hönnunardeild, jarðefni, jarðgangadeild, og þjónustudeild. Siglingasvið skiptist í tvær deildir; hafnadeild og vitadeild. Stoðsvið skiptist í þrjár deildir; samskiptadeild, gæðadeild og lögfræðideild og tvær sjálfstæðar einingar; mannauður og rannsóknir. Þróunarsvið skiptist í þrjár deildir; áætlanadeild, umferðardeild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

### Vaktstöð siglinga

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Frá 1. júlí 2013 hefur siglingasvið Vegagerðarinnar í samvinnu við greiningardeild Vegagerðarinnar haft fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar.

Samgöngustofa hefur frá 1. júlí 2013 sinnt alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Með sérstökum þjónustusamningi frá 8. janúar 2010 fól Siglingastofnun Íslands Neyðarlínunni ohf. að annast daglegan rekstur Vaktstöðvarinnar. Vegagerðin yfirtók þennan samning 1. júlí 2013. Landhelgisgæslan leggur til starfsmenn sem sinna vöktun í Vaktstöðinni. Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa.

Á árinu 2010 var tilkynningakerfi um komur skipa og flutning hættulegra efna, SafeSeaNet, komið í fullan rekstur.

Í notkun í Vaktstöð siglinga eru nú, auk SafeSeaNet, upplýsingakerfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og LRIT (Long Range Identification and Tracking), sem er tilkynningakerfi kaupskipa innleitt af IMO, Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Vaktstöð siglinga hefur tekið yfir rekstur AIS kerfisins. Á árinu var unnið að þéttingu AIS-kerfisins og sett upp ein stöð til viðbótar þeim sem fyrir voru. Alls voru því 38 landstöðvar komnar upp í árslok 2013. Uppbygging kerfisins er að mestu lokið. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

### Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Hefðbundið viðfangsefni vitadeildar siglingasviðs Vegagerðarinnar er rekstur landsvitakerfisins ásamt rekstri á siglingarbaujum fyrir utan hafnsögu einstakra hafna, en einnig tæknileg aðstoð og ráðgjöf við uppbygginu hafnarvita og innsiglingarmerkja.

Stofnunin rekur einnig upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir siglingar ásamt eftirlits- og leiðréttingarkerfi fyrir GPS (DGPS) fyrir siglingar. Vaktstöð siglinga hefur tekið yfir rekstur sjálfvirks auðkennikerfis skipa, AIS. Sjálfvirku auðkennikerfi skipa (AIS – Automatic Identification System) var komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um Vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi sem nefnist SafeSeaNet fyrir siglingar skipa sem aðildarríki Evrópusambandsins, auk Noregs og Íslands, eru aðilar að.

Vegagerðin fær til ráðstöfunar vitagjald, sérstakan skatt sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Vitagjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur leiðsögukerfis fyrir sjófarendur. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skips. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist



*Stokksnesviti við Hornafjörð 7. júlí 2013.*

í stórum dráttum í eftirlit með raf- og ljósabúnaði annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum og málun á ytra byrði, en nauðsynlegt er að viðhalda ytra byrði vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar.

Á árinu 2013 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Vegagerðarinnar (áður Siglingastofnunar) sinntu almennu viðhaldi á 15 vitabyggingum og fóru í 94 vita til eftirlits, fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar á ljós- og rafbúnaði. Skipt var um búnað að hluta til og sinnt viðhaldi á 14 siglingarbaujum. Eftirliti var sinnt við 11 veðurstöðvar. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar (áður Siglingastofnunar) eftirliti með tveim vitum fyrir Faxaflóahafnir, leiðarljósum fyrir Hafnarfjarðarhöfn og sáu um viðhald á baujum, garðsendaljósum og leiðarljósum fyrir hafnir landsins.

Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar um veður og sjólag (áður Siglingastofnunar) var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem uppfærðar eru á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá ölduduflum á textavarpi. Nú eru alls 11 öldudufl í rekstri með ströndum fram.

Settur var upp radar til öldu- og straummælinga í Landeyjahöfn.

Á árinu var starfsemi vitadeildar auk uppsetning radars kynnt á fundi Nordisk Fyreteknisk Organisation.

## Hafnir, líkantilraunir og grunnkort

Á vegum Vegagerðarinnar og forvera hennar, Siglingastofnunar, er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari, jarðvegsrannsóknum í höfnum, gerð líkantilrauna og grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum tengdum sjóvörnum. Grunnkort hafna voru uppfærð, sett í samræmt hnitakerfi, ISN-93, nýjustu dýptarmælingar settar saman og ný hafnarmannvirki færð inn á grunna.

Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Unnið var við umsýslu á upplýsingarkerfi um veður og sjólag og endurbætur sem tengjast staðbundnum ölduspám, auk verkefna sem tengjast öldumælingum og öldufari.

Unnið var að ýmsum rannsóknum sem tengjast vandamálum við sandflutninga við Landeyjahöfn. Danska straumfræðistofan DHI skilaði skýrslu um efnisflutningareikninga við Landeyjahöfn og mögulegum breytingum á höfninni. Í líkanstöðinni voru gerðar tilraunir með að dæla sandi úr hafnarmynni Landeyjahafnar með föstum dælubúnaði. Þá var áfram unnið að þróun hermilíkans fyrir siglingar og sandflutninga við höfnina.

Unnið var að rannsóknum sem tengjast ferjusiglingum frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja. Rannsóknir Siglingastofnunarinnar á uppdælingu sands úr hafnamynni Landeyjahafnar voru kynntar á norrænum NordPIANC fundi. Unnið var að rannsóknum sem tengjast uppbyggingu iðnaðarhafnar á Húsavík og meðal annars gerðar botnrannsóknir.

Unnið var að yfirgripsmiklum rannsóknum á Grynnslunum utan við Hornafjarðarós og áhrif þeirra á siglingar um Ósinn. Byggt á öldufarsreikningum voru efnisflutningar með ströndinni að Ósnum metnir. Unnið var úr skráningu á tilvikum þar sem fiskiskip taka niðri á Grynnslunum og sett fram samhengi við ölduhæð og sjávarstöðu.

Haldið var áfram að fylgjast með strandbreytingum við Vík í Mýrdal og rannsóknum á suðurströndinni.

Fyrir Vestmannaeyjar voru skoðaðar lausnir á stækkun hafnarinnar við Eiðið og innan hafnar.

Í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 2003/25/EC var hafin vinna að gerð öldukorta fyrir hafsvæðin umhverfis Ísland.

Unnið var að kortlagningu á öldufari á norðanverðum Vestfjörðum í samstarfi við Vaxtasamning Vestfjarða.

Reiknilíkön frá dönsku straumfræðistofunni sem notuð eru við öldusveigju- og öldufarsreikninga voru endurnýjuð.

Stofnunin tók þátt í vinnuhópi á vegum PIANC um framsetningu leiðbeininga um hönnun á litlum og meðalstórum gámahöfnum og lauk þeirri vinnu á árinu.

Unnið var að rannsóknum á brimvarnargörðum í íslensku og erlendu samstarfi, m.a. með fyrirlestri og grein á alþjóðlegri strandverkfræðiráðstefnu, Coasts, MarineStructures and Breakwaters 2013 haldin af breska verkfræðingafélaginu, „Design of bermbreakwaters: recession, overtopping and reflection".

## Upplýsingaþjónusta

Hjá umferðarþjónustu þjónustudeildar mannvirkjasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar, en þjónusta við vegfarendur felst m.a. í margs konar kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Vegagerðin rekur nú öflugt upplýsingakerfi um færð, veður og



*Mælingar í Ólafsvík, 9. september 2013.*





ástand vega um allt land til að mæta auknum þörfum og kröfum vegfarandans um greinargóðar upplýsingar um sem flest sem hann varðar þegar hann er á ferð um vegakerfið.

Safnað er saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörð, veður og færð og eru flest þessara mælitækja sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.



*Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar á Ísafirði.*



*Veðurstöð Vegagerðarinnar á Öxi.*

## Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrði lögfræðideild stoðsviðs. Þegar sameining stofnana á sviði samgöngumála kom til framkvæmda þann 1. júlí 2013 var umferðareftirlit og verkefni þess staðsett á Samgöngustofu. Eftirlitið hafði aðstöðu hjá nýju Vegagerðinni fyrir ökutæki og starfsmenn í Reykjavík og leigði skrifstofuaðstöðu á Akureyri út árið.

Umferðareftirlit annaðist eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu, frágangi og merkingu farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Auk þess annaðist umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald.

Umferðareftirlit var staðsett á starfsstöðvum Vegagerðarinnar í Reykjavík og á Akureyri. Í ársbyrjun störfuðu 8 starfsmenn við umferðareftirlitsstörf auk deildarstjóra en til samanburðar voru eftirlitsmenn 11 talsins árið 2008 og 10 í árslok 2010. Deildarstjóri umferðareftirlits var staðsettur á Akureyri ásamt tveimur eftirlitsmönnum en aðrir eftirlitsmenn höfðu bækistöð í Reykjavík.

Einn eftirlitsmaður hætti störfum í tengslum við flutning eftirlitsins til Samgöngustofu. Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Þar af voru þrjár bifreiðir gerðar út frá Reykjavík, ein frá Akureyri.

Eftirlit á vegum fer að jafnaði fram á þar til gerðum eftirlitsstöðum meðfram vegum þar sem ökutæki eru stöðvuð til eftirlits. Eftirliti var sinnt með hefðbundnum hætti á árinu. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla, frágangur og merking farms og að aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur. Loks er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Þá má nefna að höfð eru afskipti af rekstrar- og atvinnuleyfisskyldri starfsemi með þeim hætti sem rúmast innan ramma takmarkaðra eftirlitsheimilda en eftirlit er að meginhluta í höndum leyfisveitingadeildar og viðkomandi starfsgreinar. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk framangreinds fram með því að kallað er eftir upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar eða með heimsóknum í starfsstöðvar. Eftirlit með notkun litaðrar gjaldfrjálsrar olíu er í ýmsu frábrugðið öðru eftirliti og kallar á aðrar aðferðir en hefðbundið eftirlit á vegum. Þar má nefna eftirlit við sölustaði og sérstakar eftirlitsferðir í samstarfi við ríkisskattstjóra til athugunar á því hvort meðferð og notkun litaðrar olíu sé í samræmi við reglur.

## Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna

Vegagerðin greiðir innheimtukostnað vegna markaðra tekna til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar. Innheimtukostnaður samkvæmt fjárlögum var 81 m.kr. á árinu 2013.



*Umferðareftirlit tilheyrir Samgöngustofu frá 1. júlí 2013.*

## 4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 3.300 m.kr., styrkir til ferja og sérleyfishafa 1.495 m.kr., styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess 996 m.kr., styrkir til innanlandsflugs 338 m.kr., fjárveitingar til rannsókna 148 m.kr. og til viðhalds vegakerfisins 5.000 m.kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 2013 var veitt 1.200 m.kr. vegna þjónustu á vegakerfinu, þar af voru 500 m.kr. millifærðar af viðhaldslið fjárlaga. Samtals voru því fjárveitingar til þessara liða 11.977 m.kr.

### 4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum og fjáraukalögum árið 2013 var 4.500 m.kr, auk þess var hagnaður svæða og rekstrardeildar að upphæð 114 m.kr. notaður til að minnka halla á vertrarviðhaldi. Til ráðstöfunar voru því 4.614 m.kr. Verkefni í þjónustu skiptist á árinu 2013 í fjóra meginflokka, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 4.218 m.kr. á árinu 2013. Uppsafnaður halli á þjónustu vegakerfisins var 901 m.kr. í árslok 2013. Hér er fjallað sérstaklega um almenna þjónustu, þ.e. viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög og viðhaldssvæði og sérstaklega um vetrarviðhald.

Í töflu 7 kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar á árinu 2013.

### Viðhald vegmerkinga

Fjárheimildum til vegmerkinga var varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 969 m.kr. á árinu 2013.

Súlurit 3 sýnir þróun fjárheimilda til almennrar þjónustu á árunum 2003-2013. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2013. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárheimildir við vegheflun og rykbindingu malarvega taldar með fjárheimildum til endurnýjunar malarslitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 eru fjárheimildir til vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.




Súlurit 3
*Fjárheimildir til almennrar þjónustu á verðlagi ársins 2013.*

| Svæði / útgjaldaliður | Sameiginlegt m.kr. | Suðursvæði m.kr. | Vestursvæði m.kr. | Norðursvæði m.kr. | Austursvæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Viðhald vegmerkinga | 62 | 485 | 156 | 168 | 98 | 969 |
| Samningar við sveitarfélög* | 0 | 17 | 36 | 32 | 22 | 107 |
| Viðhaldssvæði | 15 | 245 | 100 | 108 | 78 | 546 |
| Samtals | 77 | 747 | 292 | 308 | 198 | 1.622 |

Tafla 7 *Skipting kostnaðar við almenna þjónustu.*

* Vegagerðin hefur samið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Frá árinu 2011 hefur Vegagerðin tekið yfir þá þjónustu á ýmsum stöðum og gert breytingar á samningum.





Súlurit 4 sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu á árunum 2003-2013. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2013. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarslitlaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 kostnaður vegna vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.




Súlurit 4
*Kostnaður við almennra þjónustu á verðlagi ársins 2013.*

### Samningar við sveitarfélög

Fjárheimildum til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis á nokkrum stöðum auk þess sem gerðar hafa verið breytingar á öðrum samningum. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 107 m.kr. á árinu 2013.

### Viðhaldssvæði

Fjárheimildum var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á ásþunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 546 m.kr. á árinu 2013.

### Vetrarviðhald

Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 2.595 m.kr. á árinu 2013. Í byrjun árs 2013 var skipulagi Vegagerðarinnar breytt á þann veg að þjónustudeild Vegagerðarinnar í miðstöð hefur með höndum verkefnisstjórn vetrarviðhalds á öllu landinu.

Í töflu 8 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2013 skiptist milli svæða Vegagerðarinnar.

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjó-



*Snjómokstur í Árneshreppi á Ströndum 7. janúar, 2013.*

Tafla 8 *Skipting kostnaðar við vetrarviðhald.*

| Svæði / útgjaldaliður | Sameiginlegt m.kr. | Suðursvæði m.kr. | Vestursvæði m.kr. | Norðursvæði m.kr. | Austursvæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vetrarviðhald | 159 | 739 | 621 | 645 | 431 | 2.595 |




Súlurit 5
*Fjárheimildir til vetrarviðhalds á verðlagi ársins 2013.*




Súlurit 6
*Kostnaður við vetrarviðhald á verðlagi ársins 2013.*

| Kaflar: | Lengd kafla km | Kostnaður m.kr. | Kostnaður á km þús.kr. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur | 48 | 158,2 | 3.296 |
| Holtavörðuheiði | 37 | 20,3 | 549 |
| Fróðárheiði | 14 | 10,7 | 746 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 47 | 26,3 | 560 |
| Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður | 25 | 14,8 | 592 |
| Öxnadalsheiði | 25 | 24,4 | 976 |
| Dalvík-Ólafsfjörður | 18 | 8,6 | 478 |
| Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur | 146 | 59,8 | 410 |
| Vopnafjarðarheiði | 51 | 21,7 | 425 |
| Fjarðarheiði | 24 | 38,3 | 1.596 |
| Oddsskarð | 23 | 26,8 | 1.165 |
| Vegið meðaltal | | | 895 |

Tafla 9 *Kostnaður við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum árið 2013.*







*Vestmannaeyjaferjan Herjólfur.*

Tafla 10 *Kostnaður við ferjur 2013.*

| | Rekstrar-styrkur m.kr. | Annar kostnaður m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| Vestmannaeyjaferja, Herjólfur | 696,8 | 20,6 | 717,4 |
| Breiðarfjarðarferja, Baldur | 161,7 | 5,2 | 166,9 |
| Flutningar í Ísafjarðardjúpi | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| Hríseyjarferja, Sævar | 77,4 | 5,0 | 82,4 |
| Grímseyjarferja, Sæfari | 124,3 | 5,3 | 129,6 |
| Mjóafjarðarferja, | 11,3 | 0,0 | 11,3 |
| Norðurfjarðarflutningar | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| Sameiginlegt | 0,0 | 2,1 | 2,1 |
| | | | |
| Samtals | 1.072,5 | 38,3 | 1.110,8 |

mokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari. Vegna minni fjárheimilda á árinu 2010 var dregið nokkuð úr þjónustu á hluta vegakerfisins, auk þess sem stjórnun og skipulag þjónustunnar var endurskoðað. Kostnaður við vetrarviðhald dreifðist nokkuð jafnt á vetrarmánuðina, nema desember sem varð sérstaklega erfiður og var kostnaður við vetrarviðhald í þeim mánuði einum um 857 m.kr. Mjög snjóþungt var á Norðaustur- og Austurlandi og á Suðvesturlandi var veðrátta þannig að mikill kostnaðarauki varð vegna hálkuvarna. Heildarkostnaður við vetrarviðhald varð því mun meiri en áætlað hafði verið.

Súlurit 5 sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2003-2013 og súlurit 6 sýnir þróun í kostnaði sömu ár, tölurnar eru á verðlagi ársins 2013.

Í töflu 9 má sjá kostnað við vetrarviðhald á nokkrum vegarköflum á árinu 2013.

### 4.1.4.2 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

Fjárveiting til ferja og sérleyfishafa var 1.495 m.kr. Í ársbyrjun var hallinn á þessum lið 268,6 m.kr. og helst hann nær óbreyttur út árið, er í árslok 265,4 m.kr. Ástæður þessa halla má rekja aftur til 2010 þegar Landeyjahöfn var tekinn í notkun og þau vandamál sem enn er verið að glíma við litu dagsins ljós. Uppi eru áform um smíði nýrrar ferju og einnig um endurbætur á höfninni. Á meðan þarf að sigla bæði til Landeyjahafnar og Þorlákshafnar eftir aðstæðum, sem leiðir til u.þ.b 300 m.kr. kostnaðarauka á ári. Núverandi fjárveitingar hafa verið hækkaðar til að mæta þessum kostnaði, en óbættur er enn kostnaðaraukinn frá 2010.

#### Ferjur

Heildarkostnaður á árinu var 1.110,8 m.kr. Tafla 10 sýnir hvernig ríkið styrkti ferjuleiðir og flutninga árið 2013.

#### Sérleyfi á landi

Heildarkostnaður á árinu var 381 m.kr. Undir þennan lið falla allir styrkir til sérleyfa á landi. Búið er að semja við samtök sveitarfélaga um land allt um að sjá um tilhögun á þessum rekstri og útboð á honum. Hefur það fyrirkomulag yfirleitt gefist vel.

### 4.1.4.3 Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárveiting á fjárlögum var 996 m.kr. Áformað er að byggja upp almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við það. Verkefnið er til 10 ára og skal verja hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna það. Gerðir hafa verið samningar við samtök sveitarfélaga um þetta verkefni.

### 4.1.4.4 Styrkir til innanlandsflugs

Fjárveiting til þessa liðar var 263 m.kr. auk tímabundinnar fjárveitingar 75 m.kr. Samtals var fjárveitingin því 338 m.kr. á árinu 2013. Halli var á þessum lið í ársbyrjun 57,2 m.kr. og þrátt fyrir viðbótarfjárveitingu á árinu endaði liðurinn í 15,1 m.kr. halla. Ýmiss vandamál hafa verið í þessum rekstri m.a. fækkun farþega og auknar opinberar álögur. Áætlunarflug til sex áfangastaða var styrkt 2013. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.



*Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.*




*Þórshöfn var einn þeirra áfangastaða sem voru styrktir í flugi.*

## 4.1.4.5 Rannsóknir

Samkvæmt 23. grein vegalaga skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar. Árið 2013 var fjárveitingin 148 m.kr. Markaðar tekjur Vegagerðarinnar árið 2013 voru hins vegar um 14,4 milljarðar króna, þannig að ef lagabókstafnum hefði verið fylgt hefði fjárveitingin átt að vera 216 m.kr., mismunur er 68 m.kr.

Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóðinn í byrjun árs 2013. Umsóknarfrestur rann út 6. febrúar 2013. Alls bárust 163 umsóknir að upphæð samtals 385 m.kr. Þetta er svipaður fjöldi umsókna og var árið 2012, en þrjú ár þar á undan voru umsóknirnar nokkru fleiri á hverju ári. Mismunur á fjárveitingum til sjóðsins og upphæð umsókna gerir það að verkum að hafna þarf mörgum áhugaverðum verkefnaumsóknum og í mörgum tilvikum var fjárveiting lægri en heildarupphæð umsóknarinnar.

Í töflu 11 eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu 2013 og dæmi um verkefni sem fengu styrk undir þeim:

Rannsóknastefna Vegagerðarinnar, sem lögð var fram seint á árinu 2006, er nú í endurskoðun, m.a. með tilliti til þess að siglingamál eru orðnar hluti af starfseminni. Í nýrri rannsóknastefnu er gert ráð fyrir að halda áfram að leggja áherslur á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna, en jafnframt verða fjárveitingar áfram til verkefna sem aðilar utan stofnunarinnar skilgreina og vinna. Gert er ráð fyrir að áfram starfi þrjár fagnefndir um ofangreinda verkefnaflokka, en þær eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Fagnefndirnar hafa lagt fram áherslusvið í upphafi hvers árs og hafa þau komið fram þegar kallað er eftir umsóknum um styrki. Frá og með árinu 2014 er gert ráð fyrir að fagnefndir breyti vinnulagi sínu þannig að þær leggi fram tillögur til rannsóknasjóðsins að ákveðnum rannsóknaverkefnum, sem þær telja að þurfi að vinna og svo verður að auki auglýst eftir umsóknum um önnur almenn verkefni.

Tafla 11 *Rannsóknaverkefni 2013.*

### Mannvirki

Áhrif rakastigs á niðurstöður LA styrkleikaprófs.
Áhrif þungatakmarkana og samfélagslegur kostnaður.
Ástandsvöktun brúa.
Breytt bikbindiefni í klæðingar, prófanir og tilraunakaflar.
Eignastýring vegakerfisins
- greining áhrifa og ávinnings (frh.).
Fjaðurstuðull steinsteypu.
Flóðahandbók - uppfærsla á M5 úrkomukorti.
Gerð og útgáfa íslenskra fylgistaðla vegna framleiðslu malbiks og steinefna.
Greining á endingargóðu malbiki.
Hitastigsbreytingar í veggöngum, frá munna og inn göngin, áfangi 2.
Klæðingar, rannsóknir og þróun á prófunaraðferðum.
Klæðing, vetrarblæðingar og verklag.
Kröfur til rýrnunar í íslenskri steinsteypu.
Landlíkanagerð með smáflugvél og gerð þrívíddarlíkans af umhverfi vega eftir ljósmyndum.
Lífolía til vegagerðar.
Malbiksrannsóknir 2013.
Niðurbrot óbundins burðarlags undir sveiflandi álagi.
Norrænar rannsóknir á Prall slitþolsprófi.
Orðasafn vegagerðarorða - skilgreiningar og skýringar á hugtökum.
Veglýsing á þjóðvegi: Greining á veglýsingu við þjóðvegi í gegnum þéttbýli, mæling á orkunotkun og nýtni búnaðar.
Vinnsla steinefna til vegagerðar- tækjabúnaður, verktækni og framleiðslueftirlit. Handbók fyrir vegagerðarmenn.
Þolhönnun vega á norðurslóðum.
Þróun rennslislyklahugbúnaðar fyrir almenna notkun.
Öryggis- og heilbrigðismál við hönnun, framkvæmd og eftirlit vegna vinnu við útlögn slitlaga.

### Umferð

Aðferðir við að meta kostnað umferðarslysa og virði lífs.
Athugun á virkni aukefnis í hálkuvarnapækli.
Fjareftirlit með notkun myndavéla hjá bílum í reglulegum akstri.
Fleytitíð 2. áfangi. Álagstoppar í morgunumferð einkabíla og almenningssamgangna.
Gönguþveranir - Samræmdar leiðbeiningar.
Hálkuspár og hálkumyndun á vegum.
Hönnun stofnbrauta í borgarumhverfi og þéttri byggð (frh.).
NordFoU MORS (Líkan yfir endingu hálkusalts).
Saltmælingar og aðgerðastýring vetrarþjónustu.
Samanburður hávaðavísa - hljóðmælingar og greining.
Umferð á hættu- og neyðartímum.
Umferðarmerki á Íslandi; nýjar áherslur í ljósi fjölgunar erlendra ökumanna.

### Umhverfi

Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi.
Áhrif sjávar á blöndun og ísbráðnun í Jökulsárlóni.
Áhrifamat í vegagerð, endurtekið efni eða lærdómur í 20 ár?
Bræðsluborun í sigketil innan Kötluöskjunnar.
Endurheimt staðargróðurs í aflögðum slóðum.
Eyðing skógarkerfils með vegum.
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli.
Könnun á legu útfalla og farvega fallvatna frá Síðujökli og stöðugleika þeirra, þegar jökullinn hörfar.
Mælingar á yfirborði og yfirborðsbreytingum íslenskra jökla með leysimælingum.
Rannsóknir á flóðum íslenskra fallvatna.
Umhverfislegur ávinningur af almenningssamgöngum á Vesturlandi- reynsla eftir fyrsta ár.
Umhverfisvænir vegir / Grænir vegir.
Umhverfisvænt sementslaust steinlím úr eldfjallaösku.
Vatnssöfnun undir sigkötlum Mýrdalsjökuls vöktuð með íssjá.
Vistferilsgreining fyrir brýr.

### Samfélag

Cycling Iceland - þjónustukort fyrir hjólaferðamenn á Íslandi.
Fagurfræði og list í samgöngum.
Félagshagfræðileg greining á framtíð innanlandsflugs.
Reykjavíkurvegir - frá upphafi til nútíma.
Samgöngubætur og byggðaþróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga.





## 4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2013 var 5.000 m.kr. Í fjáraukalögum voru millifærður 500 m.kr. af viðhaldsfjárveitingum fjárlaga til þjónustuverkefna. Auk þess var millifærð 12 m.kr. fjárveiting til uppbyggingar iðnaðarsvæðis á Bakka við Húsavík Fjárveiting á árinu 2013 var því 4.512 m.kr. Samhliða var Vegagerðinni heimilað að nýta eldri afgangsheimildir fjárlaga að upphæð 718 m.kr til viðhaldsverkefna. Til ráðstöfunar í viðhald þjóðvega voru því alls 5.230 m.kr. á árinu 2013. Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokka, viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald vega var 5.277 m.kr. á árinu 2013. Skuld viðhalds er því 47 m.kr. í árslok.

Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Heildarlengd stofnvega, tengivega og landsvega var 9.924 km í árslok 2013, og var áætluð umferð á þeim árið 2013 um 1.994 milljónir ekinna km.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í töflu 12 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2013. Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.945 km. Auk þess eru um 53 km innan þéttbýlis sem samkvæmt vegalögum ættu að teljast sveitarfélagavegir, en ekki hefur náðst samkomulag um skil á og á meðan sér Vegagerðin um viðhald þeirra. Samtals er það vegakerfi sem Vegagerðin annast viðhald á því 12.998 km, sjá töflu 12.

Í töflu 13 er sýnd lengd vega með bundnu slitlagi eftir vegflokkum og svæðum Vegagerðarinnar og í töflu 14 er sýnt hlutfall vega með bundnu slitlagi.

Tafla 12 *Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.*

| Svæði / vegflokkur | Suður-svæði km | Vestur-svæði km | Norður-svæði km | Austur-svæði km | Sam-tals km | Hlut fall % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 1.344 | 1.394 | 1.335 | 896 | 4.969 | 38,2 |
| Tengivegir | 805 | 848 | 969 | 396 | 3.018 | 23,2 |
| Héraðsvegir | 863 | 804 | 1015 | 392 | 3.074 | 23,6 |
| Landsvegir | 579 | 217 | 671 | 470 | 1.937 | 15,0 |
| Samtals | 3.591 | 3.263 | 3.990 | 2.154 | 12.998 | 100,0 |

Tafla 13 *Lengd vega með bundnu slitlagi.*

| Svæði / vegflokkur | Suður-svæði km | Vestur-svæði km | Norður-svæði km | Austur-svæði km | Sam-tals km | Hlut fall % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 1.053 | 1.103 | 1.089 | 765 | 4.010 | 80,7 |
| Tengivegir | 423 | 129 | 209 | 152 | 913 | 30,3 |
| Héraðsvegir | 1 | 1 | 1 | 69 | 72 | 2,3 |
| Landsvegir | 197 | 96 | 84 | 35 | 412 | 21,3 |
| Samtals | 1.674 | 1.329 | 1.383 | 1.021 | 5.407 | 41,6 |

Tafla 14 *Hlutfall vega með bundnu slitlagi.*

| Svæði / vegflokkur | Suður-svæði % | Vestur-svæði % | Norður-svæði % | Austur-svæði % | Sam-tals % |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 78,3 | 79,1 | 81,6 | 85,4 | 80,7 |
| Tengivegir | 52,5 | 15,2 | 21,6 | 38,4 | 30,3 |
| Héraðsvegir | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 17,6 | 2,3 |
| Landsvegir | 34,0 | 44,2 | 12,5 | 7,4 | 21,3 |
| Samtals | 46,6 | 40,7 | 34,7 | 47,4 | 41,6 |






*Hringvegur (1) vestan við Hellu, yfirlagnir 23. júlí 2013.*




Súlurit 7
*Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.*




Línurit 1
*Þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1996.*

| Svæði / útgjaldaliður | Sam-eiginlegt m.kr. | Suður-svæði m.kr. | Vestur-svæði m.kr. | Norður-svæði m.kr. | Austur-svæði m.kr. | Sam-tals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Viðhald bundinna slitlaga | 81 | 1.076 | 461 | 415 | 229 | 2.262 |
| Viðhald malarvega | 0 | 141 | 256 | 252 | 89 | 738 |
| Styrkingar og endurbætur | 23 | 216 | 309 | 273 | 146 | 967 |
| Brýr og varnargarðar | 34 | 229 | 189 | 19 | 83 | 554 |
| Umferðaröryggi | 148 | 77 | 57 | 49 | 36 | 367 |
| Veggöng | 0 | 0 | 44 | 54 | 25 | 123 |
| Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 55 | 23 | 39 | 34 | 11 | 162 |
| Viðhald girðinga | 0 | 13 | 26 | 38 | 7 | 84 |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 1 | 4 | 7 | 3 | 3 | 18 |
| Minjar og saga | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Samtals | 344 | 1.779 | 1.388 | 1.137 | 629 | 5.277 |

Tafla 15
*Skipting viðhaldskostnaðar.*





Súlurit 7 sýnir nýlagnir af bundnu slitlagi frá árinu 2003. Árið 2013 voru nýlagnir aðeins 53 km. Í árslok 2013 voru vegir með bundnu slitlagi samtals 5.407 km og heildarflatarmál bundinna slitlaga um 36 milljónir m$^2$.

Á línuriti 1 er sýnd þróun aksturs á stofnvegum, tengivegum og landsvegum frá árinu 1996. Á árinu 2013 var áætluð umferð á stofnvegum, tengivegum og landsvegum 1.994 milljónir ekinna km.

Í töflu 15 kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2013 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

Súlurit 8 sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árunum 2003-2013 og súlurit 9 sýnir þróun í kostnaði. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2013.



*Viðhaldsvinna á Borgarfjarðarbrú, 18. apríl 2013.*




Súlurit 8
*Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega á verðlagi ársins 2013.*




Súlurit 9
*Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi ársins 2013.*

Tafla 16 *Viðhald bundinna slitlaga.*

| Svæði | Klæðing km | Klæðing þús. m² | Malbik km | Malbik þús. m² | Allt km | Allt þús. m² |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 56,4 | 367 | 39,4 | 256 | 95,8 | 623 |
| Vestursvæði | 84,5 | 549 | 4,3 | 28 | 88,8 | 577 |
| Norðursvæði | 73,0 | 474 | 0,5 | 3 | 73,5 | 477 |
| Austursvæði | 43,7 | 284 | 2,0 | 13 | 45,7 | 297 |
| Samtals | 257,6 | 1.674 | 46,2 | 300 | 303,8 | 1.974 |

Tafla 17 *Viðhald malarvega.*

| Svæði | Óunnið efni km | Óunnið efni m³ | Unnið efni km | Unnið efni m³ | Mölburður alls km | Mölburður alls m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 10 | 6.200 | 28 | 12.200 | 38 | 18.400 |
| Vestursvæði | 6 | 800 | 90 | 17.058 | 96 | 17.858 |
| Norðursvæði | 10 | 150 | 195 | 17.133 | 205 | 17.283 |
| Austursvæði | 15 | 2.386 | 89 | 6.475 | 104 | 8.861 |
| Samtals | 41 | 9.536 | 402 | 52.866 | 443 | 62.402 |



Tafla 18 *Vinnsla efnis.*

| Svæði | Fyrir malarslitlag m³ | Fyrir bundið slitlag m³ | Fyrir burðarlag m³ | Samtals m³ |
|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vestursvæði | 8.080 | 13.410 | 3.925 | 25.415 |
| Norðursvæði | 2.800 | 14.510 | 30.465 | 47.775 |
| Austursvæði | 5.965 | 4.344 | 0 | 10.309 |
| Samtals | 16.845 | 32.264 | 34.390 | 83.499 |

Tafla 19 *Styrkingar.*

| Svæði | Vegir með bundnu slitlagi – Burðarlag km | Burðarlag m³ | Bundið burðarlag km | Bundið burðarlag m³ | Malarvegir km | Malarvegir m³ | Styrkingar alls km | Styrkingar alls m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðursvæði | 2,4 | 14.205 | 0,0 | 0 | 34,7 | 37.188 | 37,1 | 51.393 |
| Vestursvæði | 0,0 | 0 | 6,0 | 6.200 | 12,6 | 10.441 | 18,6 | 16.641 |
| Norðursvæði | 0,0 | 0 | 9,3 | 1.330 | 0,0 | 0 | 9,3 | 1.330 |
| Austursvæði | 2,5 | 3.785 | 0,0 | 0 | 1,0 | 900 | 3,5 | 4.685 |
| Samtals | 4,9 | 17.990 | 15,3 | 7.530 | 48,3 | 48.529 | 68,5 | 74.049 |

## Viðhald bundinna slitlaga

Fjárheimild til viðhalds bundinna slitlaga er notuð til yfirlagna bundinna slitlaga og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2013 voru yfirlagðir 1.974 þús. fermetrar af bundnu slitlagi og samsvarar það um 5,5% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga eða um 300 km af 6,5 m breiðu slitlagi. Tæp 85% yfirlagna eru klæðingar, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Kostnaður við viðhald bundinna slitlaga á árinu 2013 var 2.262 m.kr. Yfirlagnir hafa á undanförnum árum verið 7-8% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga, sem samsvarar því að vegir hafa verið yfirlagðir á um 12-14 ára fresti. Fjárveitingar til viðhalds bundinna slitlaga hafa aukist að krónutölu, en halda hvergi nærri í við verð á asfalti sem hefur tífaldast á síðastliðnum 12 árum. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í töflu 16. Lengd í km er reiknuð miðað við 6,5 m breitt slitlag.

## Viðhald malarvega

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 443 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2013 var 738 m.kr.

Í töflu 17 kemur fram hvernig endurnýjun malarslitlaga skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2013 var eins og fram kemur í töflu 18. Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

## Styrkingar og endurbætur

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Stærsti hluti fjármagns fer til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af heildarumferð. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1990 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Tafla 19 gefur yfirlit yfir styrkingu vega á árinu 2013. Kostnaður við styrkingar og endurbætur vega á árinu 2013 var 967 m.kr.





## Brýr og varnargarðar

Fjárheimild var notuð til viðhalds og reksturs brúa og varnargarða á öllum þjóðvegum. Brýr á þjóðvegum eru 1.190 og er meðalaldur þeirra rúm 38 ár. Unnið var við um 50 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 89 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum og um 42 m.kr. til endurbyggingar á brúm eða endurnýjunar með ræsum, 72 m.kr. til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi á einbreiðum brúm. Mestu fé var varið til viðgerða á eldri brúm eða 285 m.kr., þar af 105 m.kr. til viðgerða á timburgólfum og um 180 m.kr. til viðgerða á steyptum brúm. Stærsta einstaka verkefnið í viðhaldi steyptra brúa er endurnýjun á slitgólfi Borgafjarðarbrúar og verður unnið að því verkefni á næstu árum. Stærstu verkefnin varðandi viðhald timburgólfa er viðhald brúnna á Skeiðarársandi og verður einnig unnið að þeim verkefnum á næstu árum. Um 8 m.kr. var varið til hreinsunar og smáviðgerða á brúm. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundaþága. Á fjáraukalögum 2012 var 75 m.kr. fjárveiting til styrkinga og endurbóta á varnargörðum við Markarfljót. Það verkefni var boðið út í desember 2012 og var verkefnið unnið á árinu 2013. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2013 var alls 554 m.kr.

## Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 55 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 208 m.kr. Auk þess var unnið við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni um 19 m.kr. Í samræmi við umferðaröryggisáætlun sáu Umferðarstofa og Ríkislögreglustjóri um hluta af framkvæmd umferðaröryggisáætlunar sem greiðist af Vegagerðinni. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Umferðarstofu 48 m.kr. og lögregluumdæmum 37 m.kr. vegna umferðareftirlits og 14 m.kr. vegna úrvinnslu hraðamælinga á árinu 2013. Til kaupa á og reksturs á sjálfvirkum hraðamyndavélum og öðrum tækjabúnaði var varið 40 m.kr. Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2013 var tæpar 367 m.kr.

## Veggöng

Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. kostnað við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 37,6 km. Kostnaður vegna reksturs jarðganga var um 97 m.kr. á árinu 2013 og 26 m.kr. vegna viðhalds eða samtals um 123 m.kr.

## Vatnaskemmdir og ófyrirséð

Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2013 var 162,5 m.kr. Mestur kostnaður var við rannsóknir í Kolgrafafirði vegna síldardauða í firðinum og hugsanlegra áhrifa þverunar hans á strauma í firðinum. Kostnaður við það verkefni nam 47,3 m.kr. á árinu 2013. Vegagerðin hefur tekið þátt í kostnaði við að kortleggja og meta flóðahættu vegna eldgosa, verkefninu Gosvá, sem unnið er undir stjórn Veðurstofu Íslands. Kostnaður við það verkefni nam 9,2 m.kr. Í miklu óveðri sem gekk yfir landið í september urðu verulegar skemmdir á vegum á Suðurlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Heildarkostnaður vegna viðgerða eftir það óveður nam rúmum 22 m.kr. Um mánaðamótin maí-júní féllu nokkrar aurskriður á Norðausturveg í Köldukinn og rufu veginn þar. Kostnaður við viðgerð vegarins var um 11,8 m.kr. Á svipuðum tíma, eða í byrjun júní, gerði mikla hláku til fjalla á Norðurlandi og urðu skemmdir á nokkrum vegum. Kostnaður vegna þeirra viðgerða nam 11,8 m.kr. Víða annars staðar urðu skemmdir vegna skriðufalla, vatnavaxta og sjávarrofs.

## Viðhald girðinga

Samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2013 vegna viðhalds girðinga var rúmar 83 m.kr.

## Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnámum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnámum, sem unnin var í júní 2004 var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnámum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2013 hefur verið gengið frá 318 námum, eða að meðaltali tæplega 32 námum á ári. Á árinu 2013 var gengið frá 25 námum. Kostnaður við frágang á gömlum námum á árinu 2012 var rúmar 18 m.kr. Nokkur fjöldi náma sem voru á langtímaáætlun hafa verið metnar það uppgrónar að ekki sé þörf á sérstökum frágangi, nokkur námunúmer hafa verið sameinuð og einnig er nokkuð um að landeigendur eða námuréttthafar hafa hafið efnistöku að nýju. Þetta hefur leitt til þess að heildarfjölda náma sem eru á ábyrgð Vegagerðarinnar hefur fækkað. Í árslok 2013 eru því á skrá Vegagerðarinnar 502 ófrágengnar námur og þarf því að ganga frá um 100 námum á ári til að langtímaáætlunin um námufrágang gangi eftir.

## Minjar og saga

Fjárheimild var varið til að greiða kostnað vegna varðveislu á gamalli grindarbitabrú sem tekin var af Svartá hjá Barkarstöðum í Húnavatnssýslu og flutt á sinn upprunalega stað á Húseyjarkvísl í Skagafirði, en brúin var byggð þar 1927. Einnig var greiddur styrkur til Óbyggðasafns Íslands. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2013 var 2 m.kr.




*Grindarbitabrú á Svartá hjá Barkarstöðum fyrir flutning.*

## 4.1.5 Stofnkostnaður

### Bráðabirgðalán
Engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu.

### Fjárveitingar til stofnkostnaðar
Fjárveitingar til Vegagerðarinnar samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum vegna sameiningar voru 19.701,7 m.kr. Þar af fóru 6.864 m.kr. til stofnkostnaðar við vegakerfið. Af þeirri upphæð eru þó 75 m.kr. ætlaðar til að mæta afskriftum af mörkuðum tekjum. Framlög til jarðganga á árinu komu af fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar, ekki voru sérstök framlög til jarðganga samkvæmt fjárlögum. Framlag til stofnkostnaðar nýrrar Vestmannaeyjaferju var upphaflega 463,2 m.kr. en var lækkað í 100 m.kr. á fjáraukalögum. Önnur framlög til stofnkostnaðar komu við sameiningu stofnana til vitabygginga 14,3 m.kr. til sjóvarnargarða 53,1 m.kr. og til verkefnisins „orkuskipti í skipum“ 5 m.kr.

Á súluriti 10 má sjá heildarframlag til stofnkostnaðar á árunum 2003-2013. Á árinu 2013 eru talin með framlög til stofnkostnaðar sem komu við sameiningu stofnana 1. júlí 2013. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2013.

### Stofnkostnaður / framkvæmdir
Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegaframkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

### Girðingar
Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflu 23 er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2013 og stöðu þessara mála í árslok. Kostnaður við girðingar á árinu 2013 nam tæpum 70 m.kr.

### Landsvegir utan stofnvegakerfis
Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds og endurbóta á 1.937 km landsvega utan stofnvegakerfis auk 242 km á Fjallabaksleið nyrðri og Sprengisandsleið. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2013 var 107,5 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt töflu 20.

Verkefni á landsvegum 2013 voru eingöngu bundin við opnun veganna að vori, heflun og lagfæringu á úrrennslum.

**Suðursvæði:** Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Sprengisandsleið (F26), Lakavegi (F206), Fjallabaksleið nyrðri (F208), Fjallabaksleið syðri (F210), Þórsmerkurvegi (F249), Emstruleið (F261), Kerlingarfjallavegi (F347) og Vigdísarvallavegi (428).

**Vestursvæði:** Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Jökulhálsleið (570), Arnarvatnsvegi (F578) og Ófeigsfjarðarvegi (F649).

**Norðursvæði:** Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Öskjuleið (F88), Arnarvatnsvegi (F578), Skagafjarðarleið (F752), Mælifellsdalsvegi (756), Eyjafjarðarleið (F821), Langanesvegi (869) og Flateyjardalsvegi (F899).

**Austursvæði:** Mestur kostnaður var á eftirfarandi leiðum; Möðrudalsleið (901), Snæfellsleið (F909), Austurleið (F910), Vöðlavíkurvegi (F958) og Jökulvegi (F985).

Tafla 20 *Landsvegir utan stofnvegakerfis.*

| Svæði | kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 37,7 |
| Vestursvæði | 9,8 |
| Norðursvæði | 39,9 |
| Austursvæði | 20,1 |
| Samtals | 107,5 |

Tafla 21 *Héraðsvegir.*

| Svæði | kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 3,6 |
| Vestursvæði | 21,6 |
| Norðursvæði | 14,7 |
| Austursvæði | 8,7 |
| Samtals | 48,6 |

Tafla 22 *Styrkvegir.*

| Svæði | kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 0,1 |
| Suðursvæði | 7,5 |
| Vestursvæði | 19,1 |
| Norðursvæði | 12,8 |
| Austursvæði | 12,0 |
| Samtals | 51,5 |

Tafla 23 *Girðingar.*

| | Óafgreitt.1.1.2013 | | Afgreitt 2013 | | Nýjar kröfur | | Óafgreitt.31.12.2013 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svæði | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk. | Girðingar km | Ristar stk. |
| Suðursvæði | 89 | 0 | 59 | 0 | 12 | 6 | 42 | 6 |
| Vestursvæði | 91 | 14 | 12 | 7 | 14 | 4 | 93 | 11 |
| Norðursvæði | 68 | 5 | 11 | 2 | 1 | 2 | 58 | 5 |
| Austursvæði | 203 | 0 | 9 | 2 | 1 | 2 | 195 | 0 |
| Samtals | 451 | 19 | 91 | 11 | 28 | 14 | 388 | 22 |





Súlurit 10 *Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2013.*






*Ristarhlið í Álftafirði á Snæfellsnesi.*



*Eyjafjarðarleið (F821).*

### Héraðsvegir
Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 48,6 m.kr. til nýrra héraðsvega á árinu 2013 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 21.

### Styrkvegir
Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2013 nam 51,5 m.kr. og skiptist eins og fram kemur í töflu 22.

### Reiðvegir
Kostnaður við reiðvegi á árinu 2013 nam 59,7 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 0,3 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum og 4,7 m.kr. til Landssambands hestamannafélaga vegna reiðvegaskráningar en 54,7 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga til einstakra hestamannafélaga.

## Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður

| Vegnr. Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | Fjárveitingar 2013 *) m.kr. |
|---|---|---|
| **4.1.5 Stofnkostnaður** | | |
| **6.10 Framkvæmdir** | | |
| **Stofn- og tengivegakerfi** | | |
| **Almenn verkefni** | | |
| **Suðursvæði** | | |
| | Undirbúningur verka utan áætlunar | 120 |
| 1 | Hringvegur | |
| a1 | um Aurá | 70 |
| b2 | Múlakvísl | 250 |
| d8 | um Hellisheiði | 1.100 |
| 208 | Skaftártunguvegur | |
| 00 | Hringvegur – Hrífunes | 55 |
| 415 | Álftanesvegur | |
| 04 | Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur | 250 |
| | Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur | 200 |
| | Öryggisaðgerðir | 100 |
| | Hjóla- og göngustígar | 350 |
| | Göngubrýr og undirgöng | 100 |
| **Vestursvæði** | | |
| | Undirbúningur verka utan áætlunar | 60 |
| 50 | Borgarfjarðarbraut | |
| 04 | um Reykjadalsá | 195 |
| 60 | Vestfjarðavegur | |
| 31-33 | Eiði – Kjálkafjörður | 1.000 |
| **Norðursvæði** | | |
| | Undirbúningur verka utan áætlunar | 60 |
| 862 | Dettifossvegur | |
| 02-04 | Dettifossvegur vestri - Norðausturvegur | 536 |
| **Sameiginleg verkefni:** | | |
| | Samgöngurannsóknir | 20 |
| | Öryggisaðgerðir í jarðgöngum | 200 |
| | Breikkun brúa | 200 |
| | **Samtals:** | 4.866 |

| Vegnr. Kaflanr. | Vegheiti Kaflaheiti | Fjárveitingar 2013 *) m.kr. |
|---|---|---|
| **Jarðgangaáætlun:** | | |
| | Sameiginlegur jarðgangakostnaður | 10 |
| 92 | Norðfjarðarvegur | |
| 09 | Norðfjarðargöng | 1.200 |
| | **Samtals:** | 1.210 |
| **Tengivegir - bundið slitlag** | | 900 |
| **Annað en stofn- og tengivegakerfi** | | |
| **Héraðsvegir** | | 80 |
| **Landsvegir utan stofnvegakerfis** | | 100 |
| **Styrkvegir** | | 50 |
| **Reiðvegir** | | 60 |
| **Smábrýr** | | 38 |
| **Girðingar** | | 60 |
| **Göngubrú yfir Markarfljót** | | 45 |
| **Afskriftir markaðra tekna** | | 75 |
| | **Samtals:** | 508 |
| **Niðurskurður samkvæmt fjáraukalögum** | | -620 |
| **6.51 Orkuskipti í skipum** | | 5 |
| **6.60 Vitabyggingar** | | 14 |
| **6.80 Sjóvarnargarðar** | | 53 |
| **6.81 Vestmannaeyjaferja** | | 100 |
| | **Stofnkostnaður samtals:** | 7,036 |

*) Fjárveitingar eru samkvæmt tillögu til þingsályktunar um vegáætlun 2013 auk breytinga sem gerðar voru með fjáraukalögum 2013 og við sameiningu stofnana 1. júlí 2013. Skipting milli svæða Vegagerðarinnar er í samræmi við skipurit frá 1. janúar 2013.





## Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2013

### Suðursvæði

**1 Hringvegur**
**a1 um Aurá**
*Umfang verks:* Bygging á tvíbreiðri brú á Aurá vestan Lómagnúps í stað einbreiðrar brúar frá1972.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 70 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 2 |
| Vegáætlun 2012 | 2 |
| Vegáætlun 2013 | 70 |
| Samtals | 74 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2011 og 2012 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Ný brú var byggð sumarið 2013 og lauk frágangi um haustið.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 2 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 70 |
| Samtals | 74 |



*Hringvegur (1), ný brú og vegur um Leirur sem einnig er nefnd Aurá. Brúin er merkt „Leirur“ á skilti á brúnni. Lómagnúpur í baksýn, 11. september 2013.*

**b0 um Dýralæki**
*Umfang verks:* Dýralækir á Mýrdalssandi hafa runnið undir Hringveginn um 5 ræsi með þvermál 2,2 m. Ræsin fluttu ekki nægjanlegt vatnsmagn og hefur flætt yfir veginn á 5-10 ára fresti, auk þess sem sandurinn í vatninu hefur rofið gat á botn ræsanna. Var því ákveðið að ráðast í að setja stærri ræsi í stað þeirra sem fyrir voru og steypa í botn þeirra.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 52 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 1 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 100 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -44 |
| Samtals | 59 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2009 til 2011 var unnið að hönnun og undirbúningi. Framkvæmdir við endurnýjun ræsanna voru boðnar út í júlí 2012. Framkvæmdir hófust seinni hluta september og var lokið við að setja niður öll ræsin og steypa inn í þrjú þeirra fyrir árslok 2012. Ekki tókst að steypa í botn tveggja og var því lokið 2013. Einnig var unnið við lokafrágang verks utan vegar
*Verktaki:* Bíladrangur ehf., Vík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 1 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 38 |
| 2013 | 17 |
| Samtals | 59 |



*Hringvegur (1), Dýralækir á Mýrdalssandi 5. nóvember 2013.*

**b2 brú á Múlakvísl**
*Umfang verks:* Bygging nýrrar brúar á Múlakvísl í stað brúar sem tók af í flóðum aðfaranótt 9. júlí 2011, ásamt endurbyggingu á vegi og gerð nýrra varnargarða.
*Framkvæmdaform:* Útboð og samningar.
*Kostnaðaráætlun:* 1.000 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 22 |
| Vegáætlun 2012 | 364 |
| Vegáætlun 2013 | 250 |
| Viðlagatrygging 2013 | 202 |
| Samtals | 838 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2011 var unnið að hönnun og undirbúningi nýrra mannvirkja, rannsóknum og því að fjarlægja yfirbyggingu gömlu brúarinnar úr farvegi Múlakvíslar. Á árinu 2012 var unnið að áframhaldandi hönnun og rannsóknum og steyptir staurar undir nýja brú ásamt því að gerð var tilraunavinnsla á grjóti í varnargarða. Bygging brúar og vegagerð var boðin út í apríl 2013 og gerð varnargarða í júní. Framkvæmdir við nýja brú og veg hófust í júlí 2013 og um áramót var búið að steypa allar undirstöður og stöpla brúarinnar og búið að framkvæma tæpan þriðjung af vegagerðarhluta. Framkvæmdir við varnargarða hófust í ágúst og var tæpum þriðjungi þeirra lokið á árinu 2013.
*Verktakar:* Framleiðsla og niðurrekstur



*Hringvegur (1), ný brú á Múlakvísl, 22. október 2013. Hjörleifshöfði í baksýn.*

staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Bygging brúar og vegagerð: Eykt ehf., Reykjavík. Gerð varnargarða: Þjótandi ehf., Hellu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2011 | 22 |
| 2012 | 139 |
| 2013 | 333 |
| Samtals | 494 |

**d3 hringtorg austan Selfoss**
*Umfang verks:* Gerð hringtorgs á vegamótum Hringvegar og Gaulverjabæjarvegar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 100 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -7 |
| Samtals | 93 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í júní 2012 og lauk á haustdögum. Á árinu 2013 var unnið við minniháttar lokafrágang
*Verktaki:* Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2011 | 1 |
| 2012 | 91 |
| 2013 | 1 |
| Samtals | 93 |

**d8 um Hellisheiði**
*Umfang verks:* Breikkun Hringvegar á um 14,8 km löngum kafla frá Hveragerði að Hamragilsvegamótum. Hringvegur er breikkaður í fjórar akreinar um Kamba, en annars í þrjár akreinar. Á allri leiðinni er vegrið milli akstursstefna. Einnig er lagður nýr vegur, Skíðaskálavegur, frá Hamragilsvegi að skíðakála í Hveradölum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 2.100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Vegáætlun 2006 | 26 |
| Vegáætlun 2007 | 25 |
| Vegáætlun 2008 | 35 |
| Fjárlög 2009 | 17 |
| Vegáætlun 2010 | 12 |
| Fjárlög 2011 | 13 |
| Vegáætlun 2012 | 3 |
| Vegáætlun 2013 | 1,100 |
| Flutt á kafla 1-d9, 2013 | -218 |
| Flutt á kafla 1-e1, 2013 | -56 |
| Samtals | 957 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2006-2009 var unnið að hönnun og mati á umhverfisáhrifum Hringvegarins milli Reykjavíkur og Selfoss og var þá miðað við að vegurinn yrðið tvær akreinar í hvora átt. Ákveðið var síðan að vegurinn yrði 2+1 vegur að mestu og var unnið að þeirri endurskoðun á árunum 2010-2012. Á árinu 2013 var lokið við hönnun kaflans um Hellisheiði og verkið boðið út í maí það ár. Framkvæmdir hófust um haustið og var aðallega unnið við gerð Skíðaskálavegar, auk þess sem keypt var efni til verksins í undirgöng og vegrið.
*Verktaki:* Ístak hf., Mosfellsbæ.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2006 | 26 |
| 2007 | 25 |
| 2008 | 35 |
| 2009 | 17 |
| 2010. | 12 |
| 2011 | 13 |
| 2012 | 3 |
| 2013 | 177 |
| Samtals | 308 |

**d9 Hamragilsvegur – Litla kaffistofa**
*Umfang verks:* Lögn efra malbikslags á um 3 km langan kafla Hringvegar frá Hamragilsvegamótum að Litlu kaffistofunni. Þegar kaflinn var byggður árin 2005 og 2006 var einungis lagt neðra lag malbiks.
*Framkvæmdaform*: Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 220 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Flutt af 1-d8 um Hellisheiði | 218 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2013 og lauk í september sama ár.
*Verktaki:* Malbikun í Svínahrauni: Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2013 | 218 |



*Hluti verksins Hringvegur 1-d8 um Hellisheiði, Skíðaskálavegur, 23. janúar 2014.*





**e1 sýslumörk – Nesjavallaleið**
*Umfang verks:* Tvöföldun og breikkun Hringvegar á 6,5 km löngum kafla frá Draugahlíðum að Fossvöllum ofan Lögbergsbrekku. Þar af er um 1 km austast byggður sem 2+1 vegur. Gerð reiðganga undir veginn við Litlu kaffistofuna.
*Framkvæmdaform:* Tvöföldun og breikkun, útboð. Lagfæring vegamóta við Þrengslaveg, samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 1.168 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Fjárlög 2009 | 16 |
| Vegáætlun 2010 | 430 |
| Flutt á önnur verk 2010 | -219 |
| Fjárlög 2011 | 693 |
| Vegáætlun 2012 | 330 |
| Flutt af 1-d8, 2013 | 56 |
| Samtals | 1.306 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í mars 2010 og tilboð opnuð í lok apríl. Fyrsta val á verktaka var kært og því tafðist að ganga frá samningum og verkið hófst í september 2010. Á árinu 2010 var lokið við fyllingar á stærstum hluta 2+2 kaflans og einnig ekið út neðra burðarlagi og fargi á 2,3 km langan kafla. Á árinu 2011 var lokið við nýja akbraut og umferð hleypt á allan veginn. Á árinu 2012 var ytri öxl eldri akbrautar breikkuð og lagt nýtt yfirlag á hana. Einnig lokið fullnaðarfrágangi gatnamóta, fláa og raskaðra svæða Útboðsverkinu var að fullu lokið í júlí 2012. Einnig var afrein af Hringvegi inn á Þrengslaveg breikkuð og lagfærð ásamt því að lengja undirgöng við Litlu kaffistofuna.
*Verktakar:* Tvöföldun og breikkun Hringvegar: Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík. Breikkun afreinar við Þrengslaveg: Loftorka Reykjavík ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2009 | 16 |
| 2010 | 210 |
| 2011 | 693 |
| 2012 | 382 |
| 2013 | 5 |
| Samtals | 1.306 |

**05 við Grundarhverfi**
*Umfang verks:* Gerð svokallaðra hjáreina við fjögur vegamót á Vesturlandsvegi við Skrauthóla, Saltvík, Kirkjuland og Móa/Tinda.
*Framkvæmdaform:* Samningsverk.
*Kostnaðaráætlun:* 11 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Vegáætlun 2013 | |
| bætt umferðarflæði | 11 |

*Verkframvinda*: Undirbyggingu allra hjáreinanna lauk á árinu en einungis náðist að malbika tvo þeirra vegna



*Hringvegur (1), Fossvellir - Draugahlíðar, verk hófst formlega með viðhöfn 22. september 2010.*

óhagstæðs tíðarfars. Framkvæmdin var unnin í nóvember mánuði. Áformað er að malbika þær hjáreinar sem eftir eru á árinu 2014 auk þess að gera þrjár aðrar og lagfæringar við innkeyrslu í Grundarhverfi.
*Verktaki:* Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2013 | 11 |

**26 Landvegur**
**04 Galtalækur – Landmannaleið**
*Umfang verks:* Endurbygging á 7,5 km löngum kafla Landvegar frá Galtalækjarskógi að Þjófafossvegi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 176 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---:|
| Vegáætlun 2012 | 8 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 160 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -19 |
| Samtals | 149 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2012 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins, sem var boðið út í janúar 2013. Verkið hófst í byrjun maí og verklok voru í lok október.
*Verktaki:* Jökulfell ehf., Kópavogi og Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2012 | 8 |
| 2013 | 139 |
| Samtals | 147 |

**34 Eyrarbakkavegur**
**02 um Stekkakeldu og Markakeldu**
*Umfang verks:* Breikkun og endurbætur á brúm á Stekkakeldu og Markakeldu á Eyrarbakkavegi.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 30 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Vegáætlun 2012 smábrýr | 12 |
| Vegáætlun 2013 smábrýr | 20 |
| Samtals | 32 |

*Verkframvinda:* Verkið hófst í lok október 2012 og lauk vorið 2013.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2012 | 12 |
| 2013 | 20 |
| Samtals | 32 |



*Landvegur (26), Galtalækjarskógur - Þjófavossvegur, 23. júlí 2013.*



*Reykjanesbraut (41), undirgöng við Straumsvík, 28. mars 2012.*

**41 Reykjanesbraut**
**15 undirgöng við Straumsvík**
*Umfang verks:* Verkið felst í byggingu ganga undir Reykjanesbraut við Straumsvík og tilheyrandi vegagerð til að tengja Víkurgötu við Reykjanesbraut ásamt endurnýjun og færslu á lögnum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 305 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 36 |
| Vegáætlun 2012 | 50 |
| Vegáætlun 2012 | |
| göngubrýr og undirgöng | 72 |
| bætt umferðarflæði | 82 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 6 |
| Samtals | 246 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í október 2011 og tilboð opnuð 15. nóvember. Kostnaður 2011 er vegna hönnunar og undirbúnings. Framkvæmd hófst í janúarlok 2012 og verkinu var að fullu lokið í september. Kostnaður á árinu 2013 er vegna uppgjörs við veitur og umsjónar við frágangs- og uppgjörsmál.
*Verktaki:* Suðurverk hf., Kópavogi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 36 |
| 2012 | 204 |
| 2013 | 6 |
| Samtals | 246 |

*Skýringar:* Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir.

**15 undirgöng við Hvaleyrarholt**
*Umfang verks:* Gerð undirganga undir Reykjanesbraut við Hvaleyrarholt sunnan Hafnarfjarðar fyrir gangandi og hjólandi umferð ásamt endurnýjun og færslu á lögnum.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 156 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2013 | |
| Göngubrýr og undirgöng | 100 |
| Vegáætlun 2013 | |
| Bætt umferðarflæði | 56 |
| Samtals. | 156 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í apríl 2013 og lauk að mestu á árinu. Frágangur á umhverfi var unninn á árinu 2014.
*Verktaki:* Vélsmiðja Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 121 |

*Skýringar:* Verkið var unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir.

**42 Krýsuvíkurvegur**
**02 Vigdísarvallavegur – Krýsuvíkurkirkja**
**03 Krýsuvíkurvegur – Suðurstrandarvegur**
*Umfang verks:* Styrking og bundið slitlag á hluta Krýsuvíkurvegar.
*Framkvæmdaform:* Samningar.



*Skaftártunguvegur (208), 27. ágúst 2013.*

| Kostnaðaráætlun | m.kr. |
|---|---|
| Áfangi 2011 | 62 |
| Áfangi 2012 | 43 |
| Áfangi 2013 | 45 |
| Samtals | 150 |

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 64 |
| Vegáætlun 2012 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 28 |
| Vegáætlun 2013 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 77 |
| Samtals | 169 |

*Verkframvinda:* Fyrsti hluti verksins hófst í ágúst 2011 og lauk að fullu á árinu. Styrktir voru um 2,9 km og lagðir bundnu slitlagi. Á árinu 2012 var unnið við styrkingu og bundið slitlag á um 2,0 km kafla frá Innra Nýjalandi að klæðingarenda við hverasvæði. Á árinu 2013 var unnið við styrkingu og lögn bundins slitlags frá klæðingarenda við Nýjaland að Syðristapa samtals 2,4 km. Einungis var lagt einfalt lag af klæðingu á þann kafla og áformað að leggja seinna lagið sumarið 2014.
*Verktakar:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og ýmsir verktakar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 64 |
| 2012 | 35 |
| 2013 | 45 |
| Samtals | 144 |

**208 Skaftártunguvegur**
**01 Hrífunesvegur – Búlandsvegur**
*Umfang verks:* Endurbygging og lögn bundins slitlags á um 1,5 km kafla frá Svínadalsvegi að Tungufljóti. Á verktíma var ákveðið að lengja kaflann um 550 m til norðurs og um 200 m til vesturs.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 50 m.kr.





| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Bráðabirgðalán 2012 | 7 |
| Vegáætlun 2013 | 55 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -9 |
| Samtals | 54 |

*Verkframvinda:* Árin 2011 og 2012 var fyrst og fremst unnið við mælingar og hönnun en einnig var unnið malarefni í burðarlög og klæðingu. Verkið var boðið út í febrúar 2013 og var byrjað á framkvæmdum upp úr miðjum apríl og lauk þeim í byrjun júlí.
*Verktaki:* Vörubifreiðarstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 1 |
| 2012 | 7 |
| 2013 | 46 |
| Samtals | 54 |

**268 Þingskálavegur**
**02 Þingskálar – Haukadalur**
*Umfang verks:* Endurbygging og lögn bundins slitlags á rúmlega 5 km langan vegarkafla frá Örlygsstaðamelum að Svínhaga.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 111 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 tengivegir | 59 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 50 |
| Samtals | 110 |

*Verkframvinda:* Vinnsla efnis í burðarlög úr námu við Svínhaga var boðin út í sérútboði í lok ágúst 2012 og hófst í í byrjun árs 2013. Framkvæmdir við uppbygginu vegarins voru boðnar út í lok október 2012 og hófust framkvæmdir um miðjan janúar 2013 og lauk í júlí.
*Verktaki:* Efnisvinnsla: Þjótandi ehf., Hellu. Vegagerð: Þjótandi ehf., Hellu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 1 |
| 2012 | 6 |
| 2013 | 102 |
| Samtals | 109 |

**305 Villingaholtsvegur**
**02 Urriðafossvegur – Fljótshólar**
*Umfang verks:* Uppbygging 2,8 km langs kafla frá Hamarsvegi að Sandbakka.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 91 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2009 | 2 |
| Vegáætlun 2010 | 3 |
| Vegáætlun 2012 | 29 |
| Vegáætlun 2012, viðhaldsfé | 46 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 19 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 1 |
| Samtals | 100 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í maí 2012. Framkvæmdir hófust í byrjun júlí og lauk þeim seinni hluta september. Á framkvæmdatíma var ákveðið að framlengja kaflann um 1 km að Ferjunesi. Kostnaður á árinu 2013 er vegna uppgjörs á malarefni og sáningu.
*Verktaki:* Vörubifreiðarstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 2 |
| 2010 | 3 |
| 2012 | 94 |
| 2013 | 1 |
| Samtals. | 100 |



*Lyngdalsheiðarvegur (365), 2. september 2012.*

**365 Lyngdalsheiðarvegur**
**01 Laugarvatn – Þingvellir**
*Umfang verks:* Nýbygging um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Þingvalla.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 912 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 100 |
| Vegáætlun 2004 | 50 |
| Vegáætlun 2006 | 103 |
| Vegáætlun 2007 | 50 |
| Vegáætlun 2008 | 381 |
| Breyting 2008 | -467 |
| Fjárlög 2009 | 424 |
| Vegáætlun 2010 | 569 |
| Flutt á önnur verk 2010 | -19 |
| Fjárlög 2011 | 37 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 4 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 2 |
| Samtals | 1.234 |

*Verkframvinda:* Unnið var að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum, á árunum 2004 til 2007. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í apríl 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst 2008 Verktaki lauk verkinu í október 2010 og var vegurinn opnaður formlega 15. október. Á árinu 2011 var lokið við frágang meðfram veginum og næstu ár verður unnið að rannsóknum á ákomu köfnunarefnis á svæðinu í samræmi við skilyrði í mati á umhverfisáhrifum. Kostnaður á árinu 2012 var vegna rannsókna á ákomu köfnunarefnis, vegna áburðargjafar yfir sáningar frá árinu áður og vegna frágangs eldri vegtenginga við Gjábakka. Einnig féll til kostnaður vegna leiðréttinga á verðbótum vegna þóknunar eftirlitsaðila. Kostnaður á árinu 2013 er vegna rannsókna á ákomu köfnunarefnis.
*Verktaki:* Klæðning ehf., Kópavogi og Vélaleiga AÞ ehf., Reykjanesbæ.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 5 |
| 2005 | 21 |
| 2006 | 21 |
| 2007 | 22 |
| 2008 | 148 |
| 2009 | 424 |
| 2010 | 550 |
| 2011 | 37 |
| 2012 | 4 |
| 2013 | 2 |
| Samtals. | 1.234 |

**366 Böðmóðsstaðavegur**
**01 Laugarvatnsvegur – Leynir**
*Umfang verks:* Endurbygging 2,3 km af Böðmóðsstaðavegi með bundnu slitlagi frá Laugarvatnsvegi að Böðmóðsstöðum.

*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 58 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 tengivegir | 58 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -7 |
| Samtals | 52 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í apríl 2012 og hófust framkvæmdir í byrjun júlí og lauk að mestu í október. Á árinu 2013 var lokið við reiðveg meðfram veginum og uppgjör við verktaka, auk þess sem unnið var við minniháttar frágang utan vegar og lengingu ræsis.
*Verktaki:* Bíladrangur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 1 |
| 2012 | 48 |
| 2013 | 3 |
| Samtals | 52 |

**415 Álftanesvegur**
**04 Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur**
*Umfang verks:* Gerð Álftanesvegar á 4 km löngum kafla frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastaðavegi ásamt mislægum vegamótum í Garðahrauni og tvennum undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 930 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Vegáætlun 2012 | 550 |
| Vegáætlun 2013 | 250 |
| Samtals | 800 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2012, en ekki var unnt að semja við verktaka vegna kærumála. Kostnaður á árinu 2012 er vegna lokahönnunar og útboðs verksins. Í júlí 2013 var undirritaður samningur við verktaka og hófust framkvæmdir í september. Vegna mótmæla gekk verkið mjög



*Suðurstrandarvegur (427), 21. júní 2012.*

hægt í byrjun en um áramót var langt komið byggingu Garðaholtsganga og búið að móta að mestu veg gegnum Garðahraun. Kostnaður vegna tafa er um 20 m.kr. á árinu 2013.
*Verktaki:* ÍAV hf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 24 |
| 2013 | 101 |
| Samtals | 125 |

**427 Suðurstrandarvegur**
**05-13 Ísólfsskáli – Þorlákshafnarvegur**
*Umfang verks:* Nýbygging á um 49 km löngum vegi á milli Ísólfsskála og Þorlákshafnar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| Kostnaðaráætlun | m.kr. |
|---|---|
| Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur | 1.320 |
| Ísólfsskáli – Krýsuvíkurvegur | 605 |
| Samtals | 1.925 |



*Álftanesvegur (415) í Engidal, 31. júlí 2012.*

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áföngum | -33 |
| Vegáætlun 2008 | 509 |
| Breyting 2008 | -390 |
| Fjárlög 2009 | 1.015 |
| Vegáætlun 2010 | 230 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 145 |
| Fjárlög 2011 | 518 |
| Vegáætlun 2012 | 112 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 19 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 6 |
| Samtals | 2.131 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2007 og 2008 var unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið var að undirbúningi fyrir útboð á verkframkvæmd. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember það ár. Í september 2009 var 14 km kafli milli Selvogs og Þorlákshafnar opnaður fyrir umferð. Á árinu 2010 var lokið við að byggja brú yfir Vogsósa og í september 2010 var rúmlega 7 km kafli frá Selvogi að Herdísarvík opnaður fyrir umferð og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Á árinu 2011 var lokið að leggja fyrra lag klæðingar vestur fyrir Krýsuvíkurveg og ný tenging við Krýsuvíkurveg gerð, auk þess sem seinna lag klæðingar á framkvæmdakafla frá árinu 2010 var lagt. Í byrjun sumars 2012 var seinna klæðingarlag lagt á kaflann frá Herdísarvík að Krýsuvík og lokið við frágang við Krýsuvíkurveg, auk þess sem haldið var áfram með uppgræðslu á söndunum vestan Þorlákshafnar. Framkvæmdir við um 15 km langan kafla frá Ísólfsskála að Krýsuvíkurvegi voru boðnar út í september 2010 og hófust framkvæmdir í lok nóvember mánaðar. Framkvæmdum við þennan kafla lauk að mestu í nóvember 2011



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

og var þá komið fyrra klæðingarlag á veginn. Seinna klæðingarlag var lagt á veginn í júní 2012 og lokið við endanlegan frágang og uppgjör við verktaka. Kostnaður á árinu 2013 er vegna uppgræðslu á söndunum vestan Þorlákshafnar og vegna uppsetningar á vegvísum við Grindavík og víðar, samtals um 2 m.kr. Stærstur hluti kostnaðar á árinu 2013 var þó vegna vinnu við magnuppgjör og vegna málareksturs við þrotabú verktaka.
*Verktakar:* Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur. Jarðvinna: KNH ehf., Ísafirði. Efnisvinnsla: Fossvélar ehf., Selfossi. Ísólfsskáli – Krýsuvíkurvegur: Suðurverk hf., Hafnarfirði.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 11 |
| 2008 | 75 |
| 2009 | 1.015 |
| 2010 | 375 |
| 2011 | 518 |
| 2012 | 131 |
| 2013 | 6 |
| Samtals | 2.131 |

**Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu**

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 20 |
| Vegáætlun 2004 | 31 |
| Vegáætlun 2005 | 30 |
| Vegáætlun 2006 | 21 |
| Breyting 2008 | 145 |
| Fjárlög 2009 | 23 |
| Vegáætlun 2010 | 2 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 7 |
| Fjárlög 2011 | 9 |
| Vegáætlun 2012 | 50 |
| Flutt af Bættu umferðarflæði 2013 | 20 |
| Samtals | 376 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2004 og 2005 var unnið að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir hófust á árinu 2006 og lauk fyrsta áfanga verksins á árinu 2007. Á árunum 2008 og 2009 var unnið við annan áfanga verksins. Á árinu 2010 var unnið við ýmsan frágang og breytingar á ljósastýringum. Kostnaður á árinu 2011 er vegna uppgjörs við birgja og frekari stillingar og frágang á kerfinu. Kostnaður ársins 2012 er að mestu vegna endurnýjunar umferðarljósa á Nýbýlavegi. Einnig var unnið við uppsetningu hraðamyndavéla og lagfæringar á nokkrum gatnamótum. Kostnaður á árinu 2013 er vegna uppfærslu á hugbúnaði fyrir tölvukerfi, vegna endurnýjunar umferðarljósa á Nýbýlavegi í Kópavogi og vegna efniskaupa í endurnýjun umferðarljósa á Breiðholtsbraut.

| Kostnaður: | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 1 |
| 2005 | 3 |
| 2006 | 76 |
| 2007 | 40 |
| 2008 | 145 |
| 2009 | 23 |
| 2010 | 9 |
| 2011 | 9 |
| 2012 | 35 |
| 2013 | 58 |
| Samtals | 399 |

*Skýringar:* Verkið er unnið á vegum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

**Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur**
*Umfang verks:* Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 167 |
| Vegáætlun 2010 | 172 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 25 |
| Fjárlög 2011 | 185 |
| Vegáætlun 2012 | 200 |
| Flutt á undirgöng við Straumsvík 2012 | 82 |
| Vegáætlun 2013 | 200 |
| Flutt á undirgöng við Hvaleyrarholt 2013 | -56 |
| Flutt á gatnamót við Grundarhverfi 2013 | -11 |
| Samtals | 800 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2009 var unnið að 10 verkefnum á gatnamótum þjóðvega og gatnakerfis Reykjavíkurborgar til að auka umferðarflæði og greiða fyrir umferð almenningsfarartækja. Umsjón verkefnanna var í höndum Reykjavíkurborgar og greiddi Vegagerðin sinn hluta kostnaðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni skiptingu milli aðila. Á árinu 2010 var unnið að lokafrágangi og lokauppgjöri vegna verka frá 2009. Að auki bættust við 5 ný verk, þar af eitt í Kópavogi og eitt í Hafnarfirði. Á árinu 2011 var unnið að lokafrágangi og lokauppgjörum verka frá 2010. Þá bættust við 4 ný verk, það stærsta endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar við Álftanesveg og Fjarðarhraun í Engidal. Á árinu 2012 var lokið við framkvæmdir í Engidal sem hófust 2011. Einnig voru gerðar fjórar nýjar strætisvagnabiðstöðvar við Hestháls og Úlfarsá. Ýmsar smærri aðgerðir á gatnamótum og hönnun á breytingu aðreinar að Hafnarfjarðarvegi í Fossvogi og strætóreinar á Hafnarfjarðarvegi við Fífuhvammsveg. Á árinu 2013 var unnið við gerð strætóreinar á Hafnarfjarðarvegi, breytingar á Strandgötu í Hafnarfirði í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, sett upp gangbrautarljós á Hringbraut og Eiðsgranda í samvinnu við Reykjavíkurborg og greidd hlutdeild Vegagerðarinnar í framkvæmdum við Keflavíkurveg í Reykjanesbæ. Einnig var unnið við undirbúning ýmissa verka og kláruð uppgjörsmál.
*Verktakar:* Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við Reykjavíkurborg og Vegagerðina.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 167 |
| 2010 | 197 |
| 2011 | 185 |
| 2012 | 101 |
| 2013 | 132 |
| Samtals | 782 |



*Hafnarfjarðarvegur (40) aðrein frá Fífuhvammsvegi, 5. júní 2013.*



*Miðjuvegrið á Nesbraut (Miklubraut) ofan við Höfðabakka.*

**Öryggisaðgerðir**

*Umfang verks:* Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á þéttbýlissvæðinu á Suðvesturlandi.
*Framkvæmdaform:* Samningar og útboð.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 31 |
| Fjárlög 2011 | 84 |
| Vegáætlun 2012 | 150 |
| Vegáætlun 2013 | 100 |
| Samtals | 365 |

*Verkframvinda:* Unnið var að tveimur verkefnum á árinu 2010, annars vegar uppsetningu vegriða milli akbrauta á Reykjanesbraut frá Bústaðavegi að Breiðholtsbraut og hins vegar uppsetningu vegriðs við rampa á mótum Nesbrautar (Hringbrautar) og Bústaðavegar. Á árinu 2011 var haldið áfram uppsetningu vegriða á Reykjanesbraut milli Bústaðavegar og Breiðholtsbrautar. Einnig voru sett upp vegrið á Nesbraut (Miklubraut) í Ártúnsbrekku og upp fyrir Höfðabakka og sömuleiðis á Vesturlandsvegi frá gatnamótum við Suðurlandsveg til norðurs. Á árinu 2011 voru gerðar lagfæringar á Grindavíkurvegi við innkomu í Grindavíkurbæ í samvinnu við sveitarfélagið og var þeim lokið á árinu 2012. Á árinu 2012 var sett upp miðjuvegrið á um 3,8 km Hringvegar norðan Nesbrautar, um 3,3 km Reykjanesbrautar milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar og um 900 m af kantvegriði á Nesbraut í Ártúnsbrekku. Á árinu 2013 var sett upp víravegrið í miðdeili Reykjanesbrautar á þremur vegarköflum alls um 6,6 km. Annars vegar um Kúagerði og hins vegar sitt hvoru megin við brú yfir Vogaveg (421). Einnig var keypt efni í miðjuvegrið á Suðurlandsveg milli hringtorga við Norðlingaholt og Breiðholtsbraut, sem verður sett upp árið 2014. Sett voru vegrið á nokkrum stöðum á Reykjanesbraut, við Vatnagarða, við Dugguvog, við Kaplakrika og við Grænás í Reykjanesbæ. Einnig voru gerðar aðgerð á Meðalfellsvegi í Kjós til að draga úr umferðarhraða meðfram sumarhúsabyggðinni við vatnið.
*Verktakar:* Vegrið í miðdeili Reykjanesbrautar: Nortek ehf., Reykjavík.
Önnur verkefni: Ýmsir verktakar og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2010 | 31 |
| 2011 | 84 |
| 2012 | 128 |
| 2013 | 94 |
| Samtals | 337 |

**Hjóla- og göngustígar**

*Umfang verks:* Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.
*Framkvæmdaform:* Útboð á vegum sveitarfélaganna.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2012 | 200 |
| Vegáætlun 2013 | 350 |
| Samtals | 550 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2013 var unnið við stofnstíg frá Höfðatúni með Laugavegi og Suðurlandsbraut um Vogahverfi að Súðavogi. Einnig lauk framkvæmd við byggingu göngubrúa á Elliðaárósa og göngustíga í Fossvogi og minniháttar stíga í Hafnarfirði og Kópavogi. Í Garðabæ var lokið við stofnstíg meðfram Reykjanesbraut vestanverðri frá Molduhrauni að Vífilsstaðavegi. Framkvæmd hófst við hjólastíg í Öskjuhlíð milli Flugvallarvegar og Háskólans í Reykjavík og við stofnstíg frá Hlíðardalsvegi í Lindahverfi í Kópavogi að Árskógum í Suður Mjódd. Unnið var að hönnun á ýmsum stigum.
*Verktakar:* Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 208 |
| 2013 | 283 |
| Samtals. | 49 |

**Göngubrú á Markarfljót**

*Umfang verks:* Bygging göngubrúar á Markarfljót frá Emstruleið að Húsadal í Þórsmörk til að auka öryggi og aðgengi að Þórsmörkinni. Verkefnið er unnið í samstarfi Vegagerðarinnar og Vina Þórsmerkur.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2013 | 45 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2011 og 2012 var unnið að frumhönnun og undirbúningi verksins.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 1 |



*Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs skrifa undir samkomulag um áframhaldandi uppbyggingu göngu- og hjólastíga í Reykjavík. Myndin er tekin 31. júlí 2012 á Geirsnefi þar sem árið 2013 var lagður stígur og gerðar göngu- og hjólabrýr yfir Eilliðaárósa.*





## Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

| Fjármögnun: | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2013 | 719 |
| Vegáætlun 2013 | 17 |
| Samtals | 736 |

| Verkefni: Ár: | 2005 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | 12 | 13 | Sam-tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | |
| Hringvegur 1-a2, Núpsstaður – Dalshöfðavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-a4, Foss – Klausturvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 |
| Hringvegur 1-b4 um Mýrdal | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 6 |
| Hringvegur 1-b5 um Jökulsá á Sólheimasandi | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-b7, Raufarfellsvegur – Sandhólmavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-d2, Selfoss – Markarfljót | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-d6, Selfoss – Hveragerði | 1 | 3 | 4 | 26 | 68 | 9 | 0 | 0 | 1 | 112 |
| Hringvegur 1-e2, Nesjavallaleið – Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 6 | 23 | 22 | 28 | 6 | 5 | 1 | 91 |
| Hringvegur 1-f5/f7, Kjalarnes breikkun | 0 | 5 | 2 | 35 | 20 | 1 | 0 | 0 | 0 | 63 |
| Þjórsárvegur 23-01, brú á Þjórsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 | 2 | 0 | 0 | 0 | 14 |
| Skeiða- og Hrunamannavegur 30-04 um Stóru Laxá | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Skeiða- og Hrunamannavegur 30-08, Einholtsvegur – Biskupstungnabraut | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Þjórsárdalsvegur 32-02, Þverá á Þjórsárdalsvegi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hafnarfjarðarvegur 40-04, Vífilsstaðavegur – Fjarðarbraut | 3 | 1 | 1 | 0 | 17 | 10 | 1 | 0 | 0 | 33 |
| Reykjanesbraut 41-02, Faxagata – Hafnarfjarðarvegur | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Reykjanesbraut 41-14, Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur | 0 | 13 | 8 | 9 | 37 | 59 | 8 | 5 | 1 | 140 |
| Reykjanesbraut 41-15, Fjarðarbraut – Vatnsleysustrandarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 3 | 9 | 2 | 0 | 16 |
| Reykjanesbraut 41-21, Grænás – Garðskagavegur | 0 | 0 | 0 | 8 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 11 |
| Kjósarskarðsvegur 48-01, Hvalfjarðarvegur – Meðalfellsvegur | 0 | 0 | 3 | 19 | 22 | 5 | 0 | 0 | 0 | 49 |
| Meðallandsvegur 204-02, Arnardrangsvegur – Syðri-Fljótavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 3 |
| Þórsmerkurvegur 249-01, Hringvegur – Merkurvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Landeyjavegur 252-02, Bakkavegur – Kanastaðir | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Landeyjavegur 252-04, Akureyjarvegur – Grímsstaðavegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 |
| Þingskálavegur 268-01, Rangárvallavegur – Þingskálar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| Hagabraut 286-01, Landvegur – Heiðarbraut | 0 | 0 | 0 | 1 | 5 | 1 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Oddgeirshólavegur 304-01, Hringvegur – Oddgeirshólar | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hamarsvegur 308-01, Gaulverjabæjarvegur – Villingaholtsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Votmúlavegur 310-01, Jórvík – Nýibær | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Langholtsvegur 341-01, Flúðir – Auðsholtsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 1 | 1 | 0 | 0 | 8 |
| Reykjavegur 355-01, Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur | 0 | 0 | 0 | 6 | 3 | 1 | 2 | 1 | 2 | 15 |
| Arnarnesvegur 411-05, Reykjanesbraut – Leirdalur | 0 | 0 | 0 | 31 | 29 | 0 | 11 | 3 | 1 | 75 |
| Arnarnesvegur 411-06, Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 0 | 6 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Breiðholtsbraut 413-01, göngubrú yfir Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 3 |
| Bláfjallavegur 417-02, Bláfjallaleið – Krýsuvíkurvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 |
| Vatnsleysustrandarvegur 420-01, hringtorg – Vogavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 |
| Hallsvegur 432-01, Hringvegur – Höfðabakki | 0 | 0 | 7 | 7 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 17 |
| Nesjavallaleið 435-01, Hafravatnsvegur – sýslumörk | 0 | 2 | 1 | 1 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Ofanbyggðavegur 480-01 ofan Hafnarfjarðar | 1 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Samtals | 10 | 35 | 32 | 183 | 258 | 129 | 47 | 24 | 17 | 735 |

## Vestursvæði

**1 Hringvegur**
**g5 um Borgarfjarðarbrú**
*Umfang verks:* Uppsetning vegriðs og endurröðun grjótvarnar á vegfyllingu beggja vegna Borgarfjarðarbrúar til að auka umferðaröryggi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 152 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 1 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Vegáætlun 2012 | 85 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 67 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 41 |
| Samtals | 198 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2009-2011 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Framleiðsla steyptra vegriða var boðin út í janúar 2012 og voru framleiddir 2.600 m sem voru afhentir í áföngum fram til septemberloka. Verkið var boðið út í maí og hófust framkvæmdir í júlí 2012 og héldu áfram fram á haust. Vorið 2013 var lokið við yfirlagsmalbikun og lokafrágang vegriða. Verklok voru 10. júní 2013.
*Verktakar:* Framleiðsla vegriðseininga: Hraun og sandur ehf., Reykjavík. Vegagerð: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 1 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 3 |
| 2012 | 152 |
| 2013 | 41 |
| Samtals | 198 |



Hringvegur (1) um Borgarfjarðarbrú, vegrið og endurröðuð grjótvörn.

**50 Borgarfjarðarbraut**
**04 um Reykjadalsá**
*Umfang verks:* Bygging nýrrar brúar á Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar frá 1939, nýbygging um 1,8 km langs kafla Borgarfjarðarbrautar og um 0,4 km langs kafla Reykdælavegar.
*Framkvæmdaform:* Vegagerð, útboð. Bygging brúar, samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 270 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2005 | 1 |
| Fjárlög 2009 | 1 |
| Vegáætlun 2010 | 9 |
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Vegáætlun 2012 | 100 |
| Vegáætlun 2013 | 195 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -4 |
| Samtals | 305 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2005 og 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi verkefnisins. Bygging nýrrar brúar hófst í febrúar 2012 og lauk smíðinni í lok júlí. Vegagerð var boðin út í ágúst 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í lok september. Unnið var að gerð fyllingar og neðra burðarlags og í ræsagerð. Hlé gert á framkvæmdum eftir miðjan desember. Verktaki hóf framkvæmdir að nýju í mars 2013 við reiðvegagerð og frágang fláa. Verklok voru með efra lagi klæðingar 15. júlí 2013.
*Verktakar:* Bygging brúar: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |
| 2009 | 1 |
| 2010 | 9 |
| 2011 | 3 |
| 2012 | 197 |
| 2013 | 92 |
| Samtals | 303 |

**52 Uxahryggjavegur**
**02 Borgarfjarðarbraut – Lundarreykjadalsvegur**
*Umfang verks:* Endurbygging á um 6 km löngum kafla með bundnu slitlagi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 155 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2006 | 1 |
| Vegáætlun 2008 | 1 |
| Fjárlög 2009 | 5 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 11 |
| Vegáætlun 2012 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 134 |
| Vegáætlun 2013 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 9 |
| Samtals | 162 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2006-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi framkvæmda. Verkið hófst um miðjan apríl 2012 og var lokið í ágúst að undanskildum frágangi á Snartastaðanámu sem lokið var við í maí 2013.
*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.



Borgarfjarðarbraut (50) um Reykjadalsá, 9. júlí 2013.







Vestfjarðavegur (60) um Reykjadalsá í Miðdölum. Niðurrekstur og gerð sökkuls, 25. mars 2013.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 1 |
| 2008 | 1 |
| 2009 | 5 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 11 |
| 2012 | 141 |
| 2013 | 2 |
| Samtal | 162 |

**60 Vestfjarðavegur**
**03 um Reykjadalsá**
*Umfang verks:* Bygging nýrrar tvíbreiðrar brúar á Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar frá 1954 og færsla Vestfjarðavegar á um 1,3 km löngum kafla við brúna.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 5 |
| Vegáætlun 2013 | |
| Breikkun einbreiðra brúa | 200 |
| Samtals | 206 |

*Verkframvinda:* Vinna við brúargerð hófst í mars 2013 með niðurrekstri staura fyrir undirstöður. Hlé gert á vinnu um miðjan apríl. Vinna hófst á ný í byrjun nóvember og unnið að gerð sökkla og stöpla.
*Verktaki:* Bygging brúar: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 1 |
| 2012 | 5 |
| 2013 | 64 |
| Samtals | 70 |

**31 Eiði – Þverá**
*Umfang verks:* Ný- og endurlögn á 15,9 km löngum kafla Vestfjarðavegar frá Eiði milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar að Þverá í Kjálkafirði. Smíði á tveimur brúm, 160 m langri á Mjóafjörð og 116 m langri á Kjálkafjörð.
*Framkvæmdaform:* Vegagerð, bygging brúa og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 3.341 m. kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 19 |
| Vegáætlun 2010 | 31 |
| Fjárlög 2011 | 84 |
| Vegáætlun 2012 | 1.000 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -53 |
| Vegáætlun 2013 | 1.000 |
| Samtals | 2.081 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum. Verkið var boðið út í febrúar 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í byrjun júní með vinnu við gerð hafnaraðstöðu fyrir efnisflutningapramma í Mjóafirði. Siglt var með efni í þverun Mjóafjarðar en efni ekið í þverun Kjálkafjarðar. Einnig unnið að vegagerð út Kjálkafjörð. Fyllingum í Kjálkafirði út fyrir brúarstæðið lauk í mars 2013 og lokið var við niðurrekstur staura fyrir brú í apríl. Byrjað var á brúargerð í maí og var lokið við að steypa Kjálkafjarðarbrú 1. september. Neðstu lög fyllinga í Mjóafirði voru flutt með pramma en ekið með efri lögin. Fyllingum út fyrir brúarstæði í Mjóafirði lauk í júlí 2013 og niðurrekstri staura í nóvember. Á árinu 2013 var einnig unnið við skeringar og fyllingar á Eiðinu, í Mjóafirði, Kerlingafirði og Kjálkafirði ásamt efnisvinnslu.
*Verktakar:* Vegagerð og bygging brúa: Suðurverk ehf., Kópavogi. Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Kjálkafjörð: Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð: B M Vallá ehf., Reykjavík. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 19 |
| 2010 | 31 |
| 2011 | 84 |
| 2012 | 396 |
| 2013 | 1.544 |
| Samtals | 2.074 |

**39 Dýrafjarðargöng**
*Umfang verks:* Gerð 5,6 km langra jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og bygging á 7,8 km löngum vegarkafla beggja vegna ganganna.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2006 | 22 |
| Vegáætlun 2007 | 7 |
| Vegáætlun 2008 | 17 |
| Fjárlög 2009 | 60 |
| Vegáætlun 2010 | 23 |
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Vegáætlun 2012 | 20 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -10 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -4 |
| Samtals | 138 |



Vestfjarðavegur (60) um Kjálkafjörð, brúargerð, 3. október 2013.

*Verkframvinda:* Á árunum 2006-2013 hefur verið unnið að rannsóknum, hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 22 |
| 2007 | 7 |
| 2008 | 17 |
| 2009 | 60 |
| 2010 | 23 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 2 |
| Samtals | 135 |

**36 Minni-Hattardalsvegur – Súðavík, um Seljalandsós og Seljalandsá**
*Umfang verks:* Nýlögn á 580 m löngum kafla Djúpvegar um Álftafjarðarbotn. Smíði 14 m langrar brúar á Seljalandsós og 8 m langrar brúar á Seljalandsá í stað eldri einbreiðra brúa.
*Framkvæmdaform:* Framleiðsla niðurrekstrarstaura, brúa- og vegagerð: Útboð. Niðurrekstur staura: Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 219 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjáraukalög 2011 | 56 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 175 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 4 |
| Samtals | 235 |

*Verkframvinda:* Niðurrekstrarstaurar voru boðnir út í júlí 2011 og voru reknir niður í október og nóvember. Verktaki hófst handa við byggingu brúar á Seljalandsá síðari hluta nóvember, en varð fljótt frá að hverfa vegna veðurs. Báðar brýrnar voru steyptar í lok júlí 2012. Lokið var við klæðingu vegarins fyrri hluta september og gömlu brýrnar rifnar. Frágangur við hlið vegar og vegrið sett upp síðar um haustið. Á árinu 2013 var unnið að uppgræðslu og frágangi á áningarstað og greiddar land- og efnisbætur.
*Verktakar:* Framleiðsla niðurrekstrarstaura: Esju-einingar ehf., Reykjavík. Vega- og brúagerð: Eykt ehf., Reykjavík. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 56 |
| 2012 | 175 |
| 2013 | 4 |
| Samtals | 235 |

**45 Óshlíðargöng (Bolungarvíkurgöng)**
*Umfang verks:* Gerð jarðganga á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Síðla árs 2005 var í tengslum við gerð fjáraukalaga ákveðið að undirbúa framkvæmdir við Óshyrnugöng, 1,2 km að lengd. Málið þróaðist þannig að skoðaðir voru ýmsir möguleikar á göngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur með umfangsmiklum rannsóknum á jarðlögum og síðan forhönnun og kostnaðaráætlunum á ýmsum leiðum. Í árslok 2006 gerði Vegagerðin grein fyrir niðurstöðum athugana og í framhaldinu var ákveðið að grafa göng frá Skarfaskeri að Ósi. Lengd ganga með skálum var áætluð um 5,4 km. Jafnframt þurfti að leggja 4 km af vegum og smíða 8 m langa brú á Hnífsdalsá og 24 m langa brú á Ósá. Haldið var áfram hönnun og gerð útboðsgagna, forval fór fram og fengu fjórar verktakasamsteypur að bjóða í verkið. Þeim voru send útboðsgögn í nóvember 2007.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 5.070 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjáraukalög 2005 | 300 |
| Vegáætlun 2008 | 1.280 |
| Flutt á Jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði | -11 |
| Breyting 2008 | 338 |
| Fjárlög 2009 | 2.439 |
| Vegáætlun 2010 | 2.113 |
| Flutt á önnur verk 2010 | -168 |
| Fjárlög 2011 | 94 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 10 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 4 |
| Samtals | 6.399 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2005-2007 var unnið að undirbúningi og rannsóknum. Samningur við verktaka var undirritaður 8. apríl 2008 en framkvæmdir hófust í maí með uppsetningu aðstöðu og greftri frá gangamunnum. Fyrsta gangasprenging Hnífsdalsmegin var 4. september og Bolungarvíkurmegin 17. september. Um áramót 2008/9 var lokið við að sprengja 1.493 m eða um 29% af lengd ganganna. Haustið 2008 var einnig byrjað á gerð brúar á Ósá, jafnframt því sem unnið var að gerð fyllinga og grjótvörn beggja vegna ganganna. Árið 2009 var haldið áfram við gröft ganganna og var gegnumbrot 16. nóvember. Var þá hafist handa við fullnaðarstyrkingar ganganna. Nokkrar tafir og kostnaður urðu á framkvæmdinni vegna setbergslaga nærri miðju ganganna. Á árinu 2009 var lokið við brú á Ósá og byggð brú á Hnífsdalsá á haustdögum. Skálar voru steyptir báðum megin og lauk því verki í desember. Hafin var fylling yfir skála í Hnífsdal. Lokið var gerð fyllinga allra vega og gerð grjótvarnar í Hnífsdal. Einnig var mulinn meginhluti efnis í burðarlög og til annarra nota. Unnið var að undirbúningi að uppsetningu raflagna, meðal annars unnið að smíði skápa og innkaupum á búnaði. Snemma vors 2010 hófst lokafrágangur vega og svæða úti. Malbikað var í byrjun ágúst úti og inni og eftir það var unnið að lokafrágangi. Göngin voru tekin í notkun með vígslu 25. september 2010. Eftir það var unnið að lokafrágangi úti í Bolungarvík og endanlegum úttektum og lagfæringu á rafkerfi, einkum stýrikerfi. Á árinu 2011 voru settar upp hraðamyndavélar, gengið frá öryggis- og upplýsingakerfi ganganna og lokið nokkrum smáverkum úti sem tengdust verkinu. Einnig var gengið frá framkvæmdaskýrslu og öllum gögnum verksins og lokauppgjöri við verktaka og eftirlit. Á árinu 2012 var unnið við gagna- og upplýsingakerfi ganganna og unnið að uppgræðslu og sáningu svæða á framkvæmdasvæðinu og umhverfi ganganna. Kostnaður á árinu 2013 er lögfræðikostnaður vegna málferla verktaka varðandi uppgjör verksins.
*Verktaki:* Jarðganga-, vega- og brúagerð: ÍAV hf., Reykjavík og Marti Contractors Ltd., Sviss.
*Eftirlit:* Efla hf., Reykjavík og Geotek ehf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 3 |
| 2006 | 95 |
| 2007 | 143 |
| 2008 | 1.666 |
| 2009 | 2.439 |
| 2010 | 1.945 |
| 2011 | 94 |
| 2012 | 10 |
| 2013 | 4 |
| Samtals | 6.399 |


Óshlíðargöng (Bolungarvíkurgöng).

**502 Svínadalsvegur**
**01 Hvalfjarðarvegur – Leirársveitarvegur**
*Umfang verks:* Breikkun og endurbætur á 8 km löngum kafla Svínadalsvegar milli Leirársveitarvegar og Kambshóls.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2001 | 1 |
| Vegáætlun 2008 | 2 |
| Fjárlög 2009 | 1 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 5 |
| Vegáætlun 2013 | 7 |
| Samtals | 18 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2005-2013 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2001 | 1 |
| 2008 | 2 |
| 2009 | 1 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 5 |
| 2013 | 7 |
| Samtals | 18 |

**505 Melasveitarvegur**
**01 Hringvegur – Hringvegur**
*Umfang verks:* Endurbygging á 2 km löngum kafla Melasveitarvegar með bundnu slitlagi
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 30 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 1 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 30 |
| Samtals | 31 |

*Verkframvinda:* Vinna við verkið hófst í ágúst og var lokið með fyrra lagi klæðingar í september. Seinna lagi klæðingar frestað til næsta árs.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 1 |
| 2013 | 26 |
| Samtals | 27 |

**624 Ingjaldssandsvegur**
**01 Vestfjarðavegur – Núpsvegur**
*Umfang verks:* Endurbygging á um 7,5 km löngum kafla Ingjaldssandsvegar með bundnu slitlagi.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 106 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 100 |
| Samtals | 101 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út en öllum tilboðum hafnað þar sem þau voru talin of há. Í framhaldinu var ákveðið að vinna verkið undir stjórn Vegagerðarinnar á Ísafirði. Vegagerð hófst í júní og lauk í september. Unnið var við fyllingar, ræsagerð, burðarlög og klæðingu. Fyrra lag klæðingar var lagt í lok ágúst en seinna lag á árinu 2014.
*Verktaki:* Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 1 |
| 2013 | 99 |
| Samtals | 100 |

**643 Strandavegur**
**02 Djúpvegur – Drangsnesvegur**
*Umfang verks:* Fyrri áfangi verksins var endurbygging Strandavegar með bundnu slitlagi á um 4 km löngum kafla frá Geirmundarstaðavegi að vegamótum Drangsnesvegar. Seinni áfangi verksins var smíði nýrrar brúar á Staðará og nýr 2,8 km langur vegur frá Djúpvegi að Geirmundarstaðavegi.
*Framkvæmdaform:* Fyrri áfangi: Útboð. Seinni áfangi: Framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Bygging brúar, útboð. Niðurrekstur staura, samningur. Vegagerð, útboð.

| Kostnaðaráætlun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri áfangi | 112 |
| Seinni áfangi | 532 |
| Samtals | 644 |

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2008 | 103 |
| Breyting 2008 | 6 |
| Fjárlög 2009 | 62 |
| Vegáætlun 2010 | 2 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 6 |
| Fjárlög 2011 | 78 |
| Vegáætlun 2012 | 368 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 38 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 55 |
| Samtals | 718 |

*Verkframvinda:* Fyrri áfangi verksins var boðinn út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júlí. Um áramót var búið að undirbyggja allan kaflann. Sumarið 2009 var lögð klæðing, gengið frá vegriði og lokið við frágang. Verklok fyrri áfanga voru í september 2009. Kostnaður á árinu 2010 er vegna hönnunar og undirbúnings við seinni áfanga verksins. Niðurrekstrarstaurar voru boðnir út í júlí 2011 og voru þeir reknir niður í nóvember og desember. Bygging brúar á Staðará var boðin út í ágúst 2011 og hóf verktaki undirbúning


Staðará í Steingrímsfirði, brúargerð 28. mars 2013.

verksins í desember. Verktaki lauk við smíði brúarinnar í júní 2012 og var endanlegum frágangi hennar lokið í ágúst. Vegagerð frá Djúpvegi að Geirmundarstaðavegi var boðin út í maí 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í lok ágúst 2012 og var unnið í skeringum og fyllingum fram undir jól. Á árinu 2013 var unnið í skeringum og fyllingum fram í maí. Þá var farið í neðri burðarlög og lögð bæði lög klæðingar í júní. Síðan var gengið frá vegriði og öðrum frágangi verksins.

*Verktakar:* Fyrri áfangi: Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki.
Seinni áfangi: Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Esju-einingar ehf., Reykjavík. Bygging brúar á Staðará: Eykt ehf., Reykjavík. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 3 |
| 2008 | 106 |
| 2009 | 62 |
| 2010 | 8 |
| 2011 | 78 |
| 2012 | 228 |
| 2013 | 233 |
| Samtals | 718 |

## Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Vestursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2013 | 164 |
| Vegáætlun 2013 | 17 |
| Samtals | 181 |

| Verkefni: Ár: | kostnaður í m.kr. 2005 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | 12 | 13 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-g0, Hvalfjarðargöng – Akrafjallsvegur | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-g2 um Grunnafjörð | 0 | 0 | 0 | 6 | 10 | 0 | 0 | 1 | 0 | 17 |
| Hringvegur 1-g4, Hafnarvegur – Borgarfjarðarbraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 5 |
| Hringvegur 1-g6, Borgarnes – Hrafnaklettur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Hringvegur 1-g7 um Borgarnes | 0 | 0 | 8 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Hringvegur 1-h4, Norðurá – sýslumörk | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 2 | 3 | 0 | 8 |
| Borgarfjarðarbraut 50-05, Hvítá – Hringvegur | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Uxahryggjavegur 52-02, Borgarfjarðarbraut – Lundarreykjadalsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Snæfellsnesvegur 54-10, Útnesvegur – Útnesvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 |
| Snæfellsnesvegur 54-19, Narfeyri – Drangar | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Vestfjarðavegur 60-04 um Haukadalsá | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 0 | 6 |
| Vestfjarðavegur 60-25, Þorskafjarðarvegur – Gröf | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 6 | 5 | 18 | 7 | 41 |
| Vestfjarðavegur 60-36, Dynjandisheiði | 1 | 0 | 4 | 0 | 1 | 5 | 0 | 4 | 4 | 19 |
| Djúpvegur 61-33, Hvítanesvegur – Hestfjarðará | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 |
| Djúpvegur 61-35, Eyrarkirkjuvegur – Minni-Hattardalsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 3 |
| Innstrandarvegur 68-10, Hvalsá – Djúpvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Innnesvegur 503-01, Akrafjallsvegur – Akranes | 0 | 0 | 8 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 |
| Akranesvegur 509-01, Akrafjallsvegur – Akranes | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Akranesvegur 509-02, Akranes – Akranes | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Þverárhlíðarvegur 522-03, Sigmundarstaðavegur – Borgarfjarðarbraut | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hvítársíðuvegur 523-02, Sámsstaðir – Reykholtsdalsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 1 | 1 | 5 |
| Kaldadalsvegur 550-01, Þingvallavegur – Smjörbrekka | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 |
| Kaldadalsvegur 550-02, Smjörbrekka – Uxahryggjavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 |
| Kaldadalsvegur 550-04, Langjökulsvegur – Hálsasveitarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Langavatnsvegur 553-01, Hringvegur – þjónustuhús Iðju | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Útnesvegur 574-09 um Ólafsvík | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Helgafellssveitarvegur 577-01, Snæfellsnesvegur – Snæfellsnesvegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Haukadalsvegur 586-01, Vestfjarðavegur – Smyrlahóll | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 4 |
| Klofningsvegur 590-01, Vestfjarðavegur – Hafnará | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Örlygshafnarvegur 612-03, Kollsvíkurvegur – Hvallátur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Hafnarvegur Ísafirði 636-01, Djúpvegur – Sindragata | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Strandavegur 643-04, Drangsnesvegur – Asparvík | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Strandavegur 643-06, Kolbeinsvíkurá – Djúpavík | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 7 | 1 | 10 |
| Samtals | 2 | 4 | 22 | 13 | 41 | 18 | 17 | 47 | 17 | 181 |





## Norðursvæði

**76 Siglufjarðarvegur**
**Héðinsfjarðargöng**

*Umfang verks:* Jarðgangagerð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út 2003 en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006. Sem fyrsta áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. Annar áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. Þriðji áfangi verksins var að fjarlægja laust efni frá munnum jarðganga í Héðinsfirði. Fjórði áfangi verksins var gerð 6,9 km langra jarðganga milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar og 3,7 km langra jarðganga milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar ásamt 450 m löngum steinsteyptum vegskálum. Lagður var 2,0 km langur vegur í Siglufirði, 0,6 km vegarkafli í Héðinsfirði og samtals 0,6 km langur vegur í Ólafsfirði. Einnig breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og byggð 14 m löng brú yfir Héðinsfjarðará.

*Framkvæmdaform:* 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós: Brúargerð og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura og vegagerð, samningur.
2. áfangi, brú á Fjarðará: Brúargerð, útboð. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, samningur. 3. áfangi, jarðvinna í Héðinsfirði og raflögn að gangamunnum, samningar.
4. áfangi, Héðinsfjarðargöng, útboð.

| Kostnaðaráætlun | m.kr. |
|---|---|
| 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós | 68 |
| 2. áfangi, brú á Fjarðará | 29 |
| 3. og 4. áfangi, Héðinsfjarðargöng | 7.500 |
| Samtals | 7.597 |

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2003 | 68 |
| Vegáætlun 2004 | 33 |
| Vegáætlun 2006 | 555 |
| Vegáætlun 2007 | 1.750 |
| Vegáætlun 2008 | 2.072 |
| Flutt á 96-02 | -18 |
| Flutt á 1-v5 | -1 |
| Flutt á 76-11 | -4 |
| Flutt á endurheimt votlendis | -1 |
| Breyting 2008 | 2.327 |
| Fjárlög 2009 | 2.207 |
| Vegáætlun 2010 | 3.047 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 103 |
| Fjárlög 2011 | 331 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 45 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 5 |
| Samtals | 12.519 |

*Verkframvinda:*
1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003.
2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004.
3. áfangi. Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi útboðs Héðinsfjarðarganga og á síðari hluta ársins var auglýst forval til þátttöku í útboði. Auk þess var lagt rafmagn að fyrirhuguðum gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Samkvæmt skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum var verktaka við gangagerðina ekki heimilt að fara með tæki eða búnað í Héðinsfjörð og lét Vegagerðin því hreinsa laust efni frá fyrirhuguðum gangamunnum í Héðinsfirði.
4. áfangi. Samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í göngunum milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar 9. apríl 2009. Var þá lokið allri sprengivinnu og gangagreftri við Héðinsfjarðargöng. Á árinu 2009 var lokið vinnu við bergstyrkingar og bergþéttingar og vegskála að mestu. Þá var unnið að vegagerð utan ganga og lokið gerð Langeyrarvegar á Siglufirði og tenging að munna Siglufjarðarmegin lögð malbiki. Á árinu 2009 var einnig unnið að frárennslislögnum og niðursetningu á kapalrörum fyrir jarðlagnir í göngum. Vinna við uppsetningar á vatnsklæðningum hófst í árslok 2009. Verktaki afhenti mannvirki í rekstur 30. september 2010, en þá var ólokið nokkrum frágangi við raflagnir og búnað. Formleg vígsla Héðinsfjarðarganga fór fram 2. október 2010. Árið 2011 var unnið við lokafrágang, lagfæringu á aðkomuvegum, uppgjör við verktaka og eftirlit o.fl. Á árinu 2012 var unnið að endurbótum á akbraut ganganna á nokkrum stöðum þar sem vatn hafði fundið sér farveg upp úr akbraut. Einnig var á árinu unnið að lokafrágangi Snorragötu við Síldarminjasafn en sú framkvæmd tengist aðkomuleiðum að Héðinsfjarðargöngum. Á árinu 2013 var lögð lokahönd á þéttbýlishlið innan Siglufjarðar.

*Verktakar:* 1. áfangi. Bygging brúar: Mikael ehf., Höfn. Vegagerð, rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna: Árni Helgason ehf., Ólafsfirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura: Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
2. áfangi. Bygging brúar: Mikael ehf., Höfn. Framleiðsla niðurrekstrarstaura: BM Vallá hf. Niðurrekstur: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. áfangi. Jarðvinna í Héðinsfirði: Stefán Einarsson ehf., Siglufirði. Raflögn að gangamunnum: RARIK.
4. áfangi. Jarðgangagerð, forskálar, brú á Héðinsfjarðará og vegagerð: Metrostav / Háfell ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2003 | 68 |
| 2004 | 33 |
| 2005 | 54 |
| 2006 | 974 |
| 2007 | 2.255 |
| 2008 | 3.397 |
| 2009 | 2.207 |
| 2010 | 3.150 |
| 2011 | 331 |
| 2012 | 45 |
| 2013 | 5 |
| Samtals | 12.519 |

*Skýringar:* Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og fyrra útboðs á jarðgöngum.




*Siglufjarðarvegur (76), Héðinsfjarðargöng, gangamunni í Héðinsfirði, 28. ágúst 2013.*

**82 Ólafsfjarðarvegur**
**06 Múlagöng endurbætur**

*Umfang verks:* Endurbætur á rafkerfi Múlaganga með uppsetningu neyðarstöðvaskápa með símum og slökkvitækjum. Endurbætur á lýsingu ganganna og upplýstra umferðarmerkja. Uppsetning stýrikerfis fyrir göngin og

tenging búnaðar við stýrikerfi þeirra.
*Framkvæmdaform:* Endurbætur á rafkerfi, útboð. Sprengingar vegna tæknirýma, samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 230 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2012 | 12 |
| Vegáætlun 2013 | |
| Öryggisaðgerðir í jarðgöngum | 90 |
| Samtals | 102 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2012 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, sem var boðið út í júní 2013. Á árinu 2013 voru sprengdir tveir hellar fyrir tæknirými. Grafinn var skurður í öxl og lögð í hann rafstrengur og ídráttarrör og unnið var að smíði skápa og annar undirbúningur á verkstæði.
*Verktakar:* Endurbætur á rafkerfi: Rafmenn ehf., Akureyri. Sprengingar vegna tæknirýma: Þórsverk ehf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 12 |
| 2013 | 90 |
| Samtals | 102 |

**85 Norðausturvegur**
**14-22 Katastaðir – Krossavík (Hófaskarðsleið)**
*Umfang verks:* Nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Um er að ræða nýbyggingu á 30,5 km löngum vegi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 1.560 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2004 | 2 |
| Vegáætlun 2005 | 100 |
| Vegáætlun 2006 | 207 |
| Flutt á kafla 06-09 | -16 |
| Flutt á kafla 14 | -134 |
| Vegáætlun 2007 | 340 |
| Vegáætlun 2008 | 1.010 |
| Breyting 2008 | -1.020 |
| Fjárlög 2009 | 658 |
| Vegáætlun 2010 | 590 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 64 |
| Fjárlög 2011 | 39 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 12 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 5 |
| Samtals | 1.857 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2004-2006 var unnið að mati á umhverfisáhrifum, hönnun og öðrum undirbúningi og töfðust framkvæmdir vegna seinkunar á mati á umhverfisáhrifum og eignarnáms. Verkið var boðið út í maí 2007 og hófust framkvæmdir í september það ár. Verklok áttu að vera haustið 2009 en vegna ágreinings um staðsetningu vestast á kaflanum drógust verklok til haustsins 2010. Á árinu 2011 var unnið



*Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, 29. ágúst 2013.*

við frágang girðinga, landgræðslu og uppsetningu öryggisbúnaðar (veðurstöð, myndavélar og textaskilti). Á árinu 2012 var gengið frá efnistökusvæði og unnið að landgræðslu á framkvæmdasvæðinu. Á árinu 2013 var gengið frá áningarstað við vesturenda Hófaskarðsleiðar.
*Verktaki:* Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2004 | 17 |
| 2005 | 16 |
| 2006 | 13 |
| 2007 | 77 |
| 2008 | 366 |
| 2009 | 658 |
| 2010 | 654 |
| 2011 | 39 |
| 2012 | 12 |
| 2013 | 5 |
| Samtals | 1.857 |

*Skýringar:* Kostnaður umfram áætlun er vegna breytinga vestast á kaflanum og vegna almennra verðhækkana á framkvæmdatímanum.

**711 Vatnsnesvegur**
**01 Hvammstangi – Skarð**
*Umfang verks:* Kaflinn frá Hvammstanga að Ytri-Kárastöðum, samtals 4,6 km endurbyggður og lagður bundnu slitlagi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 123 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 7 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 6 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 106 |
| Samtals | 120 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2009, 2010 og 2012 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins sem var boðið út í maí 2013. Verkið hófst í júní og var lokið við endurbyggingu og neðra lag klæðingar á árinu.
*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 7 |
| 2010 | 1 |
| 2012 | 6 |
| 2013 | 102 |
| Samtals | 116 |

**724 Reykjabraut**
**01 Hringvegur – Svínvetningabraut**
*Umfang verks:* Endurbygging og styrking á 7,2 km löngum kafla Reykjabrautar frá Hringvegi austur fyrir Steinholt og gerð framhjáhlaups á Hringveg á móts við Reykjabraut.
*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 120 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2007 | 1 |
| Vegáætlun 2008 | 4 |
| Fjárlög 2009 | 4 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 113 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 2 |
| Samtals | 125 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2007-2010 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Unnið var að framkvæmd verksins sumarið 2011 og verki lokið með lögn tvöfaldrar klæðingar haustið 2011. Kostnaður árið 2012 er vegna girðingarvinnu og yfirborðsmerkinga. Fjárveiting árið 2013 var notuð til greiðslu skuldar.
*Verktakar:* Jarðvinna: Fjörður ehf., Varmahlíð. Klæðing: Borgarverk ehf., Borgarnesi. Efni og umsjón: Vegagerðin.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 1 |
| 2008 | 4 |
| 2009 | 4 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 113 |
| 2012 | 2 |
| Samtals | 125 |





**744 Þverárfjallsvegur**
**04 Sauðárkrókur – Sauðárkróksbraut**
*Umfang verks:* Færsla á 400 m kafla á Þverárfjallsvegi (Strandgötu) á Sauðárkróki.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 59 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 35 |
| Vegáætlun 2013 viðhaldsfé | 15 |
| Samtals | 50 |

*Verkframvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2013 og lauk á árinu.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 50 |

**745 Skagavegur**
**01 Skagastrandarvegur – Örlygsstaðir**
*Umfang verks:* 3,7 km langur kafli frá Skagastrandarvegi og norður fyrir golfvöll endurbyggður og lagður bundnu slitlagi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 80 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2008 | 3 |
| Fjárlög 2009 | 2 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 67 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 17 |
| Samtals | 90 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2008-2010 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins sem var boðið út í júní 2013 og lauk framkvæmdum á árinu.
*Verktaki:* Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2008 | 3 |
| 2009 | 2 |
| 2010 | 1 |
| 2013 | 84 |
| Samtals | 90 |

**752 Skagafjarðarvegur**
**02 Svartá – Stekkjarholt**
*Umfang verks:* Endurbygging á 8,2 km löngum kafla Skagafjarðarvegar milli Svartár og Stekkjarholts.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 163 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2007 | 1 |
| Fjárlög 2009 | 4 |
| Vegáætlun 2012 tengivegir | 88 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 63 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 29 |
| Samtals | 185 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2007 og 2009 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins og var það boðið út í maí 2012. Verktaki hóf framkvæmdir í júní 2012. Samkvæmt útboðsskilmálum átti að ljúka við neðra lag klæðingar á a.m.k. 5 km kafla af 8,2 km heildarlengd. Verkið gekk vel og var ákveðið að ljúka við lagningu tvöfaldrar klæðingar á allan kaflann. Á árinu 2013 var lokið við frágang vegsvæða, reiðvegar og náma.
*Verktaki:* G. Hjálmarsson hf., Akureyri.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 1 |
| 2009 | 4 |
| 2012 | 156 |
| 2013 | 24 |
| Samtals | 185 |

**807 Skíðadalsvegur**
**01 Þverá – Klængshóll**
*Umfang verks:* Endurbygging á tveimur köflum Skíðadalsvegar, 3,4 km frá Skáldalæk að Brautarhóli og 3,4 km frá Hofsá að Ytra-Hvarfi.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 320 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2008 | 3 |
| Fjárlög 2009 | 7 |
| Vegáætlun 2010 | 2 |
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 150 |
| Vegáætlun 2012 tengivegir | 110 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 19 |
| Samtals | 292 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2008-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í apríl 2012 og gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2013. Framkvæmdir hófust í júní 2012 og á árinu var lokið við kaflann frá Skáldalæk að Brautarhóli nema eftir var að leggja efra lag klæðingar. Lokið var við neðra burðarlag á kaflanum frá Hofsá að Ytra-Hvarfi. Á árinu 2013 var að fullu lokið við verkið.
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2008 | 3 |
| 2009 | 7 |
| 2010 | 2 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 186 |
| 2013 | 93 |
| Samtals | 292 |

**854 Staðarbraut**
**01 Aðaldalsvegur – Hvammavegur**
*Umfang verks:* Endurbygging og bundið slitlag á tvo kafla, frá Aðaldalsvegi að Hellulandi 2,3 km og frá Múla að brú á Laxá 2,2 km.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 149 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2009 | 3 |
| Vegáætlun 2010 | 1 |
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 2 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 95 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 3 |
| Samtals | 105 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2009-2012 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins sem var boðið út í apríl 2013. Á árinu 2013 var lokið við að leggja neðra lag klæðingar á báða kaflana en eftir var seinna lag klæðingar og lítilsháttar frágangur.
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| Kostnaður: | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 3 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 98 |
| Samtals | 105 |

**860 Grjótagjárvegur**
**01 Mývatnssveitarvegur – Hringvegur**
*Umfang verks:* Styrking á 2,5 km löngum kafla frá Hringvegi við Jarðbaðshóla að Grjótagjá.



*Skíðadalsvegur (807) slitlagsendi við Hofsá, mynd tekin fyrir framkvæmdir árið 2008.*

*Framkvæmdaform:* Samningur.
*Kostnaðaráætlun:* 16 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 8 |
| Vegáætlun 2012 tengivegir | 23 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 10 |
| Samtals | 41 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2011 var vegurinn styrktur en eftir var lögn bundins slitlags og frágangur. Á árinu 2012 var lokið við að leggja bundið slitlag á kaflann en frágangi á efnisnámum lauk á árinu 2013

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 8 |
| 2012 | 30 |
| 2013 | 3 |
| Samtals | 41 |

*Verktaki:* Jón Ingi Hinriksson ehf., Mývatnssveit.

**Bakkavegur Húsavík**
**Bökugarður – Bakki**
*Umfang verks:* Lögn 2,6 km langs vegar frá hafnarsvæði á Húsavík að iðnaðarsvæði á Bakka. Undir Húsavíkurhöfða verða gerð 943 m löng, 11 m breið jarðgöng í bergi með 50 m löngum steyptum forskálum, samtals 993 m.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2007 | 2 |
| Fjárlög 2011 | 1 |
| Vegáætlun 2012 | 2 |
| Fjáraukalög 2013 | 100 |
| Samtals | 105 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2007-2011 var unnið að skoðun á veglínum og frumdrögum og í lok árs 2011 var fyrst minnst á jarðgöng og skoðaðar aðstæður í því sambandi. Á árinu 2012 voru mögulegar jarðgangaleiðir valdar til frekari rannsókna. Í framhaldinu voru boraðar rannsóknarholur og skrifuð jarðfræðiskýrsla um höfðann með hliðsjón af borunum og eldri gögnum. Í lok árs voru mismunandi leiðir bornar saman og komist að þeirri niðurstöðu að jarðgöng væru ákjósanlegust. Á árinu 2013 var unnið að, hönnun og undirbúningi verksins

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 2 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 62 |

## Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2013 | 197 |
| Vegáætlun 2013 | 60 |
| Samtals | 256 |

| Verkefni: Ár: | 2005 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | 12 | 13 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | |
| Hringvegur 1-k9, Reykjabraut – Blönduós | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 21 |
| Hringvegur 1-m0, Svínvetningabraut – Blönduós | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-m3, Hvammur – Svínvetningabraut | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-m4, Svínvetningabraut – Víðivörðuháls | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Hringvegur 1-m5, Víðivörðuháls – Skagafjarðarvegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 | 4 | 0 | 8 |
| Hringvegur 1-m7 um Skagafjörð | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 2 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-p5, Ólafsfjarðarvegur – Dagverðareyrarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 5 | 8 |
| Hringvegur 1-q6 um Skjálfandafljót | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-r5 um Jökulsá á Fjöllum | 3 | 6 | 4 | 0 | 0 | 9 | 2 | 4 | 8 | 36 |
| Sprengisandsleið 26-12 til 26-16, Kvíslavegur – Nýidalur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| Skagastrandarvegur 74-01, Hringvegur – Þverárfjallsvegur | 0 | 1 | 0 | 0 | 4 | 1 | 2 | 3 | 0 | 11 |
| Siglufjarðarvegur 76-08 um Flókadalsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 |
| Norðausturvegur 85-02 um Skjálfandafljót | 1 | 1 | 0 | 0 | 2 | 6 | 2 | 0 | 16 | 28 |
| Norðausturvegur 85-04, Kísilvegur – Húsavík | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Norðausturvegur 85-27, Langanesvegur – sýslumörk | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 2 | 6 |
| Kísilvegur 87-02, veðurstöð – Geitafellsá | 0 | 0 | 3 | 2 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Miðfjarðarvegur 704-01, Hringvegur – Vesturárdalsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Vatnsnesvegur 711-03, Bergsstaðir – Þorgrímsstaðavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 |
| Vatnsdalsvegur 722-01, Hringvegur – Undirfellsrétt | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Svínvetningabraut 731-01, Hringvegur – Reykjabraut | 0 | 0 | 0 | 1 | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 | 9 |
| Tindastólsvegur 746-01, Þverárfjallsvegur – skíðasvæði | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Eyjafjarðarbraut vestri 821-01, Flugvallarv. – Kristnesvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Hólavegur 826-01, Eyjafjarðarbraut – Eyjafjarðarbraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Eyjafjarðarbraut eystri 829-02, Miðbraut – Eyjafjarðarbraut vestri | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Bárðardalsvegur vestri 842-01, Hringvegur – Hlíðarendavegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 |
| Mývatnssveitarvegur 848-01, Hringvegur – Garðsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Dettifossvegur 862-03, Vesturdalsvegur – Tóveggjarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 9 | 20 | 16 | 23 | 72 |
| Samtals | 5 | 11 | 10 | 6 | 35 | 45 | 41 | 44 | 60 | 257 |







*Hringvegur (1) í Jökuldal, ný brú á Ystu Rjúkandi, 29. ágúst 2013.*

## Austursvæði

**Hringvegur**
**s7 Ysta Rjúkandi**
*Umfang verks:* Bygging 24 m brúar á Ystu Rjúkandi í stað einbreiðrar brúar og 0,9 km vegagerð.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 170 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Breyting 2008 | 2 |
| Fjárlög 2009 | 14 |
| Flutt af öðrum verkum 2010 | 5 |
| Fjárlög 2011 | 9 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 132 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 2 |
| Samtals | 164 |

*Verkframvinda:* Tilboð í verkið voru opnuð í byrjun júní 2009 en skömmu síðar var heimild Vegagerðarinnar til samninga felld niður og öllum tilboðum hafnað. Kostnaður á árinu 2009 er vegna hönnunar og undirbúnings og bótagreiðslna til lægstbjóðanda. Verkið var boðið út að nýju í október 2010. Deilumál við landeigendur komu að mestu í veg fyrir að framkvæmdir hæfust fyrr en vorið 2012 og var þeim lokið í byrjun október það ár. Árið 2013 var unnið við girðingar, landgræðslu og annan frágang vegna verksins.
*Verktaki:* Ylur ehf., Egilsstöðum.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2007 | 1 |
| 2008 | 1 |
| 2009 | 14 |
| 2010 | 5 |
| 2011 | 9 |
| 2012 | 132 |
| 2013 | 2 |
| Samtals | 164 |

**Norðausturvegur (85)**
**40 tenging Vopnafjarðar**
*Umfang verks:* Gerð 2,5 km langrar nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 184 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 2 |
| Vegáætlun 2012 | 150 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 30 |
| Samtals | 182 |

*Verkframvinda:* Kostnaður árið 2011 er vegna hönnunar og undirbúnings. Verkið var boðið út í maí 2012 og hófust framkvæmdir í september það ár. Lokið var við neðra burðarlag vegarins fyrir áramót. Árið 2013 lauk útboðshluta verksins en eftir er smávægileg vinna við landgræðslu og frágang,
*Verktaki:* Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 2 |
| 2012 | 73 |
| 2013 | 107 |
| Samtals | 182 |

**43 Vopnafjörður – Brunahvammsháls**
*Umfang verks:* Fyrri áfangi verksins var nýbygging á 11,2 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Hölkná að Pyttalæk á Bunguflóa. Síðari áfangi verksins var nýbygging á 30,4 km löngum kafla frá Pyttalæk á Bunguflóa að þéttbýlinu við Vopnafjörð. Einnig nýbygging á Hofsárdalsvegi sem er 7 km langur og liggur á milli Vesturárdals og Hofsárdals.
*Framkvæmdaform:* Útboð.

| Kostnaðaráætlun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri áfangi | 450 |
| Síðari áfangi | 1.950 |
| Samtals | 2.400 |

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Inneign frá fyrri áfanga | 19 |
| Vegáætlun 2007 | 100 |
| Vegáætlun 2008 | 329 |
| Breyting 2008 | -81 |
| Flutt á endurheimt votlendis | -1 |
| Fjárlög 2009 | 814 |
| Vegáætlun 2010 | 517 |
| Flutt á önnur verk 2010 | -96 |
| Fjárlög 2011 | 500 |
| Vegáætlun 2012 | 235 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 75 |
| Samtals | 2.411 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2005-2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verkanna. Fyrri áfangi verksins var boðinn út í nóvember 2007 og samið við verktakann í desember. Verktaki lauk að mestu gerð neðra burðarlags á árinu 2008 og var verkinu lokið að fullu haustið 2009. Síðari áfangi verksins var boðinn út í mars 2009 og hófust framkvæmdir í júní. Á árunum 2009-2010 var unnið við byggingu vegarins frá Pyttalæk að Vopnafirði. Á árinu 2011 var lokið við að leggja bundið slitlag á 30,4 km frá Pyttalæk að Vopnafirði og var vegurinn opnaður í september. Undirbyggingu kaflans á Hofsárdalsvegi var að mestu lokið 2011 þegar verktakinn fór í þrot og framkvæmdir stöðvuðust. Ákveðið var að bjóða út að nýju hluta Hofsárdalsvegar haustið 2012. Árið 2012 var einnig unnið við girðingar og uppgræðslu á svæðinu. Það sem eftir var af verkinu, sem var að ljúka við Hofsárdalsveg og heimreiðar í Vestur-



*Norðausturvegur (85), Bunguflói – Vopnafjörður, mynd 2009.*

árdal, var boðið út vorið 2013. Verkinu lauk að mestu haustið 2013, en eftir var smávægileg vinna við frágang náma og landgræðslu
*Verktaki:* Fyrri áfangi, Suðurverk hf., Hafnarfirði. Síðari áfangi KNH ehf., Ísafirði. Eftir gjaldþrot KNH ehf., Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 8 |
| 2006 | 18 |
| 2007 | 24 |
| 2008 | 316 |
| 2009 | 814 |
| 2010 | 421 |
| 2011 | 500 |
| 2012 | 81 |
| 2013 | 229 |
| Samtals | 2.411 |


*Borgarfjarðarvegur (94) um Njarðvíkurá, 14. ágúst 2013.*

**92 Norðfjarðarvegur**
**10 Norðfjarðargöng**
*Umfang verks:* Gerð 7,9 km jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, lögn 7 km af nýjum vegum og bygging brúa á Eskifjarðará og Norðfjarðará.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 12.100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2006 | 1 |
| Vegáætlun 2007 | 91 |
| Vegáætlun 2008 | 88 |
| Fjárlög 2009 | 36 |
| Vegáætlun 2010 | 22 |
| Fjárlög 2011 | 13 |
| Vegáætlun 2013 | 1.200 |
| Bráðabirgðalán 2013 | 56 |
| Samtals | 1.507 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2006-2010 var unnið að rannsóknum, leiðarvali og undirbúningi jarðgangagerðar. Á árinu 2011 var unnið við áframhaldandi hönnun og samninga við landeigendur. Vegna fyrirsjáanlegs dráttar á framkvæmd var tekin sú ákvörðun að kosta til lagfæringa á Oddsskarðsgöngum á því ári. Á árinu 2012 var unnið að lokahönnun mannvirkja og fór forval vegna Norðfjarðarganga fram síðari hluta árs 2012. Útboðsgögn voru afhent í febrúar 2013 og tilboð opnuð í apríl. Samningur við aðalverktaka var undirritaður á Norðfirði 14. júní 2013 og hófst vinna á verkstað í byrjun september við uppsetningu aðstöðu verktaka. Vinnu við forskeringu Eskifjarðarmegin var lokið í byrjun nóvember og hófst jarðgangagröftur í framhaldi af því. Formleg ræsing jarðgangagraftar var gerð 14. nóvember.
Í lok árs var búið að grafa 309 m frá Eskifirði. Vinna við forskeringu Norðfjarðarmegin hófst 22. nóvember. Til þess að jarðgangaverktaki kæmist að gangamunna Norðfjarðarmegin var sumarið 2013 gerður vegslóði í veglínunni frá Norðfjarðará og inn að gangamunna í Fannardal og bygging brúar á Norðfjarðará var boðin út í mars. Byggingu brúar lauk í október 2013. Í apríl 2013 var boðið út eftirlit með framkvæmdinni og samið við ráðgjafa í júní. Á árinu 2013 var gengið frá samningum við flesta landeigendur og Fjarðabyggð.
*Verktakar:* Jarðgangagerð og vegir að göngum: Metrostav a.s.Tékklandi og Suðurverk ehf., Kópavogi. Brú á Norðfjarðará: Vélsmiðja Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði. Eftirlit: Hnit hf., Reykjavík.


*Útboð Norðfjarðarganga, opnun tilboða 16. apríl 2013. Frá vinstri: Gísli Eiríksson, Gísli Gíslason og Björg Helgadóttir.*

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 1 |
| 2007 | 91 |
| 2008 | 88 |
| 2009 | 36 |
| 2010 | 22 |
| 2011 | 13 |
| 2012 | 89 |
| 2013 | 1.167 |
| Samtals | 1.507 |

**94 Borgarfjarðarvegur**
**07 Unaósvegur – Njarðvík**
*Umfang verks:* Endurbygging Borgarfjarðarvegar á um 2,5 km löngum kafla um Njarðvíkurá og lögn stálplöturæsis yfir Njarðvíkurá í stað einbreiðrar brúar.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 147 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 6 |
| Vegáætlun 2012 | 100 |
| Vegáætlun 2012, smábrýr | 8 |
| Flutt af öðrum verkum 2012 | 37 |
| Flutt af öðrum verkum 2013 | 1 |
| Samtals | 152 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2011 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í mars 2012. Framkvæmdir hófust í lok maí 2012 og var lokið í byrjun október, nema landgræðsla sem unnin var á árinu 2013.
*Verktaki:* Þ.S verktakar ehf., Egilsstöðum

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 6 |
| 2012 | 145 |
| 2013 | 1 |
| Samtals | 152 |

**96 Suðurfjarðavegur**
**04 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur**
*Umfang verks:* Endurbætur á rafkerfi Fáskrúðsfjarðarganga með uppsetningu nýrra neyðarsíma, fjölgun slökkvitækja. og upplýstra umferðarmerkja, ásamt tengingu búnaðar við stýrikerfi ganganna.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 113 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Vegáætlun 2012 | 6 |
| Vegáætlun 2013 öryggisaðgerðir í jarðgöngum | 44 |
| Samtals | 50 |

*Verkframvinda:* Á árinu 2012 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins og keyptur ýmis búnaður. Verkið var boðið út í desember 2012. Tilboð voru opnuð 22. janúar 2013. Vegna kærumála dróst mjög að hægt væri að hefja framkvæmdir og var ekki samið við lægstbjóðanda fyrr en 2. júlí. Verkið hófst í september og var unnið að lögn strengja, smíðum á skápum og uppsetningu þeirra ásamt tengingum á öllum búnaði. Ekki tókst að koma búnaði í notkun á árinu.
*Verktaki:* Rafey ehf., Egilsstöðum

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 6 |
| 2013 | 44 |
| Samtals | 50 |

**925 Hróarstunguvegur**
**01 Hringvegur – Húseyjarvegur**
*Umfang verks:* Endurbygging með bundnu slitlagi á 5,5 km löngum kafla Hróarstunguvegar frá Hringvegi að Árbakka.
*Framkvæmdaform:* Útboð.
*Kostnaðaráætlun:* 146 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Vegáætlun 2012 | 2 |
| Vegáætlun 2013 tengivegir | 134 |
| Vegáætlun 2013 smábrýr | 10 |
| Samtals | 149 |

*Verkframvinda:* Á árunum 2011 og 2012 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, sem var boðið út í maí 2013. Árið 2013 var vegur endurbyggður á um 5,5 km og sett stórt ræsi í Blöndu í stað einbreiðrar brúar. Klæðing lögð á um 3,3 km. Eftir var að leggja klæðingu á um 2,3 km og setja upp vegrið um fyllingu við Blöndu.
*Verktaki:* Ylur ehf., Egilsstöðum

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2011 | 3 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 132 |
| Samtals | 137 |

## Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2013 | 239 |
| Vegáætlun 2013 | 31 |
| Samtals | 270 |

| | | kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | Sam- |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verkefni: | Ár: | 2005 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | 12 | 13 | tals |
| Hringvegur 1-t3 um Lagarfljót | | 0 | 1 | 1 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-t7, Skriðdalsvegur – Axarvegur | | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 3 | 7 |
| Hringvegur 1-u4, Gautavíkurvegur – Axarvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 6 |
| Hringvegur 1-v3 um Lónssveit | | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 2 | 0 | 0 | 9 |
| Hringvegur 1-v8 um Hornafjarðarfljót | | 1 | 26 | 32 | 10 | 4 | 3 | 1 | 3 | 15 | 95 |
| Hringvegur 1-x4 um Jökulsá | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Hringvegur 1-x8 til x9 um Öræfi | | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 2 | 0 | 0 | 5 |
| Norðausturvegur 85-33, Miðfjarðará – Hafnarvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Borgarfjarðarvegur 94-03, Eiðar – Steinsvaðsvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 | 5 |
| Borgarfjarðarvegur 94-08, Njarðvík – Borgarfjörður | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 |
| Suðurfjarðavegur 96-02, Norðfjarðarvegur – Þórdalsheiðarvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 5 |
| Suðurfjarðavegur 96-07, Vattarnesvegur – Vík | | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 2 | 0 | 1 | 8 |
| Austurleið 910-09, Aðalból – Snæfellsleið | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 4 | 2 | 3 | 16 |
| Hlíðarvegur 917-01, Hringvegur – Hallgeirsstaðavegur | | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Jökuldalsvegur 923-01, Hringvegur – Hákonarstaðir | | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Upphéraðsvegur 931-03, Skeggjastaðir – Brekkugerðisvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 4 | 9 |
| Axarvegur 939-01, Hringvegur – Ódáðavatnsvegur | | 0 | 2 | 2 | 20 | 32 | 15 | 8 | 4 | 3 | 86 |
| Samtals | | 1 | 29 | 36 | 35 | 60 | 34 | 30 | 14 | 31 | 270 |

## Sameiginleg verkefni

**Sameiginlegur jarðgangakostnaður**
*Umfang verks:* Rannsóknir vegna jarðgangagerðar og umsjón með því að öryggiskröfur séu uppfylltar.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Vegáætlun 2013 | 10 |

*Verkframvinda:* Kostnaður á árinu 2013 var vegna þátttöku í erlendum verkefnum varðandi öryggi í jarðgöngum og vinnu við athugun á jarðgangakostum á Miðausturlandi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 3 |

**Samgöngurannsóknir**

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Vegáætlun 2013 | 20 |

*Verkframvinda:* Unnið var m.a. að verkefnum varðandi umhverfisáhrif samgönguáætlunar, stefnumótun Vegagerðarinnar, samspil vega og skipulags, ferðamannavegi og áhrif samgöngubóta á byggðaþróun og forgangsröðun vegaframkvæmda.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 4 |

**Orkuskipti í skipum**
*Umfang verks:* Styrkveitingar til orkuskipta í skipum eða innviðum hafna.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Fjáraukalög og | |
| millifærslur 2013 | 5 |
| Flutt af höfuðstól | |
| Siglingastofnunar 2013 | 24 |
| Samtals | 29 |

*Verkframvinda:* Fjórum fyrirtækjum var úthlutað styrk til verkefna sem féllu að áhersluatriðum úthlutunarnefndar. Þau fyrirtæki sem fengu styrki voru Véltak ehf., Hafnarfirði,vegna verkefnisins „Hreinsibúnaður fyrir smurolíugufur í vélarrúmum skipa“, Varðeldur ehf., Kópavogi vegna verkefnisins „Eldsneytisframleiðsla með hitasundrun og vetnun“, GPO ehf., Akureyri vegna verkefnisins „Plast í olíu“ og Norðursigling ehf., Húsavík vegna verkefnisins „Rafbátur, notkun á endurnýjanlegri orku á sjó“. Samtals voru samþykktir styrkir að upphæð 30 m.kr., sem eru greiddir eftir framvindu verkefnanna.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 11 |

**Vitabyggingar**
*Umfang verks:* Stofnkostnaður vita og leiðsögukerfa.

| Fjármögnun | m.kr |
|---|---|
| Fjáraukalög | |
| og millifærslur 2013 | 14 |
| Flutt af höfuðstól | |
| Siglingastofnunar 2013 | 25 |
| Samtals | 39 |



*Flatey á Breiðafirði, skúr fyrir AIS búnað.*




*Öryggisskápur í jarðgöngum.*

*Verkframvinda:* Greidd var uppfærsla á AIS (Automatic Identification System) búnaði.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2013 | 1 |





# Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2013

## Hafnarframkvæmdir

Í þessu skjali er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2013 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja. Í töflu a koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2013. Til samanburðar eru tölur fyrri ára.

Tafla a. *Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir.*

| | 2011 m.kr. | 2012 m.kr. | 2013 m.kr. |
|---|---|---|---|
| Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir | 1.097,4 | 963,6 | 1133,7 |
| *þar af Landeyjahöfn* | *502,0* | *313,9* | *438,2* |
| Ferjubryggjur | 3,8 | 2,2 | 0,1 |
| Tjónastyrkir | 5,5 | 28,9 | 3,4 |
| Samtals | 1.101,2 | 994,7 | 1.137,2 |

## Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir

**Snæfellsbær**
*Arnarstapi:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.
*Rif:* Samið var við Björgun um að fjarlægja 10 $m^3$ stein úr innsiglingunni að Rifi. Verkið var að hluta ríkisstyrkt. Framkvæmdakostnaður: 3,7 m.kr. Sjá einnig kafla um óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir og tjónastyrki.

**Grundarfjörður**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Stykkishólmur**
Í nóvember var boðin út endurbygging á tveimur gömlum flotbryggjum og í framhaldi samið við lægstbjóðanda, Skipavík ehf. Verkið fólst í að taka upp gömlu timburflotbryggjurnar, gerð fjögurra steyptra flotbryggjueininga 2,4 x 12,5 m ásamt fylgihlutum og uppsetningu þeirra við gömlu stöplana. Verk er ekki hafið.
Á árinu hófst hönnun og undirbúningur fyrir útboð á lengingu á Ferjubryggju. Lengja á bryggjuna um 12 m. Burðarvirki bryggjunnar verður úr stáli og klætt með azobe harðvið. Gert var ráð fyrir að framkvæmdin væri boðin út í febrúar 2014.
Framkvæmdakostnaður: 10,0 m.kr.

**Dalabyggð**
*Búðardalur:* Gilbert Elísson ehf. og Verklok ehf. luku vinnu sinni við viðhaldsdýpkun í innsiglingu smábátahafnarinnar.
Framkvæmdakostnaður: 3,0 m.kr.

**Reykhólar**
Samið var við Hagtak hf. um dýpkun innan Reykhólahafnar að lokinni verðkönnun. Í verkinu fólst að dýpka 2.200 $m^2$ svæði þar sem koma á fyrir flotbryggju fyrir smábáta og 2.340 $m^2$ svæði við hafskipabryggju til að bæta aðstöðu fyrir nýtt skip Þörungaverksmiðjunnar. Ákveðið var að dýpka í innsiglingarennu, alls um 2.700 $m^2$ þar sem framkvæmdin var innan fjárheimilda Siglingastofnunar. Í allt voru fjarlægðir um 9.000 $m^3$ af dýpkunarefnum úr höfninni. Heildargreiðsla til verktakans með magnbreytingum og viðbótarverki varð 22.290.800 kr.
Að lokinni verðkönnun var samið um útvegun á flotbryggju ásamt búnaði og smíði á landstöpli fyrir hana. Flotbryggjan er staðsett gegnt bryggju Þörungarverksmiðjunnar á innanverðum brimvarnargarðinum. Um smíði á landstöpli sá Eiríkur Kristjánsson húsasmíðameistari, heildargreiðsla fyrir landstöpul ásamt jarðvinnu 2.150.900 kr.



*Reykhólar, dýpkun, 27. júní 2013.*



*Reykhólar, vinna við flotbryggju, 8. nóvember 2013.*



*Drangsnes, steypt þekja endurnýjuð, 16. júlí 2013.*

Króli ehf. sá um smíði á 40 m langri flotbryggju ásamt öllum búnaði og uppsetningu hennar. Heildargreiðsla til Króla ehf. fyrir frágengna flotbryggju og búnað 11.716.000 kr.
Framkvæmdakostnaður: 34,6 m.kr

**Vesturbyggð**
*Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Tálknafjörður**
Boðin var út 1.390 m$^2$ þekja á Gömlubryggju. Samið var við lægstbjóðanda Stálborg ehf. um verkið. Samningsverð 29.039.380 kr. var 102,6% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í lagningu á vatnslögn og steypu á 1.390 m$^2$ járnbentri þekju. Verkið hófst í júní og var því að fullu lokið í ágúst. Að lokinni verðkönnun var samið við Fjölni Freysson rafverktaka um raforkuvirki bryggjunnar. Samningsverð fyrir raforkuvirki 4,6 m.kr. Verkinu lauk á árinu.
Framkvæmdakostnaður: 43,5 m.kr.

**Bolungarvík**
Vinna lauk við endurnýjun á flotbryggju í smábátahöfn. Verkið var boðið út í ágúst 2012. Lægstbjóðandi Þotan ehf. hóf verkið í nóvember og lauk því í febrúar 2013.
Framkvæmdakostnaður: 11,3 m.kr.

**Ísafjarðarbær.**
*Þingeyri, Flateyri:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.
*Suðureyri:* Boðin var út endurbygging á Löndunarbryggju. Samið var við lægstbjóðanda Íslenska gámafélagið ehf. Samningsupphæð 43.697.920 kr. sem var 103,8% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að endurnýja stálþil á 68 m kafla. Stálþilsplötur í verkið voru keyptar árið 2008 samhliða stálþilsplötum fyrir Mávagarð á Ísafirði. Verkið var á samgönguáætlun 2007-2010 en að beiðni heimamanna var því frestað. Verktaki hóf störf í júlí og í nóvember var verkinu að fullu lokið.
*Ísafjörður:* Boðin var út steypt þekja á Mávagarði. Samið var við lægstbjóðanda Vestfirska verktaka ehf. sem bauð 28.463.984 kr. sem var 89,8% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að steypa 920 m$^2$ þekju ásamt byggingu á lagnahúsi, lagningu vatns- og rafmagnslagna og frágang á raforkuvirki. Verkið hófst í byrjun júní og var því að fullu lokið í desember.
Að lokinni verðkönnun var samið við Vestfirskra verktaka ehf. um gerð upptökubrautar við Olíubryggjuna. Steypt var 30 m löng braut með 11% halla. Heildargreiðslur til verktaka voru 5.301.915 kr.
Framkvæmdakostnaður: 68,6 m.kr.

**Súðavík**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Norðurfjörður**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Drangsnes**
Steypt þekja á Drangsnesbryggju var endurnýjuð að hluta. Fjarlægðir voru um 400 m$^2$ af gömlu þekjunni, undirlagið þjappað og síðan steypt ný. Samið var við Grundarás ehf. um framkvæmdina á grundvelli kostnaðaráætlunar Siglingastofnunar.
Framkvæmdakostnaður: 5,8 m.kr.

**Hólmavík**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Hvammstangi**
Að lokinni verðkönnun var samið við Björgun ehf. um dýpkun við enda Norðurgarðs og í innsiglingu Hvammstangahafnar. Stærð dýpkunarsvæða 2.459 m$^2$ og magn dýpkunarefna 2.900 m$^3$. Dýpkunarskipið Perlan var notað við framkvæmdina. Til að fá sem best verð og minnka kostnað við siglingar var skipið samnýtt við dýpkun á Húsavík og Kópaskeri
Framkvæmdakostnaður: 4,6 m.kr.

**Blönduós**
Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

**Skagaströnd**
Hafin var vinna vegna lengingu á Miðgarði. Hönnuð var 40 m löng trébryggja í framhaldi af Miðgarði framan við hafnarvog. Efni í bryggjuna, 29 stk. af basralocus staurum og 44 m$^3$ af asobe burðarvið var boðið út og keypt til landsins frá Wijma Kampen B.V. Hollandi fyrir 14.163.877 kr. Boltaefni í samskeyti frá Bykó fyrir 1.082.870 kr.
Bryggjusmíðin var svo boðin út og tilboð opnuð 18. júlí. Þrjú tilboð bárust. Kostnaðaráætlun var 35.152.760 kr. Samið var við lægstbjóðanda Guðlaug Guðmundsson, samningsupphæð 35.802.000 kr. Um áramótin var eingöngu hafin vinna við jarðvinnuþátt framkvæmdarinnar.
Framkvæmdakostnaður: 21,3 m.kr.

**Skagafjörður**
*Sauðárkrókur, Hofsós:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Fjallabyggð**
*Siglufjörður, Ólafsfjörður:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Dalvíkurbyggð**
*Dalvík:* Vinna lauk við stækkun á smábátaaðstöðu. Verkið var boðið út vorið 2012, lægstbjóðandi Dalverk ehf. hóf verkið í júlí og lauk því í lok febrúar 2013.
*Árskógssandur:* Engar ríkistyrktar framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 3,6 m.kr.

**Hafnasamlag Norðurlands**
*Akureyri:* Verktaki Íslenska gámafélagið ehf. lauk vinnu við Ísbryggju og Togarabryggju í júlí. Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir ríkisstyrk til Ísbryggjunnar. Framkvæmdin fólst í rifi á gömlu Ísbryggjunni og byggingu nýrrar 70 m bryggju með 9 m hönnunardýpi og 2.100 m$^2$ bryggjuþekju. Framkvæmd við Togarabryggju nýtur hins vegar ekki ríkisstyrks. Verkin voru unnin samtímis.
*Grímsey:* Árni Helgason ehf. lauk vinnu við styrkingu grjótvarnar utan á hafnargarðinn í Grímsey. Verkið hófst árið 2012. Steinar í verkið voru unnir úr námu í Ólafsfirði og fluttir til Dalvíkur og þaðan voru þeir fluttir með ferjunni til Grímseyjar þegar pláss leyfði. Grjótröðunin sjálf byrjaði ekki fyrr en haustið 2013 þar sem þá var búið að ferja nóg grjót til Grímseyjar. Verkinu var að fullu lokið í desember. Eftir var að ganga frá uppgjöri við verktakann.
Framkvæmdakostnaður: 63,1 m.kr.

**Norðurþing**
*Húsavík:* Að loknu útboði á endurbyggingu bryggju við Suðurgarð var samið við lægstbjóðanda Árna Helgason ehf.





Tafla I. *Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2013.*

| | | Styrk-hlutfall % | Heildar-kostnaður m.kr. | Ríkis-hluti m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 6.70 Almennar hafnir | | | | |
| I. Innan grunnnets | | | | |
| Viðhaldsdýpkanir | Hornafjörður viðhaldsdýpkun, | 75 | 31,7 | 19,0 |
| (og skjólgarðar) | Vopnafjörður, viðhaldsdýpkun, | 75 | 1,4 | 0,8 |
| Snæfellsbær | Rif, viðhaldsdýpkun fjarlæja nagg í innsiglingu | 75 | 3,7 | 2,2 |
| Stykkishólmur | Ferjubryggja endurbygging og lenging bryggju | 90 | 9,3 | 6,6 |
| | Endurbyggja flotbryggjur | 90 | 0,7 | 0,5 |
| Vesturbyggð | Patreksfjörður, endurbygging stálþils, | 60 | 3,3 | 1,6 |
| Bolungarvík | Gamla flotbryggja endurbyggð | 60 | 11,3 | 5,4 |
| Ísafjarðarbær | Ísafjörður, Uppsátur fyrir smábáta | 60 | 5,9 | 2,8 |
| | Ísafjörður, Mávagarður stálþilsbryggja | 60 | 19,2 | 9,2 |
| Skagaströnd | Lenging viðlegukants við hafnarvog | 40 | 21,3 | 6,8 |
| Dalvíkurbyggð | Dalvík, viðhaldsdýpkun, innsigling | 75 | 0,2 | 0,1 |
| | Dalvík, smábátaaðstaða, dýpkun | 75 | 0,5 | 0,3 |
| | Dalvík, smábátaaðstaða, flotbryggja | 60 | 2,9 | 1,4 |
| Hafnasamlag | Grímsey, styrking grjótvarnar á hafnargarði | 75 | 7,8 | 4,6 |
| Norðurlands | Akureyri, Ísbryggja | 60 | 55,3 | 26,4 |
| Norðurþing | Húsavík, endurbygging Suðurgarðs, staurabryggja | 60 | 140,1 | 67,0 |
| | Húsavík, viðhaldsdýpkun við Suðurgarð | 75 | 12,0 | 7,2 |
| Langanesbyggð | Þórshöfn, dýpkun í innsiglingu og innan hafnar | 60 | 174,1 | 83,2 |
| Seyðisfjörður | Bryggja við bræðslu, lýsisbryggja endurbyggð | 60 | 11,0 | 5,2 |
| Djúpivogur | Smábátaaðstaða trébryggja endurbyggð | 60 | 45,5 | 21,8 |
| Grindavík | Dýpkun og breikkun innri rennu | 75 | 0,2 | 0,1 |
| Alls innan grunnets | | | 557,5 | 272,4 |
| | | | | |
| II. Utan grunnnets | | | | |
| Af óskiptu fé til | | 60 | 0,0 | 0,0 |
| slysavarna | | 75 | 0,0 | 0,0 |
| Viðhaldsdýpkanir | Búðardalur, viðhaldsdýpkun | 75 | 3,0 | 1,8 |
| (og skjólgarðar) | Húnaþing vestra, viðhaldsdýpkun | 75 | 4,6 | 2,7 |
| | Kópasker, viðhaldsdýpkun | 75 | 0,7 | 0,5 |
| Reykhólahreppur | Dýpkun innar hafnar | 90 | 19,3 | 13,84 |
| | Smábátaaðstaða, flotbryggja | 90 | 15,3 | 10,98 |
| Tálknafjarðarhöfn | Endurbygging gömlu bryggju | 60 | 43,5 | 20,8 |
| Ísafjarðarbær | Suðureyri, endurbygging stálþils | 60 | 44,8 | 21,4 |
| Drangnes | Endurbyggja þekju við krana og fram á enda bryggju | 90 | 5,8 | 4,1 |
| Strandabyggð | Hólmavík, endurbygging stálþils | 60 | 0,0 | 0,0 |
| Langanesbyggð | Bakkafjörður, dýpkun hafnar | 60 | 1,1 | 0,5 |
| Borgarfjörður eystri | Garður út í Hafnarhólma, endurbyggja brimvörn | 75 | 0,1 | 0,0 |
| Alls utan grunnets | | | 138,0 | 76,7 |
| Alls fjárlagaliður 6,70 | | | 695,5 | 349,1 |
| | | | | |
| 6.72 Landeyjahöfn | Ferjuhöfn | 100 | 438,2 | 438,2 |
| 6.73 Húsavíkurhöfn | Stóriðjuhöfn á Húsavík | 100 | 2,3 | 2,3 |
| 6.76 Ferjubryggjur | Ferjubryggjur óskipt, | 100 | 0,0 | 0,0 |
| | Flatey ferjubryggja | 100 | 0,1 | 0,13 |
| 6.76 Ferjubryggjur alls | | | 0,1 | 0,13 |
| | | | | |
| Tjónaviðgerðir | Ólafsvík, Norðurgarður viðgerð | 75 | 3,4 | 2,0 |
| | Ólafsfjörður, viðgerð á Vesturgarði | 75 | 0,0 | 0,0 |
| Alls tjónaviðgerðir | | | 3,4 | 2,0 |
| | | | 1.137 | 746,0 |

Samningsupphæð var 106,5 m.kr. sem er 97,8% af kostnaðaráætlun. Í verkinu fólst að fylla að gamla stálþilinu, reka 85 staura og byggja 134 m langa harðviðarbryggju framan við gamla stálþilið ásamt lagningu vatnslagna og malbika þekju. Verktakinn hóf störf við verkið í byrjun árs og var því lokið um áramótin. Eftir er að ganga frá uppgjöri við verktakann. Gerð var verðkönnun á raflögnum í bryggjuna og í kjölfarið samið við Víkurraf ehf. sem lauk verki um áramót og fékk greitt 11.017.418 kr. Að lokinni verðkönnun var samið við Björgun ehf. um viðhaldsdýpkun í höfninni. Stærð dýpkunarsvæða var 7.000 m$^2$ og magn dýpkunarefna um 8.500 m$^3$. Dýpkunarskipið Perlan var notað við framkvæmdina. Verkinu var að fullu lokið í ágúst. Til að fá sem best verð og minnka kostnað við siglingar var skipið samnýtt við dýpkun á Hvammstanga og Kópaskeri
*Kópasker:* Að lokinni verðkönnun var samið við Björgun ehf. um viðhaldsdýpkun í höfninni. Erfitt er að dýpka í höfninni þar sem dýpkunarefnið er fíngerður leir sem berst frá ósi Jökulsár á Fjöllum. Leirinn gruggast upp og vatnsblandast þegar hreyft er við honum. Stærð dýpkunarsvæða 2.372 m$^2$ og magn dýpkunarefna 5.000 m$^3$. Dýpkunarskipið Perlan. var notað við framkvæmdina. Verkinu var að fullu lokið í ágúst. Til að fá sem best verð og minnka kostnað við siglingar var skipið samnýtt við dýpkun á Hvammstanga og Húsavík.
*Raufarhöfn:* Engar ríkistyrktar framkvæmdir
Framkvæmdakostnaður: 152,8 m.kr.

**Langanesbyggð**
*Þórshöfn:* Boðin var út í janúar, saman dýpkun í Þórshafnarhöfn og Bakkafjarðarhöfn. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Björgun ehf. sem bauð 199.157.120 kr. sem var 98,2% af kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Dýpkað var snúningssvæði innan hafnar og í innsiglingunni á Þórshöfn. Dýpkunarsvæðin voru 15.500 m$^2$ laust og fast efni. Hönnunardýpi innan hafnar -8,0 m og í innsiglingu -9,0 m. Verktaki hóf störf við dýpkun á Þórshöfn í júní og lauk verki fyrir áramót.
*Bakkafjörður:* Á Bakkafirði á að dýpka innan hafnar. Dýpkunarsvæðin eru samtals 710 m$^2$ af lausu efni og föstu efni. Hönnunardýpi -2,5 m. Verk er ekki hafið.
Framkvæmdakostnaður: 175,2 m.kr.

**Vopnafjörður**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Borgarfjörður eystri**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Seyðisfjörður**
Framkvæmdir við endurbyggingu og breikkun Lýsisbryggju lauk á árinu. Að undangengnu útboði í apríl 2012 var samið við Icebox ehf. um kaup á bryggjutimbri úr gagnvarinni furu, 37 stk. 20 m langa staura og 45,5 m$^3$ af burðarviðum fyrir 19.376.700 kr. Boltaefni keypt af Ísól fyrir 842.270 kr. Bryggjusmíðin, sem fólst í að endurbyggja um 170 m$^2$ af bryggjunni og breikka hana frá 0,5 til 4 m að 47 m kafla, var síðan boðin út í september. Tvö tilboð bárust og var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Guðmund Guðlaugsson. Samningsupphæðin 20.455.550 kr. var 91% af kostnaðaráætlun. Verkinu er að fullu lokið.
Framkvæmdakostnaður: 11,0 m.kr.

**Fjarðabyggð.**
*Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður:* Engar ríkistyrktar framkvæmdir.
Sjá einnig kafla um óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir

**Breiðdalsvík**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Djúpivogur**
Boðin var út smíði á harðviðarbryggju. Að loknu útboði var samið við lægstbjóðanda Hellur og varmalagnir ehf. Samningsverð var 38,7 m.kr. sem var 87,1% af kostnaðaráætlun. Bryggjan er 50 m löng harðviðarbryggja sem gengur hornrétt út frá landi. Á norðurhlið hennar er viðlega fyrir stærri báta en að innan verða flotbryggjur fyrir smábáta tengdar við hana. Bryggjan er heilklædd og mun veita skjól fyrir öldum við flotbryggjurnar. Verkið hófst í apríl. Verktakinn sagði sig frá verkinu í júlí og var samningi við hann rift. Samið var við Lárus Einarsson bryggjusmið um að ljúka verkinu og ráðnir tveir heimamenn með honum. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramótin.
Framkvæmdakostnaður: 45,5 m.kr.

Tafla II. *Verk við hafnaframkvæmdir sem lauk árið 2013 á meðalverðlagi 2013.*

| (Ríkishluti framkvæmda í m.kr.). | | Siglingamálaáætlun (verðlag áætlunar framreiknað til 2013) | | | | | Verkuppgjör | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6.70 Almennar hafnir | | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals |
| Snæfellsbær | Rif, viðhaldsdýpkun, fjarlægja nagg í innsiglingu | | | | 2,2 | 2,2 | | | 0,0 | 2,2 | 2,2 |
| Reykhólahöfn | Dýkkun innan hafnar | | | | 15,2 | 15,2 | | | | 13,8 | 13,8 |
| | Smábátaaðstaða, flotbryggja | | | | 8,4 | 8,4 | | | | 10,9 | 10,9 |
| Vesturbyggð | Endurbygging stálþils | 71,5 | 63,5 | | 0,0 | 134,9 | 66,6 | 46,8 | 23,5 | 1,6 | 138,4 |
| Tálknafjörður | Endurbygging gömlu bryggju | | 63,5 | 24,7 | 0,0 | 88,2 | 0,0 | 36,7 | 31,9 | 20,8 | 89,4 |
| Bolungarvíkurhöfn | Gamla flotbryggja endurbyggð | | | 14,6 | 0,0 | 14,6 | | | 8,9 | 5,4 | 14,3 |
| Ísafjarðarhöfn | Uppsátur fyrir smábáta | | | 2,8 | 0,0 | 2,8 | | | | 2,8 | 2,8 |
| Drangsneshöfn | Endurbyggja þekju við krana | | | | 4,5 | 4,5 | | | | 4,1 | 4,1 |
| Dalvíkurhöfn | Smábátaaðstaða, dýpkun | | | 6,3 | | 6,3 | | | 9,2 | 0,3 | 9,6 |
| | Smábátaaðstaða, flotbryggja | | | 7,3 | | 7,3 | | | 7,6 | 1,4 | 9,0 |
| Hafnasamlag Norðurlands | Ísbryggja ÚA, stálþil | | 36,5 | 42,7 | | 79,2 | | 6,2 | 20,3 | 26,4 | 53,0 |
| Norðurþing | Viðhaldsdýpkun við Suðurgarð | | | | 9,1 | 9,1 | | | | 7,2 | 7,2 |
| Seyðisfjörður | Bryggja við bræðslu, lýsisbryggja endurbyggð | | | 18,5 | | 18,5 | | | 11,0 | 5,2 | 16,3 |
| Grindavíkurhöfn | Dýpkun og breikkun innrennu | | | 66,7 | | 66,7 | | | 58,7 | 0,1 | 58,7 |
| | | 71,5 | 163,4 | 183,6 | 39,4 | 457,9 | 66,6 | 89,7 | 171,1 | 102,5 | 429,9 |

**Höfn í Hornafirði**
Dýpkunarfélagið Trölli ehf. dýpkaði í höfninni. Heildarmagn dýpkunarefna sem fjarlægðir voru af öllum dýpkunarsvæðum samanlagt 52.875 m$^3$. Samkvæmt samkomulagi við verktaka greiðist fyrir 25.000 m$^2$ á árinu en afgangurinn greiðist árið 2014. Ekkert verður dýpkað árið 2014 því dýpkað var í einu fyrir bæði árin.
Framkvæmdakostnaður: 31,7 m.kr.

**Landeyjahöfn**
Að loknu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu var gengið til samninga við Björgun ehf. um dýpkun í Landeyjahöfn. Samningurinn gildir til 28. febrúar 2015 með ákvæði um framlengingu um eitt ár af hálfu verkkaupa. Um vorið dýpkaði Björgun ehf. um 189.792 m$^3$ til að opna höfnina. Siglingar um Landeyjahöfn hófust 19. mars. Um haustið var dýpkað um 80.328 m$^3$ til að lengja opnunartíma hafnarinnar. Nægjanlegt dýpi var fyrir Herjólf í höfninni fram í desember. Í allt var dýpkað um 269.820 m$^3$ á árinu.
Samið var við Ísar ehf. að loknu útboði um byggingu á þjónustubryggju í Landeyjahöfn. Samninsgupphæð var 26,8 m.kr. sem er 28% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Bryggjan er 20 m langur stálþilsbakki staðsettur innst í höfninni. Verkið fólst í niðurrekstri á stálþilsplötum og frágangi á festingum. Ennfremur að steypa kantbita, þekju og ganga frá lögnum ásamt því að smíða tvo stormpolla. Einnig var steypt undirstaða fyrir löndunarkrana. Verktaki hóf vinnu við verkið í mars og var því að fullu lokið í maí.
Löndunarkrani var keyptur af Vélasölunni ehf. Kraninn er uppgerður skipskrani með lyftigetu upp á 24 tonn metra.
Að lokinni verðkönnun var samið við Jónas Örn Hreiðarsson um breytingu á farþegaaðstöðunni í Landeyjahöfn og smíði á mastursshúsi. Verkið fólst í breytingum innanhúss til að stækka miðasöluna. Einnig var byggt mastrshús við hliðina á farþegaaðstöðunni undir radarmastur. Verktaki hóf vinnu við verkið í janúar og var því að fullu lokið í apríl.
Siglingastofnun sá um uppsetningu á radar og mastri. Mastrið er grindarmastur 23 m að hæð fengið frá Carl C a/s í Danmörku. Radarinn er venjulegur skipsradar en hugbúnaðurinn til greiningar á gögnum frá radar er frá OceanWaves í Þýskalandi. Radarkerfið gefur upplýsingar um strauma, ölduhæð og öldustefnu. Þessar upplýsingar eru síðan sendar í rauntíma til skipstjórnarmanna á Herjólfi.



Binnabryggja í Vestmannaeyjum, 4. júlí 2013.

Landgræðsla ríkisins vann eins og fyrri ár að landgræðslu við Landeyjahöfn. Í ár var sáð í 62 ha og áburði dreift á um 200 ha. Einnig var gert við rofabakka sem myndast höfðu um veturinn.
Framkvæmdakostnaður 438,2 m.kr.

**Vestmannaeyjar**
Gengið var til samninga við Ísar ehf. um endurbyggingu Binnabryggju að loknu útboði. Samningsupphæð var 77.711.000 kr. sem er 90,2 % af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að reka stálþilsplötur framan við gamla stálþilið, ganga frá stögum og festingum. Steypa kant með pollum og ganga frá lögnum. Verkinu lauk á árinu.

**Þorlákshöfn**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Grindavík**
Engar ríkisstyrkatar framkvæmdir
Sjá einnig kafla um óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.

**Sandgerði.**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Reykjaneshöfn**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

**Vogar**
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

## Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir

**Faxaflóahafnir sf.**
Framkvæmdum og fjárfestingarverkum Faxaflóahafna á árinu 2013 var dreift á þær hafnir og þau hafnarsvæði, sem höfnin á og rekur í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi. Til varanlegra rekstrarfjármuna var alls varið á árinu 869 m.kr. Helstu málaflokkar framkvæmdaverka og kostnaður við þá á árinu 2013 eru sýndir í töflum b og c.

**Snæfellsbær**
Að lokinni verðkönnun var samið við Þ.G. Þorkelsson um að steypa aðkomuveg að Gilsbakka ásamt bílastæðum. Alls var steypt um 1.800 m$^2$ af 15 cm þykkri járnbentri þekju. Steypan var fengin frá steypustöðinni á Rifshöfn. Björn Arnaldsson hafnarstjóri var með umsjón og eftirlit á verkinu. Samningsverð 15,8 m.kr.

**Hafnasamlag Norðurlands**
*Akureyri:* Íslenska gámafélagið ehf. lauk vinnu við Togarabryggjuna (Löndunarbryggju ÚA), vinnan við hana var

Tafla b. *Faxaflóahafnir, fjárfestingakostnaður skipt á málaflokka.*

| Málaflokkar | m.kr. |
|---|---|
| Hafnarvirki | 559,5 |
| Land og lóðir | 45,5 |
| Götur | 79,0 |
| Húseignir | 154,6 |
| Tæki og búnaður | 30,4 |
| Kostnaður alls | 869,0 |

Tafla c. *Faxaflóahafnir, fjárfestingakostnaður skipt á hafnarsvæði.*

| Hafnarsvæði | m.kr. |
|---|---|
| Gamla höfnin | 269,6 |
| Sundahöfn | 309,9 |
| Grundartangi | 257,7 |
| Akranes | 1,4 |
| Tæki og búnaður | 30,4 |
| Kostnaður alls | 869,0 |

Tafla d. *Hafnasamlag Norðurlands.*

| | kr. |
|---|---:|
| Grímsey flotbryggja | 4.842.272 |
| Dysnes skipulagsvinna | 7.915.029 |
| Krossanes - syðri bryggja | 628.425 |
| Vesturbakki lóðakaup | 40.730.582 |
| Grenivík styrking á bryggju | 3.152.533 |
| Torufnefsbryggja | 589.357 |
| Sandgerðisbót smábátahöfn | 2.527.125 |
| Oddeyrarbryggja - girðing | 143.901 |
| Oddeyrarbryggja - girðing | 1.315.646 |
| Tangabryggja - bílaleigur | 1.826.916 |
| Oddeyrarbryggja | 1.417.854 |



*Ferjubryggja í Flatey 2009.*

unnin samhliða vinnu við Ísbryggjuna. Togarabryggjan er 117 m langur stálþilsbakki byggður framan við gamla bryggjukantinn. Sjá töflu d.

**Fjarðabyggð**

*Neskaupstaður:* Hafist var handa við framkvæmdir við stækkun Norðfjarðarhafnar og var framkvæmt fyrir 261,3 m.kr. Lokið var við endurnýjun gömlu bæjarbryggjunnar. Kostnaður við það var 5,6 m.kr. Hafist var handa við smíði nýrrar löndunaraðstöðu fyrir smábáta og keyptur löndunarkrani, kostnaður á árinu var 37 m.kr. Keypt var ein ný flotbryggja í stað ónýtrar einingar í smábátahöfnina og var kostnaður við það 6,6 m.kr.

*Eskifjörður:* Lokið var við frágang umhverfis smábátahöfnina fyrir 1,0 m.kr. Á árinu var farið í að grjótverja krika innan hafnarinnar á Eskifirði og var kostnaður við það 2,5 m.kr. Hafinn var undirbúningur að endurbótum á þekju frystihúsbryggjunnar á Eskifirði 2012 en verkið var unnið á árinu 2013 og var kostnaður við það á árinu 26.3 m.kr.

*Reyðarfjörður:* Lokið var við umhverfisfrágang við smábátahöfnina fyrir 1,4 m.kr. Keypt var girðingarefni í öryggisgirðingu við olíubryggju sem sett verður upp á næsta ári. Kostnaður við efniskaup var 1,6 m.kr. Við Mjóeyrarhöfn var lokið við að fjölgað gámatenglum til að mæta uppsöfnun frystigáma á milli skipa. Kostnaður var 0,3 m.kr. Hafinn var að nýju undirbúningur fyrir annan áfanga Mjóeyrarhafnar. Kostnaður á árinu 2,1 m.kr.

*Fáskrúðsfjörður:* Unnið var að undirbúningi við umhverfisfrágang við smábátahöfnina á Fáskrúðsfirði og framkvæmdir hafnar. Kostnaður var 12,8 m.kr. Smíðuð var bryggja í samstarfi við Minjavernd sem sett var framan við Franska spítalann. Kostnaður var 10,2 m.kr.

*Stöðvarfjörður:* Keypt var flotbryggja og landgangur til að fjölga plássum fyrir smábáta á Stöðvarfirði. Kostnaður var 8,1 m.kr. Áfram var unnið að undirbúningi og gerð gagna fyrir umhverfisfrágang við smábátahöfn á Stöðvarfirði. Kostnaður var 5,9 m.kr.

*Mjóifjörður:* Grjótvörn austan við bryggjuna á Mjóafirði var endurraðað og lagfærð. Kostnaður 2,4 m.kr. Hafist var handa við undirbúning að endurnýjun þekju við bryggjuna á Mjóafirði. Kostnaður á árinu var 0,5 m.kr.

**Grindavík**

Til viðbótar við styrkhæft verkefni, sem samið var um við Hagtak hf. árið 2012 og fólst í að dýpka innri hluta innsiglingarrennu, lét Grindvíkurhöfn dýpka svæði innan hafnar við eystri hafnargarð. Ennfremur var samið við Hagtak um að byggja 119 m grjótgarð sem afmarkar fyrirhugaða landfyllingu utan við Suðurgarð. Kostnaður Grindavíkurhafnar við þessar framkvæmdir var um 52 m.kr. Verktaki lauk vinnu við aukaverkin á árinu.

**Reykjaneshöfn**

Engar framkvæmdir voru á árinu.

**Hafnarfjarðarhöfn**

Engar nýframkvæmdir voru á árinu.

## Ferjubryggjur

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

*Flatey:* Samið við KN vélsmiðju ehf. um viðgerð á ferjubryggju. Framkvæmdakostnaður: 0,1 m.kr.

## Sjóvarnargarðar

*Grundarfjörður:* Endurbygging á sjóvörn við Framnes við Nesveg frestað. Framkvæmdakostnaður: 0,4 m.kr.

*Stykkishólmur:* Sjóvörn í Maðkavík, vörn framan við hús frestað. Framkvæmdakostnaður: 0,1 m.kr.

*Ísafjarðarbær:* Boðin var út hækkun á sjóvörn við Brimnesveg á Flateyri á um 150 m kafla og lenging á sjóvörn á Suðureyri fram yfir fiskverkunina

Tafla III. *Kostnaður við sjóvarnir 2013.*

| Staður | Heildarkostnaður m.kr. | 7/8 Ríkishluti m.kr. |
|---|---:|---:|
| Grundarfjörður | 0,4 | 0,3 |
| Stykkishólmur | 0,1 | 0,1 |
| Ísafjarðarbær | 13,8 | 12,0 |
| Húnaþing vestra | 0,0 | 0,0 |
| Blönduós | 6,2 | 5,4 |
| Skagaströnd | 0,4 | 0,3 |
| Hornafjörður | 0,0 | 0,0 |
| Vestmannaeyjar | 0,3 | 0,3 |
| Grindavík | 1,2 | 1,1 |
| Vogar | 2,2 | 2,0 |
| Sjóvörn óskipt | 1,3 | 1,1 |
| Samtals | 25,9 | 22,7 |
| Fjárveitingar til sjóvarna 2013 | | 106,2 |
| Ónýttar fjárheimildir frá 2012 | | -1,0 |
| Fluttar fjárheimildir til 2014 | | 82,5 |

Klofningu. Verkin voru boðin út sem ein heild. Samið var við lægstbjóðanda Tígur ehf. Verkinu var ekki lokið um áramótin

Framkvæmdakostnaður: 13,8 m.kr.

*Húnaþing vestra:* Samið var við Norðurtak ehf. um að endurbyggja og styrkja sjóvörn við Hamarsrétt á Vatnsnesi. Framkvæmdir hófust ekki á árinu.

*Blönduós:* Boðin voru út þrjú verk á Blönduósi, við Brimslóð, við ós Blöndu og við Hafnarbraut alls um 290 m. Verkin voru boðin út sem ein heild ásamt sjóvörn við Sólvang á Skagaströnd. Samið var við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. í nóvember 2013. Verkinu er ekki lokið

Framkvæmdakostnaður: 6,2 m.kr.

*Skagaströnd:* Boðin var út 50 m sjóvörn við Sólvang á Skagaströnd. Verkið var boðið út með sjóvörnum á Blönduósi. Samið var við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. í nóvember 2013. Verkinu er ekki lokið

Framkvæmdakostnaður: 0,4 m.kr.

*Vestmannaeyjar:* Þar var í samgönguáætlun gert ráð fyrir styrkingu sjóvarnar við Þrælaeiði á um 150 m kafla. Unnið var að hönnun og undirbúningi verks en heimamenn ákváðu að fresta framkvæmdinni fram á næsta ár. Framkvæmdakostnaður: 0,3 m.kr.

*Grindavík:* Boðin var út bygging á tveimur sjóvarnargörðum í Grindavík, við Sjávarbraut og við golfvöllinn, alls um 190 m. Samið var við lægstbjóðanda, ÍAV hf. í desember 2013. Verkinu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 m.kr.

*Vogar á Vatnsleysuströnd:* Boðin voru út verk á þremur stöðum á Vatnsleysuströnd, við Vogaskóla og Vogatjörn, við Stóra Knarrarnes og við Narfakot. Samið var við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason ehf. í desember 2013. Verkinu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 2,2 m.kr.



Tafla IV. *Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 2013.*

| Fjárlagaliður | Höfn (fjárhæðir í m.kr.) | Flutt til 2013 | Sérstök tilfærsla 2013 | Fjárlög og fjáraukalög 2013 | Ríkishluti framkvæmda 2013 | Flutt til 2014 |
|---|---|---:|---:|---:|---:|---:|
| 6.70 | Hafnabótasjóður | | | | | |
| | Snæfellsbær | 0,0 | 2,2 | 0,0 | 2,2 | 0,0 |
| | Stykkishólmur | 0,0 | 0,0 | 35,2 | 7,2 | 28,0 |
| | Reykhólar | 0,0 | 21,6 | 0,0 | 24,8 | -3,2 |
| | Vesturbyggð | -11,1 | 11,0 | 0,0 | 1,6 | -1,7 |
| | Tálknafjörður | 11,4 | 0,0 | 0 | 20,8 | -9,4 |
| | Bolungarvík | 1,3 | 0,0 | 0,0 | 5,4 | -4,1 |
| | Ísafjarðarbær | 42,2 | 0,0 | 0 | 33,4 | 8,7 |
| | Súðavík | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0,0 |
| | Drangsnes | 0,0 | 2,3 | 2 | 4,1 | 0,2 |
| | Hólmavík | -0,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | -0,7 |
| | Skagaströnd | 0,0 | 0,0 | 16,6 | 6,8 | 9,9 |
| | Skagafjörður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| | Dalvíkurbær | -1,5 | 0,0 | 9,0 | 1,8 | 5,7 |
| | Grímsey | 5,9 | 0,0 | 10,8 | 4,6 | 12,1 |
| | Hafnasamlag Norðurlands | 42,1 | -11,0 | 0,0 | 26,4 | 4,7 |
| | Norðurþing | 21,1 | 0,0 | 43,8 | 74,2 | -9,3 |
| | Langanesbyggð | -1,4 | 0,0 | 68,9 | 83,7 | -16,3 |
| | Vopnafjörður | 0,3 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0,3 |
| | Seyðisfjörður | 5,2 | 0,0 | 0 | 5,2 | -0,1 |
| | Djúpivogur | 21,9 | 0,0 | 0 | 21,8 | 0,1 |
| | Hornafjörður | -0,2 | 0,0 | 23,3 | 19,0 | 4,2 |
| | Vestmannaeyjar | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| | Grindavík | 0,1 | 0,0 | 0 | 0,1 | 0,0 |
| | Óskipt til viðhaldsdýpkana/ skjólgarða | 0,7 | -25,6 | 2,8 | 5,8 | -27,9 |
| | Óskipt til slysavarna | 0,0 | -0,5 | 0,0 | 0,0 | -0,5 |
| | Samtals 6.70 | 137,3 | 0,0 | 212,4 | 349,1 | 0,6 |
| 6.72 | Landeyjahöfn | 50,4 | 0,0 | 510,0 | 438,2 | 122,3 |
| 6.73 | Húsavíkurhöfn | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,3 | -2,3 |
| 6.76 | Ferjubryggjur | 32,3 | 0,0 | 3,1 | 0,1 | 35,3 |
| | Samtals allir liðir | 220,0 | 0,0 | 725,5 | 789,6 | 155,9 |

Tafla V. *Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2013.*

| Fjárlagaliður | | m.kr. |
|---|---|---:|
| 6.70 | Almennar hafnir | 212,4 |
| 6.72 | Landeyjahöfn | 510,0 |
| 6.76 | Ferjubryggjur | 3,1 |
| | Samtals | 725,5 |

Tafla VI. *Úthlutanir B-deildar Hafnabótasjóðs 2013.*

| Tjónastyrkir Staður | Upphæð kr. |
|---|---:|
| Snæfellsbær, Ólafsvík | 14.300.000 |
| Fjallabyggð, Ólafsfjörður | 9.000.000 |
| Samtals | 23.300.000 |
| Styrkir alls | 23.300.000 |

Tafla VII. *Fjárveitingar til sjóvarna 2013 (fjárlagaliður 06-661 (6.80) með fjárveitingum ársins og ónotuðum fjárheimildum í upphafi árs).*

| Sveitafélag | Upphæð í kr. |
|---|---:|
| Grundarfjörður | 4.400.000 |
| Stykkishólmur | 1.300.000 |
| Ísafjarðarbær | 21.200.000 |
| Húnaþing vestra | 2.300.000 |
| Blönduós | 19.600.000 |
| Skagaströnd | 4.600.000 |
| Langanesbyggð | 178.802 |
| Mýrdalshreppur | -8.936.690 |
| Vestmannaeyjabær | 21.765.335 |
| Grindavík | 15.300.000 |
| Reykjanesbær | -2.611.118 |
| Vogar | 25.000.000 |
| Óskipt | 1.108.924 |
| Samtals | 105.205.253 |

## Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða

**Snæfellsbær**

*Ólafsvík:* Boðin var út vinna við endurbyggingu á fremri hluta Norðurgarðs. Samtals er gert ráð fyrir að um 2.450 m$^3$ af grjóti þurfi í verkið að auki endurröðunar á um 800 m$^3$ af grjóti sem riðlast hefur til í garðinum. Efni til verksins er fengið úr grjótnámu við Efri Höfða á Rifi. Samið var Stafnfell ehf. um framkvæmdina að loknu útboði. Verk er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 3,4 m.kr., þar af ríkishluti 2,0 m.kr.

# Fylgiskjal 4 Umhverfismál

## Umhverfismál

Vegagerðin hefur einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfismálum. Hún hefur haft umhverfisstefnu að leiðarljósi frá árinu 1998 og skuldbundið sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

Þýðingarmiklum umhverfisþáttum er stýrt með verklagsreglum, vinnulýsingum, leiðbeiningum, útboðsgögnum o.fl. Vegagerðin vaktar þýðingarmestu umhverfisþættina og heldur grænt bókhald til að tryggja stöðugar umbætur, í samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarstaðla ISO 14001.

Umhverfisþættir í starfsemi Vegagerðarinnar eru ákvarðaðir út frá greiningu á starfseminni. Möguleg umhverfisáhrif eru metin og afstaða tekin til mikilvægis umhverfisþáttanna, með hliðsjón af umhverfisstefnunni, verklagsreglu um greiningu umhverfisþátta og vinnureglu um umhverfisáhrif og mat á mikilvægi umhverfisþátta. Umhverfisstefnan var endurskoðuð á árinu 2014 vegna sameiningar verkefna Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Þýðingarmiklir umhverfisþættir (A-þættir) Vegagerðarinnar eru þeir sem verða fyrir áhrifum af rekstri hennar og framkvæmdum. Vegagerðin stýrir þessum umhverfisþáttum og vaktar þá eins og kostur er. Eftirtaldir þættir hafa verið metnir þýðingarmiklir, með aðferðum ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins:

1. Röskun lands
2. Umferðarhávaði
3. Eldsneyti og olíur
4. Asfalt
5. Eiturefni og hættuleg efni
6. Spilliefni
7. Fastur úrgangur
8. Fráveitur og skólp

Þessum umhverfisþáttum er stýrt og þeir vaktaðir. Fleiri þýðingarmiklir umhverfisþættir (B-þættir) sem Vegagerðin telur nauðsynlegt að þekkja og stýra, en þó ekki nauðsynlegt að vakta, eru:

9. Gamlar námur
10. Steinefni
11. Loftmengun vegna umferðar á vegum
12. Hálkuvarnir og rykbinding
13. Landgræðsla
14. Sprengingar
15. Frásog frá vélaverkstæðum
16. Aflagðar brýr



*Efnalager í þjónustustöð.*



*Norðfjarðargöng 7. nóvember 2013.*

Aðrir umhverfisþættir sem Vegagerðin telur ekki nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um eru veglýsing, vegrið, vegstikur, súrefni sem notað er við logsuðu, orku- og vatnsnotkun, pappír, skrifstofuvörur, tölvur, prentarar, heimilistæki, lítil raftæki, húsbúnaður, matvörur, timbur, málmar, hjólbarðar, varahlutir, vinnufatnaður, einnota rekstrarvörur o.fl. Sumum þessara þátta er stýrt með innkaupastefnu og -reglum. Vegagerðin vaktar nokkra þessara þátta fyrir grænt bókhald Vistvænna innkaupa, www.vinn.is, þótt það sé ekki nauðsynlegt skv. ISO-14001 greiningu.

## Grænt bókhald

Vegagerðin var fyrst ríkisstofnana til að færa grænt bókhald, en það hefur verið gert frá árinu 1998 og birt á heimasíðu stofnunarinnar frá árinu 2004.

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um þýðingarmestu umhverfisþættina í rekstri Vegagerðarinnar. Bókhaldið gefur notadrjúgar upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu. Vegagerðinni er ekki skylt að halda grænt bókhald en telur gagnsemi þess margþætta.

Með því að vakta umhverfisþættina má mæla árangur í viðkomandi málaflokki, bera saman á milli ára og sjá þróunina. Þannig er grænt bókhald mikilvæg leið til að meta stöðu og fylgja eftir árangri í umhverfismálum og þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru. Árangurinn mælist ekki aðeins í umhverfislegum ávinningi heldur oft einnig í fjárhagslegum sparnaði. Grænt bókhald er sömuleiðis tilvalinn vettvangur til að miðla upplýsingum um ástand hinna ýmsu umhverfisþátta til veg- og sjófarenda.

Vegagerðin hefur tekið þátt í verkefninu *Vistvæn innkaup* frá árinu 2011. Verkefnið er samstarfsvettvangur opinberra aðila um innleiðingu og vinnu að vistvænum innkaupum. Á vefsíðu verkefnisins www.vinn.is er birt frammistaða stofnana ríkisins í umhverfismálum og hægt að sjá hvernig Vegagerðin stendur sig í samanburði við aðrar ríkisstofnanir. Slíkur samanburður er reyndar erfiður þar sem rekstur Vegagerðarinnar er ólíkur rekstri hinna stofnananna. Á vefsíðunni eru birtar upplýsingar um notkun ríkisstofnana á pappír, ræstiefnum, eldsneyti o.fl.



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

# Fylgiskjal 5 Ársreikningur 2013 *)

## Staðfesting ársreiknings

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Starfsemi Vegagerðarinnar breyttist á árinu 2013. Þann 1. júlí varð samruni fjögurra samgöngustofnana þ.e. Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugmálastjórnar og Umferðarstofu. Niðurstaðan varð sú að myndaðar voru tvær stofnanir. Annars vegar framkvæmdastofnun sem áfram heitir Vegagerðin og stjórnsýslustofnun sem heitir Samgöngustofa. Frá gömlu Vegagerðinni fóru verkefni eins og umferðareftirlit og leyfisveitingar en til Vegagerðarinnar komu verkefni frá Siglingastofnun sem tengjast höfnum, vitum og sjóvarnargörðum auk umsjónarhlutverks með vaktstöð siglinga. Hafnarframkvæmdir voru fyrir samruna sérstakur fjárlagaliður 06-652 og verða þar áfram enn um sinn en önnur starfsemi fer undir 06-651 Vegagerðina.

Ársreikningur Vegagerðarinnar byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tekjuhalli 775,0 m.kr. á árinu 2013. Heildareignir námu 3.106,0 m.kr. í árslok. Heildarskuldir voru 19.444,1 m.kr. og eigið fé neikvætt um 16.338,1 m.kr.

Vegamálastjóri og forstöðumaður fjárreiðudeildar staðfesta hér með ársreikning Vegagerðarinnar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. júní 2014
Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.
Hannes Már Sigurðsson,
forstöðumaður.

### Rekstrarreikningur árið 2013

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | Skýring | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Bensíngjald | | 7.194.633 | 7.477.273 |
| Olíugjald | | 7.176.332 | 6.893.144 |
| Kílómetragjald | | 778.997 | 734.233 |
| Vitagjald | | 138.969 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 930.224 | 230.099 |
| Rekstrartekjur samtals | | 16.219.155 | 15.334.749 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Almennur rekstur | | 826.706 | 690.122 |
| Framkvæmdir | 6 | 6.439.546 | 5.214.769 |
| Viðhald | 7 | 5.294.475 | 4.526.019 |
| Þjónusta | 8 | 4.893.712 | 4.348.209 |
| Styrkir til ferja og sérleyfishafa | | 1.492.861 | 1.521.232 |
| Styrkir til almenningssamgangna | | 1.001.342 | 350.000 |
| Styrkir til innanlandsflugs | | 295.970 | 265.868 |
| Rannsóknir | | 166.021 | 139.817 |
| Vita- og hafnarmál | | 57.154 | 0 |
| Rekstrargjöld samtals | | 20.467.787 | 17.056.036 |
| Rekstrarhalli | | -4.248.632 | -1.721.287 |
| Fjármunatekjur | | 17.184 | 17.904 |
| **Tekjuhalli án ríkisframlags** | | -4.231.448 | -1.703.383 |
| Framlag ríkisins | | 3.456.433 | 746.500 |
| **Tekjuhalli ársins** | | -775.015 | -956.883 |

*) Framsetning á stöku liðum í ársreikningi getur verið á annan máta en hefðbundin framsetning í verkbókhaldi Vegagerðarinnar.

## Áritun endurskoðenda

**Til innanríkisráðuneytis**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vegagerðarinnar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vegagerðarinnar á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 26. júní 2014
Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.
Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | Skýring | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | |
| Eignarhlutir í félögum | | 10.000 | 214.000 |
| | | 10.000 | 214.000 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 718.691 | 722.481 |
| Viðskiptamenn | | 283.929 | 68.714 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningur | | 293.721 | 218.820 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 196.393 | 148.556 |
| Kröfur á gjaldendur | 3 | 704.628 | 601.782 |
| Handbært fé | | 898.607 | 388.358 |
| Veltufjármunir samtals | | 3.095.969 | 2.148.711 |
| **Eignir alls** | | 3.105.969 | 2.362.711 |
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll | 5 | 750.340 | 428.431 |
| Bundið eigið fé | 5 | -17.300.069 | -16.328.930 |
| Annað eigið fé | 5 | 211.594 | 211.594 |
| Eigið fé samtals | | -16.388.135 | -15.688.905 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuld við ríkissjóð | 2 | 17.706.941 | 16.717.306 |
| Lánardrottnar | | 1.737.163 | 1.334.310 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 19.444.104 | 18.051.616 |
| Skuldir samtals | | 19.444.104 | 18.051.616 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 3.105.969 | 2.362.711 |





## Sjóðstreymi árið 2013

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | |
| Tekjufall samkvæmt rekstrarreikningi | -775.015 | -956.883 |
| **Veltufé frá rekstri** | -775.015 | -956.883 |
| *Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum* | | |
| Birgðir (hækkun), lækkun | 3.790 | 35.665 |
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun | -340.942 | -64.098 |
| Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun) | 1.392.488 | 1.446.614 |
| | 1.055.336 | 1.418.181 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 280.321 | 461.298 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Eignahlutur í félögum | 204.000 | -193.800 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | 204.000 | -193.800 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Höfuðstóll frá Siglingastofnun | 125.785 | |
| Framlag ríkissjóðs | -3.456.433 | -746.500 |
| Skil markaðra tekna skv. fjárlögum | -16.222.363 | -16.360.000 |
| Greitt úr ríkissjóði | 19.578.939 | 17.123.421 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 25.928 | 16.921 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 510.249 | 284.419 |
| **Handbært fé á ársbyrjun** | 388.358 | 103.939 |
| **Handbært fé í árslok** | 898.607 | 388.358 |

## Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

**1. Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningur Vegagerðarinnar er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

**Skattar**

Eins og aðrar stofnanir sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á þá er Vegagerðin undanþegin skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

**Skráning tekna**

Tekjur eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

**Skráning gjalda**

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld sem tilheyra rekstrarárinu færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

**Verðtrygging**

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2014.

**Eignarhlutir í félögum, langtímakröfur**

Eignarhlutir í félögum og langtímakröfur eru færðar á nafnverði.

**Vörubirgðir**

Vörubirgðir eru metnar til eignar á síðasta innkaupsverði

**Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði

Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

**Handbært fé**

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

**Lífeyrisskuldbindingar**

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Vegagerðarinnar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hennar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

**Fjárheimildir, rekstur**

Í fjárlögum og fjáraukalögum er sýndur jöfnuður í rekstri Vegagerðarinnar með því að flokka með tekjum viðskiptahreyfingu að fjárhæð 919,7 m.kr. Þetta leiðir óhjákvæmilega til rekstrartaps á árinu 2013. Sértekjur urðu mun meiri en áætlað hafði verið. Það skýrist af því að Vegagerðin annaðist undirbúning við Vaðlaheiðargöng á árunum 2011 og 2012 og seldi Vaðlaheiðargöngum hf. verkið á árinu 2013.

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | Fjárlög / fjáraukalög | Reikningur | Frávik |
|---|---|---|---|
| Viðskiptahreyfing | 919.712 | 0 | 919.712 |
| Markaðar tekjur | 15.325.600 | 15.288.931 | 36.669 |
| Ýmsar tekjur | 287.421 | 947.408 | -659.687 |
| | 16.532.733 | 16.236.339 | 296.394 |
| Umdæmi almennur rekstur | 778.788 | 826.706 | -47.917 |
| Styrkir til ferja og sérleyfishafa | 1.495.000 | 1.492.861 | 2.139 |
| Styrkir til almenningssamgangna | 996.000 | 1.001.342 | -5.342 |
| Styrkir til innanlandsflugs | 338.000 | 295.970 | 42.030 |
| Rannsóknir | 148.000 | 166.021 | -18.021 |
| Þjónusta | 4.680.000 | 4.893.712 | -213.712 |
| Viðhald | 4.512.000 | 5.294.475 | -782.475 |
| Framkvæmdir | 6.864.000 | 6.439.546 | 424.454 |
| Vita- og hafnarmál | 177.378 | 57.154 | 120.224 |
| Gjöld samtals | 19.989.166 | 20.467.787 | -478.621 |
| Tekjur umfram gjöld | -3.456.433 | -4.231.448 | 775.015 |
| Framlag ríkisins | 3.456.433 | 3.456.433 | 0 |
| Tekjuhalli ársins | 0 | -775.015 | 775.015 |

**2. Viðskiptareikningur við ríkissjóð**

Í ársbyrjun var skuld á viðskiptareikningi við ríkissjóð 16.717,3 m.kr. Markaðar tekjur innheimtar á árinu námu 15.047,9 m.kr. Skil markaðra tekna samkvæmt fjárlögum námu 16.037,5 m.kr. Í árslok er skuld við ríkissjóð 17.706,9 m.kr.

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | -16.717.306 |
| Markaðar tekjur innheimtar 2013 | 15.047.876 |
| Skil markaðra tekna til Vegagerðarinnar skv. fjárlögum | -16.037.511 |
| Staða í árslok | -17.706.941 |

**3. Kröfur á gjaldendur**

Kröfur á gjaldendur kílómetragjalds, olíugjalds og þungaskatts námu 693,6 m.kr. í árslok. Í ársbyrjun voru kröfur samtals 601,8 m.kr. Hreyfingar á árinu greinast eftirfarandi:

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | |
|---|---|
| Kröfur á gjaldendur í ársbyrjun | 601,8 |
| Álagning markaðra tekna | 15.141,4 |
| Afskrifað | -1,7 |
| | 15.741,5 |
| Innheimta markaðra tekna | -15.047,9 |
| Kröfur á gjaldendur í árslok | 693,6 |

**4. Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Laun | 2.109.213 | 1.932.289 |
| Launatengd gjöld | 497.944 | 458.159 |
| | 2.607.157 | 2.390.448 |

Vinnulaun hækka um 176,9 m.kr. frá fyrra ári eða um 9,2%. Ársverk samtals voru 313 á árinu 2013 en 301 á árinu 2012. Ársverkum fjölgar um 12 frá fyrra ári eða um 9,2%. Laun á ársverk hækka um 5,0% milli ára.



*Vaðlaheiðargöng 31. ágúst 2013.*

**5. Eigið fé**

Höfuðstóll í ársbyrjun var 428,4 m.kr. Við bætist höfuðstóll frá Siglingastofnun 125,8 m.kr. Tekjuafgangur ársins var 196,1 m.kr. Höfuðstóll í árslok er 750,3 m.kr. Neikvætt bundið eigið fé er 17.300,1 m.kr. í árslok

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | Höfuðstóll | Bundið eigið fé | Stofnkostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 428.431 | -16.328.929 | 211.594 | -15.688.904 |
| Höfuðstóll frá Siglingastofnun | 125.785 | | | 125.785 |
| Tekjuafgangur ársins | 196.124 | | | 196.124 |
| Uppgjör markaðra tekna | | -971.140 | | -971.140 |
| Eigið fé í árslok | 750.340 | -17.300.069 | 211.594 | -16.338.135 |

**6. Framkvæmdir**

Framkvæmdir námu 6.439,5 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 5.214,8 m.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir samtals hækka um 1.224,7 m.kr. milli ára eða um 23,5%. Framkvæmdir 2013 skiptast þannig eftir verkefnum í stórum dráttum:

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | 2013 |
|---|---|
| Vestfjarðavegur 60-31 Eiði – Þverá | 1.543.727 |
| Norðfjarðargöng 92-10 | 1.167.175 |
| Hringvegur 1 um Múlakvísl | 332.357 |
| Hjóla og göngustígar | 283.362 |
| Norðausturvegur 85-43 | 228.640 |
| Hringvegur 1-d9, Hamragilsvegur – Litla kaffistofan | 218.069 |
| Hringvegur 1-d8, Hellisheiði | 177.425 |
| Landvegur 26-04 | 138.527 |
| Hróarstunguvegur 925-01 | 132.047 |
| Bætt umferðarflæði | 131.666 |
| Undirgöng við Hvaleyrarholt | 121.252 |
| Norðausturvegur 85-40 | 107.195 |
| Þingskálavegur 268-02 | 102.276 |
| Vatnsnesvegur 711-01 | 102.015 |
| Álftanesvegur 415-04 | 100.451 |
| Annað | 1.553.362 |
| Samtals | 6.439.546 |

7. **Viðhald**
Viðhald vega nam 5.294,5 m.kr. á árinu 2013 en var 4.526,0 m.kr. á árinu 2012. Viðhald vega hækkar um 768,5 m.kr. milli ára sem er 17,0% hækkun.

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | 2013 |
|---|---|
| Viðhald bundinna slitlaga | 2.294.027 |
| Styrkingar, endurbætur | 967.554 |
| Viðhald malarvega | 736.971 |
| Viðhald brúa | 553.935 |
| Umferðaröryggi | 366.834 |
| Annað | 375.154 |
| Samtals | 5.294.475 |

8. **Þjónusta**
Þjónusta við vegi var 4.893,7 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 4.348,2 m.kr. á fyrra ári. Þjónusta samtals hækkar um 545,5 m.kr. milli ára eða um 12,5%

| Fjárhæðir eru í þús.kr. | 2013 |
|---|---|
| Vetrarþjónusta | 2.595.406 |
| Vegmerkingar og vegbúnaður | 960.918 |
| Önnur þjónusta | 1.337.388 |
| Samtals | 4.893.712 |


*Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar í Hörpu 8. nóvember 2013.*


*Borgarfjarðarbrú, nýtt slitlag steypt á hluta brúarinnar 30. október 2013.*


*Vaðlaheiðargöng, bráðabirgðabrú fyrir vinnuumferð yfir Hringveg (1), 31. ágúst 2013.*


*Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs taka formlega í notkun göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárvoga í Reykjavík, 21. september 2013.*

## Myndir á baksíðu

1.1 Viti á Fjallskaga, 21. júní 2013.
1.2 Yfirlögn klæðingar í Öxnadal 9. júlí 2013.
2.1 Brú yfir Kjálkafjörð, unnið við millistöpul, 24. júní 2013.
2.2 Hróarstunguvegur (925) við Jökulsá á Dal, endurbygging 5,6 km, 29. ágúst 2013.









# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2013

**Vegagerðin, mars 2015**